



FRÉTTA BLAÐIÐ

20. október 2007 – 285. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR

Höfði opinn fyrir Hollywood

Nýr borgarstjóri áhugasamur um hugsanlega stórmynd um Leiðtogafundinn.



FÓLK 66

Friðarsúla eða niðstöng?

„Undanfarinn áratug hefur ekki verið blásið í herluðra án þess að ráðamenn Íslands séu komnir í fremstu vöglínu til að bjóða fram aðstoð sína,“ skrifar Svverrir Jakobsson.

Í DAG 16

Helgi og René bestir

Helgi Sigurðsson og René Carlsen voru bestu leikmenn Landsbankadeildar karla í sumar samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins.

ÍPRÓTTIR 62


Hús og heimili

Sara Björnsdóttir listakona á heimili sem henni finnst fallegt og þægilegt en hún féll fyrir íbúðinni um leið og hún sá hana.



Í MIÐJU BLAÐSINS

VEÐRIÐ Í DAG




HLÝTT - Í dag verður sunnan strekklingur. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til en skýjað með köflum og yfirleitt þurr á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 8-14 stig, hlýjast norðaustan til.

VEÐUR 4

Laugardagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007

Forstjóri gekk á dyr hjá Ratsjárstofnun

Forstjóri Ratsjárstofnunar hefur látið af störfum og kvatt starfsfólk sitt án þess að tilkynna það utanríkisráðuneytinu sem fer með yfirstjórn stofnunarinnar.

STJÓRNÝSLA Ólafur Örn Haraldsson, forstjóri Ratsjárstofnunar, hefur ákveðið að láta af störfum og hefur kvatt starfsfólk stofnunarinnar. Ólafur hefur ekki tilkynnt ákvörðun sína til utanríkisráðuneytisins, sem fer með yfirstjórn stofnunarinnar.

Grétar Már Sigurðsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, hefur reynt að hafa samband við Ólaf vegna ákvörðunar hans en án árangurs.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fundaði Ólafur með starfsmönnum sínum í vikunni til að greina þeim frá ákvörðun sinni; öðrum sendi hann tölvupóst eða kvaddi símleiðis. Grétar segist

ekki hafa séð tölvupóstinn en heyrta af honum. „Ég er að reyna ná í Ólaf til að fá að vita hvað liggur fyrir hjá honum, þar til get ég ekki tjáð mig mikið um málið.“

Gagnger endurskipulagning stendur nú yfir á starfsemi Ratsjárstofnunar sem starfshópur skipaður sérfræðingum utanríkisráðuneytisins vinnur að. Öllum 47 starfsmönnum stofnunarinnar var sagt upp störfum um miðjan ágúst. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins voru laun starfsmanna Ratsjárstofnunar hærri en annarra opinberra starfsmanna og var þeim sagt upp til að ná niður kostnaði. Eftir uppsögn starfsfólksins vildi Ólafur engar upplýsingar gefa um

laun starfsmanna eða hvort starfsmenn sem yrðu endurráðnir þyrftu að taka á sig launalækkanir.

Grétar segist ekki geta svarað fyrir það hvort Ólafur verði endurráðinn þegar endurskipulagningu er lokið. Undanfarna daga hefur starfsemi aðalskrifstofu Ratsjárstofnunar í Síðumúla í Reykjavík verið flutt í starfsstöð stofnunarinnar á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkflugvelli. Þeirri sameiningu er lokið. Grétar segist vona að hann geti leitað ráða hjá Ólafi vegna annarra breytinga á starfsemi Ratsjárstofnunar sem fram undan eru.

Ekki náðist í Ólaf Örn við vinnslu fréttarinnar. - shá / - kdk



HELGI MAGNÚS GUNNARSSON

Ákærendur stofna samtök:

Láta verjendum ekki eftir sviðið

DÓMSMÁL Ákærendur í sakamállum ætla ekki að láta verjendum og álitsgjöfum eftir sviðið hér eftir eins og hingað til. Þeir stofnuðu í gær Ákærendafélag Íslands, en félagið verður málsvari félagsmanna gagnvart almenningi.

„Fjölmiðlar eiga ekki að þurfa að sitja undir því að vera mataðir af aðilum sem gæta ákveðinna hagsmuna,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, formaður félagsins.

Hann segir ákærendur hingað til hafa haldið sig til hlés í umræðunni á meðan verjendur og álitsgjafar hafi látið ljós sitt skína. Ákærendur verði að leiðrétta rangfærslur og útskýra rök sín. Annað geti kostað þá traust almennings. - bj / sjá síðu 4

Húsleit í Austurbænum:

Lögreglan fann mikið magn stera

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu gerði mikið magn sterataflna og stungulyfja upptæk eftir húsleit í Austurbæ Reykjavíkur á fimmtudagskvöldið. Húsráðandi, karlmaður um fimmtugt, var handtekinn en honum var sleppt eftir skýrslutökur. Hann hefur áður komið við sögu lögreglu fyrir að hafa stera í fórum sínum. Fleiri hafa ekki verið handteknir vegna málsins, að sögn lögreglu.

Ekki fékkst uppgæfið hjá lögreglu hversu mikið magn stera er að ræða þar sem nákvæm talning hefur ekki farið fram.

Lögreglan varðist frekari fréttu af málinu í gærkvöld en rannsókn þess er á frumstigi. - shá



FANTAFJÖR „Stemmingin var frábær og það mættu ótrúlega margir,“ segir Heiður Baldursdóttir, verkefnastjóri frístundaheimilis Öskjuhlíðarskóla. Þau Kristinn Þorri Jóhannsson, 7 ára, og Arna Dís Ólafsdóttir, 9 ára, höfðu komið sér vel fyrir með veitingarnar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri vill ekki að mannlífið verði „sóttþreinsað“:

Ætlar að bjarga Kolaportinu

REYKJAVÍK „Það gengur ekki að skilja Kolaportið eftir á köldum klaka,“ segir nýr borgarstjóri Dagur B. Eggertsson. Hann vill taka upp viðræður við tollstjóra um að embætti hans fái bílastæði í grenndinni. Dagur kveður jafnframt tímabært að taka af skarið um Sundabraut á næstu mánuðum

og þar treystir hann á góða samvinnu við samgönguráðherra.

Þá segir Dagur að til greina komi að kaupa brunarústirnar í Lækjargötu. „Við getum auðvitað ekki haft hjarta Reykjavíkur eins og opið sár. Það finnst mér algjörlega útilokað,“ segir hann.

Borgarstjóri telur að við stækkun

Hringbrautar hafi yfirvöld ekki náð að hugsa hönnunina í takt við kröfur nútímans. Stórar umferðaræðar í íbúðahverfum skerði lífsgæði almennings.

Ný hugsun ríki nú í borgarmálum og tími sé kominn til að endurhugsa samgöngur og skipulag.

- kóp / sjá síður 30 og 32

Notaðir bílar

100% lán

Nú býst þér Golf Variant árgærd 2006

18.990 kr. á mánuði

BÍLAPING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

TENGI
MORA INXX
BLÖNDUNARTÆKI

www.tengi.is • tengi@tengi.is

Smíðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000
Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Fjalar, finnst Shatner sopinn góður?

„Já, hann flaskar ekki á því að velja réttu tegundirnar.“

Flaska af hinum íslenska Reyka-vodka sást í bandarísku lögfræðipáttunum Boston Legal á dögunum. Ein slík stóð á borði persónunnar Denny Crane, sem leikinn er af William Shatner. Fjalar Sigurðarson er ráðgjafi í kynningarmálum fyrir Reyka-vodka.

Mál útgerðarfélagsgagn Olís og Keri til meðferðar héraðsdóms á ný:

Dæmt skal í olíusamráðsmáli

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur fellt úr gildi frávisun Héraðsdóms Reykjavíkur á bótakröfu útgerðarfélagsgagn Olíuverslun Íslands hf. og Keri ehf. Héraðsdómur vísaði málinu frá 17. september þar sem talið var óljóst hvort skilyrði væru fyrir sameiginlegri ábyrgð olíufélaganna tveggja. Á það féllst Hæstiréttur ekki og héraðsdómara er falið að taka málið til efnismeðferðar á ný.

Mál útgerðarfélagsgagn Dala-Rafns ehf., frá Vestmannaeyjum er einkamál og eina mál útgerðarfélagsgagn hendir olíufélagsgagn vegna verðsamráðs. Mál fyrir-



SAMRÁÐ Bótakrafa útgerðarfélagsgagn Dala-Rafns gegn Olís og Keri verður tekin til efnismeðferðar á ný.

tækisins byggir á því að olíufélagsgagn hafi haft ólögmeitt samráð sín á milli um verðlagningu á

olíuvörum á árunum 1996 til og með meirihluta árs ársins 2001. Verðlagningin hafi valdið tjóni, þar sem verð á eldsneyti sem félagið keypti á tímabilinu hafi hækkað verulega vegna samráðsins. Aðalkrafa félagsins nemur 8,3 milljónum króna en það var Landssamband íslenskra útgerðarmanna sem hafði milligöngu um málið fyrir hönd útgerðarfélagsgagn. Önnur útgerðarfélög hafa ekki höfðað mál vegna samráðs olíufélaganna.

Olíuverslun Íslands og Keri er hvoru um sig gert að greiða sóknaraðila 150 þúsund krónur í keru-málskostnað.

-shá

Tvítugur piltur dæmdur:

Barði lögreglu og hótáði lífláti

DÓMSMÁL Tvítugur piltur hefur verið dæmdur í héraðsdómi í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að berja lögreglu-mann í andlítið. Jafnframt hótáði hann lögreglumanninum og tveimur öðrum lögreglumönnum, konum þeirra og börnum lífláti.

Lögreglumanninn barði pilturinn á bifreiðastæði á Akureyri. Hlaut hann talsverða áverka af högginu. Lögreglumanninum þremur hótáði pilturinn svo lífláti, svo og konum þeirra og börnum, í lögreglubifreið þegar verið var að færa hann af bílastæðinu og á lögreglustöð.

-jss



CHRISTOPHER PAUL NEIL Leit um heim allan bar árangur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögreglan í Taílandi:

Barnaníðingur handtekinn

TAÍLAND, AP Christopher Paul Neil, 32 ára kanadískur kennari, var handtekinn í Taílandi í gær. Hans hefur verið leitað um heim allan fyrir að niðast kynferðislega á drengjum í Kambódíu, Víetnam og Taílandi.

„Ég held hann hafi vitað að við værum að koma,“ sagði yfirmaður í taílesku lögreglunni, sem hafði upp á Neil eftir að hafa rakið símtöl hans og kunningja hans, sem hann hafði áður haft samband við í Taílandi.

„Hann vissi að handtökuheimild hafði verið gefin út og að ljósmynd af andlíti hans var út um allt.“

-gb

SVÁVARÚTVEGUR

Hólmatindur seldur

Hólmatindur, ísískstogari Esku á Eskifirði, hefur verið seldur og verður afhentur nýjum eigendum í Rússlandi í lok mánaðarins. Sölu skipsins bar brátt að en Hólmatindur hefur verið á söluskrá í þrjú ár.

Lettnir hjá GT flestir farnir úr landi

Lettnir þrettán, sem störfuðu fyrir GT verktaka á Kárahnjúkum, eru allir farnir úr landi nema einn sem er kominn með vinnu í Reykjavík. Ólgu hefur gætt á Austurlandi og eru tvö til þrjú mál til viðbótar í athugun.

VINNUMARKAÐUR Lettnir þrettán hjá starfsmannaleigunni Nordic Construction Line, NCL, sem unnu fyrir GT verktaka og Arnarfell við Hraunaveitu, eru farnir úr landi allir nema einn. Þessi eini er kominn til Reykjavíkur og búinn að finna sér vinnu þar.

Sverrir Mar Albertsson, framkvæmdastjóri Afsls starfsgreinafélags, segir að NCL hafi keypt flugfar fyrir mennina úr landi og gistingu fyrir þá í Keflavík en þeir fóru úr landi strax eftir að yfirheyrslum lauk fyrir Héraðsdómi Austurlands í vikunni.

Afl hafi sent með þeim litháískan túlk til Keflavíkur til að koma í veg fyrir hættu á því að mennirnir drægju framburð sinn til baka en þeir hafi verið blankir og óþreyjufullir að komast heim til sín. Litháinn sé fyrrverandi lögregluáður sem hafi jafnframt túlkað fyrir þá.

Nokkuð bar á ólgu á Austurlandi þegar mál Lettanna var sem mest í umræðunni. Sverrir segist hafa fengið talsvert af símtölum frá erlendu launafólki og íslenskum samstarfsmönnum og tvö til þrjú mál séu til skoðunar.

Kæra Afsls á hendur NCL og GT verktökum er nú til umfjöllunar hjá efnahagsbrotadeild Ríkislög-reglustjóra. Auður Ýr Steinarsdóttir fulltrúi segir að málið sé þar á frumstigi. Rannsóknin gangi út á það hvort peninga hafi vantað í launaumslög manna og hvort þeir hafi hugsanlega verið þvingaðir til að skrifa undir pappír.

Starfsmenn og starfsmannafélag GT verktaka ehf., hafa lýst yfir



VINNA VIÐ KÁRAHNJÚKA Afl starfsgreinafélags kærði starfsmannaleiguna NCL og GT verktaka fyrir að standa ekki rétt að launagreiðslum til erlendra starfsmanna sinna.



LETTARNIR FARNIR HEIM Lettnir þrettán, sem leituðu til Afsls starfsgreinafélags, eru komnir heim, að sögn Sverris Albertssonar framkvæmdastjóra.

stuðningi við fyrirtækið og stjórnendur þess og segja ólíðandi að sitja undir ósanngjarnri og hatrammi aðför að eigendum fyrirtækisins. Almennir starfsmenn og fjölskyldur þeirra hafi þurft að þola dylgjur, hrakryði og jafnvel hótanir frá ókunnugu fólki og því áskilji þeir sér allan rétt til skaðabóta vegna aðfarar að starfsöryggi þeirra og heiðri.

Í vitnaleiðslum yfir mönnum fyrir Héraðsdómi Austurlands bar

mönnum saman um að það hefði vantað í launaumslögini miðað við þær kvittanir sem þeir hefðu skrifað undir. Einhverjir þeirra hefðu staðfest móttöku með fyrirvara um að þetta væri ekki sama upphæð og þeir hefðu móttekið.

Tveir túlkar höfðu milligöngu um samskipti GT verktaka við Lettana. Annar túlkanna er farinn úr landi en hinn hefur verið úrskurðaður í farbann.

ghs@frettabladid.is

Verkföll í almenningsamgöngum halda áfram í Frakklandi annan daginn í röð:

Prófraun fyrir stefnu forsetans

FRAKKLAND, AP Parísarbúar og nærsveitamenn, sem sækja vinnu í frönsku höfuðborginni, máttu í gær þola annan daginn í röð fastir í umferðartappum í bílum sínum þar sem víðtækasta verkfall starfsmanna í almenningsamgöngum í tólf ár hélt áfram.

Verkfallið var að vísu ekki alveg eins víðtækt í gær og í fyrradag - einstaka strætó, jarðlest og grenndarlest gekk, en það voru líka fleiri á ferli þar sem margir völdu að taka sér frí úr vinnu á fyrsta degi verkfallsins til að forðast óngþveitið.

Með verkfallinu eru verkalýðsfélög opinberra starfsmanna að senda Nicolas Sarkozy og ríkisstjórn hans ótvíræð skilaboð um að þau hyggt ekki gefa baráttulaust eftir réttindi sem stjórnin hyggt svipta víska starfsmenn í nafni vinnumarkaðsumbóta- og samræmingaráætlunar sinnar.

Talsmenn stjórnarinnar segja hana hvergi munu hvika frá umbótaáformunum, sem meðal annars fela í sér að opinberir starfsmenn geti ekki farið á eftirlaun svo snemma sem um fimm tug. Talsmenn verkalýðsfélaganna segjast jafn staðráðnir í að verja þessi réttindi.

-aa

ÖNGÞVEITI Örtroð á lestarpalli í París í gær. Sumar lestir gengu, aðrar ekki.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP



FRÍ NÆRING

PTP HÁRSNYRTIVÖRUR

Þegar keypt er sjampó og hármótunarefni í PTP línunni fylgir PTP hárnæring frítt með.







299
Begónía



399
Gúmmitré



499
Stofuaskur

399
Alpafjóra



50%
Afláttur
Allar
pottaplöntur

Verð frá
249
Krýsi



Rýmingsarsala




50%
Afláttur
Allir
haustlaukar

Græna  torgið

Matjurtabók
í Skútuvogi

Auður Ottesen kynnir
bókina á milli kl. 14-16
í dag laugardag.




blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	59,69 59,97
Sterlingspund	122,24 122,84
Evra	85,21 85,69
Dönsk króna	11,43 11,496
Norsk króna	11,111 11,177
Sænsk króna	9,293 9,347
Japanskt jen	0,5161 0,5191

SDR	93,16	93,72
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
114,3106		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Handhafar ákærvalds stofna hagsmunasamtök og boða að rödd ákæranda muni heyrast í auknum mæli: Skylda ákæranda að upplýsa almenning

DÓMSMÁL Ákærendur hafa bundist samtökum sem meðal annars er ætlað að vera málsvari þeirra gagnvart fjölmiðlum og almenningi. Formaður hins nýja félags segir að líta megi á það sem skyldu ákæranda að upplýsa almenning, stundum hafi skort á að ákærendur hafi rödd í umræðunni um málefni þeim tengd. „Almenningur á ekki að þurfa að sitja undir einhliða athugasemdum. Fjölmiðlar eiga ekki að þurfa að sitja undir því að vera mataðir af aðilum sem gæta ákveðinna hagsmuna,“ segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra. Hann er nýr formaður Ákærendafélags Íslands, sem stofnað var í Þjóðmenningarhúsinu í gær. „Við viljum miðla af reynslu okkar og þekkingu og rétta af umræðuna,“ segir Helgi.



ÁKÆRENDAFÉLAG Björn Bjarnason dómsmálaráðherra og Bogi Nilsson ríkissaksóknari voru viðstaddir stofnfund Ákærendafélags Íslands í gær.

Hann segir ákærendur hingað til hafa haldið sig til hlés í umræðunni á meðan verjendur og ýmsir álitsgjafar hafi látið ljós sitt skína. Ákærendur verði að leiðrétta rangfærslur og útskýra sín rök. Annað geti valdið vantrausti hjá almenningi, sem sé alvarlegt mál. Athygli hefur vakið að settur ríkissaksóknari í Baugsmálinu hefur tjáð sig um gang mála og útskýrt ákvarðanir sínar í fjölmiðlum í meira mæli en tíðkast hefur meðal saksóknara. Helgi segir það tvímælaust fordæmi sem aðrir ættu að fylgja. „Ég er mjög ánægður með þessa aðferðafræði setts ríkissaksóknara í því máli,“ segir Helgi. Þessi stefna sé þó vandmeðfarin, og með þessu sé alls ekki verið að boða að ákærendur ætli sér að flytja mál í fjölmiðlum.



BJARTSÝNN Anders Fogh Rasmussen, t.h., ásamt gestgjafanum Jose Socrates í Lissabon.

Danmörk og ESB: Fogh boðar nýja Evrópustefnu

DANMÖRK Nú þegar Evrópusambandið hefur fengið uppfærðan sáttmála um stjórnskipan sína hyggst danska ríkisstjórnin efna til nýrrar þverpólítískrar sáttar um Evrópustefnu Danmerkur. Þessu hét Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra er hann hélt heim á leið af leiðtogafundi ESB í Lissabon í gær. Allt frá því Danir felldu Maastricht-sáttmálann í þjóðaratkvæðagreiðslu árið 1992 hafa þeir haft undanþágur frá þátttöku í vissum þáttum ESB-samstarfsins, sem ríkisstjórninni hefur lengi þótt vera orðnar tímaskekkja. Innleiðingu nýja ESB-sáttmálans vill Fogh Rasmussen nú nýta sem tilefni til að endurskoða Evrópustefnuna í samráði við alla flokka.

LEIÐRÉTTING

Í blaðinu í gær var missagt að Markús Sigurbjörnsson væri forseti Hæstaréttar Íslands. Hið rétta er að forseti Hæstaréttar er nú Gunnlaugur Claessen. Markús var forseti Hæstaréttar næst á undan Gunnlaugi.

Í undirfyrirsögn á forsíðu blaðsins í gær var skútan sem notuð var í fíkniefnasmyglinu á Fáskrúðsfirði ranglega nefnd Lucky Day. Þeirri skútu var siglt til Fáskrúðsfjarðar árið 2005, en sú sem notuð var í smyglinu í september síðastliðnum var ekki merkt.

Í Fréttablaðinu í gær var Geir Þorsteinsson sagður vera framkvæmdastjóri KSÍ, hið rétta er að hann er formaður KSÍ.

Ekki hægt að útloka að stíflan bresti

Áhættumat vegna Urriðafossvirkjunar hefur verið kynnt fyrir íbúum Flóahrepps. Sveitarfélagið hefur ekki viljað setja virkjunina á aðalskipulag sitt. Oddvitinn segir jákvæðar breytingar geta orðið með stíflunni en fólk sé uggandi.

SVEITARSTJÓRNARMÁL „Á þessum fundi komu fram verulegar áhyggjur fólks vegna stíflunnar,“ segir Aðalsteinn Sveinsson, oddviti Flóahrepps.

Hönnuðir Urriðafossvirkjunar kynntu áhættumat vegna hennar fyrir íbúum Flóahrepps í fyrrakvöldi. Urriðafossvirkjun nær til þriggja sveitarfélaga, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps auk Flóahrepps. Aðeins Flóahreppur hefur ekki gert ráð fyrir virkjuninni í aðalskipulagi sínu.

Í áhættumatinu segir að ef verður að byggingu stíflunnar yrði hún staðsett á mjög virku jarðskjálfta- og sprungusvæði. Hættugreining hafi leitt í ljós að mikil sprungugliðnun þvert á stífluna í jarðskjálfta gæti orðið til þess að hún rofnaði þó að hönnun stíflunnar miðist við stærsta jarðskjálfta sem búast megi við á svæðinu. Líkurnar á því væru þó aðeins 1 á móti 10.000. „Niðurstaðan er að ólíklegt er að stíflan bresti auk þess sem ekki myndu verða hamfarafloð ef svo yrði,“ segir Aðalsteinn og bendir auk þess á að með stíflu mætti koma í veg fyrir náttúruleg flóð af völdum ísingar.

Landsvirkjun hefur fyrirhugað að reisa þrjár virkjanir í Neðri-Þjórsá og nefnast þær Hvammsvirkjun, Holtavirkjun og Urriðafossvirkjun. Í júní ákvað sveitarstjórn Flóahrepps að ekki yrði gert ráð fyrir virkjun í aðalskipulagi og segir í samþykkt þeirra um málið: „Meginástæða þess er að sveitarstjórn telur ekki nægilegan ávinning af slíkr



URRIÐAFOSS Fossinn er sá vatnsmesti á landinu. Oddviti Flóahrepps segir að ljóst sé að fossinn verði ekki svipur hjá sjón eftir virkjun en á móti komi að náttúruleg flóð af völdum klakamyndunar myndu stöðvast.

virkjun fyrir Flóahrepp og íbúa hans né að bættur verði sá skaði sem áhrif virkjunarinnar hefði á vatnsverndarsvæði, ferðaþjónustu, lífríki í Þjórsá og landnotkun í nágrenni virkjunarinnar.

„Landsvirkjun kynnti okkur þá ákveðnar hugmyndir um mótvægisáðgerðir og tókum við málið aftur til athugunar,“ segir Aðalsteinn. Hann segir þær áðgerðir fyrst og fremst hafa falist í úrbótum á samgöngu- og vatnsveitumálum. Krafðist sveitarstjórnin þess einnig að fá áhættumat vegna framkvæmdanna.

Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segir að vegna þeirra kröfu hafi verið ákveðið að flýta vinnu í tengslum við Urriðafossvirkjun til að fá sem fyrst niðurstöðu frá Flóamönnum. Aðalsteinn segir umhverfisáhrif vegna virkjunarinnar verða töluverð en á móti komi að þarna verði um endurnýjanlega orku að ræða. „Við spyrjum okkur samt að því hvern vanti eiginlega þessa virkjun. Okkur er ekki sama hvert orka hennar verður seld og á hvaða verði,“ segir Aðalsteinn.



MEÐ BIBLÍU Í HÖND Ólafur Ragnar Grímsson og herra Sigurbjörn Einarsson biskup ræða saman fyrir utan Dómkirkjuna.

Biblían í nýrri þýðingu: Forsetinn fékk fyrsta eintakið

TRÚMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, tók við fyrsta eintaki Biblíunnar í nýrri þýðingu í Dómkirkjunni í gær. Herra Karl Sigurbjörnsson biskup, sem er jafnframt forseti Hins íslenska biblíufélags, afhenti forsetanum Biblíuna af hálfu félagsins og JPV útgáfu.

Að athöfninni lokinni gengu biskup og forráðamenn kirkjunnar yfir í Alþingishúsið og afhentu Sturlu Bööðvarssyni, forseta Alþingis, Geir H. Haarde forsætisráðherra og Birni Bjarnasyni dóms- og kirkjumálaráðherra Biblíur, enda hefur Alþingi og ríkisstjórn stutt við þýðingarstarfið.

Verkalýðsfélags Akraness: Leiðréttir laun

VINNUMARKAÐUR Verkalýðsfélag Akraness hefur sótt tæpar sex milljónir króna í leiðréttingu á launum félagsmanna sinna síðustu þrjú árin. Stærsta leiðréttingin var í máli fimmtán Pólverja sem fengu 100 þúsund krónur hver fyrir þriggja mánaða vinnu. Verkalýðsfélag Akraness hefur undanförunu laga mikla vinnu í að fá laun leiðrétt, að sögn Vilhjalms Birgissonar formanns félagsins.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

NOKKUD VINDASAMT
Það er frekar erfitt að benda á besta veðrið þessa helgina. Í dag verður einna besta veðrið norðaustan og austan til en þó þannig að fyrir austan er að sjá strekkingsvind og austan til á Norðurlandi gæti dropað síðdegis í dag.

VOPNAFJÖRÐUR
Milli klukkan átta og níu í gærmorgun mældist hitinn á Skjaldbings-stöðum við Vopnafjörð 20,6°C. Þetta er ekki met því í október 1992 fór hitinn í 21,2°C

REYKJAVÍK Í DAG
Sunnan 8-13 m/s og skúrir. Hiti 8-12 stíg.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	9°C alskýjað	London	14°C léttskýjað	Friedrichshafen	6°C skúrir
Billund	9°C alskýjað	Paris	12°C hálfskýjað	Luxemborg	10°C hálfskýjað
Oslo	6°C skúrir	Amsterdam	12°C léttskýjað	Alicante	23°C hálfskýjað
Stokkhólmur	7°C hálfskýjað	Frankfurt	10°C hálfskýjað	Róm	15°C hálfskýjað
Gautaborg	10°C léttskýjað	Berlín	9°C skúrir	Las Palmas	26°C hálfskýjað

um hádegi »

á morgun

10-15 m/s austan til annars hægs, breytileg átt.

mánudagur

Vaxandi suðaustanátt með vætu.

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Alþjóðlegur beinverndardagur

HVAÐ GETUR LEYNST?



KOMDU OG TAKTU ÁHÆTTUPRÓF
Í SMÁRALIND KLUKKAN 13 Í DAG

Yfirborðið segir ekki allt

Við erum ólíkar. En allar óskum við okkur góðrar heilsu. Til að sú ósk rætist þurfum við að temja okkur hollar lífsvenjur og vita um leið hvaða þættir geta ýtt undir lævísu sjúkdóma — eins og t.d. beinþynningu. Hún þjakar einkum konur og veldur oft alvarlegum beinbrotum. Fram að því getur beinþynning verið einkennalaus og ósýnileg. Til að draga úr hættu á beinþynningu er okkur nauðsyn að vita hvernig við getum byggt upp sterk bein og viðhaldið þeim. **Finum lykilinn að góðri beinheilsu!**


BEINVERND
www.beinvernd.is

Í dag er Alþjóðlegur beinverndardagur og munu félagar úr Beinvernd hefja dreifingu á nýju áhættuprófi við Hagkaup í Smáralind og svara spurningum varðandi beinvernd. Á sama stað munu „landsliðskokkarnir“ bjóða upp á sjö metra langa kalkríka skyrköku. Athöfnin hefst kl. 13:00 með ávarpi verndara Beinverndar, Ingibjargar Pálmadóttur.

ÞAÐ ER BANNAÐ AÐ AUGLÝSA ÁFENGAN BJÓR



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAKE** BESTI VINURINN

VEISTU SVARID?



1. Hvað heitir þjálfari enska landsliðsins í knattspyrnu?
2. Hver eru frummál Biblíanar?
3. Hvaða leikfangabúð opnaði í Kópavogi á dögunum?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 94

Óvænt uppgötvun í bandarískum stjórnámálum:

Obama er skyldur Cheney

BANDARÍKIN „Það er svartur sauður í hverri fjölskyldu,“ sagði einn talsmanna Baracks Obama þurrlega, þegar fréttir bárust af því að hinn þeldökki demókrati, sem keppir nú að því að verða forsetaefni flokksins, sé skyldur repúblikaninum Dick Cheney, varaforseta Bandaríkjanna.

Lynne Cheney, eiginkona varaforsetans, segist hafa uppgötvað þennan skyldleika þegar hún var að grafast fyrir um uppruna fjölskyldu sinnar í Wyoming.

Þeir Cheney og Obama eru sem sagt skyldir í áttunda og níunda lið. Sameiginlegur forfaðir þeirra beggja var franskur húgenotti, Mareen Duvall að nafni.



FRÆNDUR Á ÞINGI Barack Obama ásamt eiginkonu sinni Michelle, börnum þeirra tveimur og Dick Cheney varaforseta þar sem Obama sver embættiseið sinn sem þingmaður í ársbyrjun 2005.

Kristján Gunnarsson:

Iðnaðarmenn standi vaktina

VINNUMARKAÐUR Ekki hefur verið mikið um brot á erlendum starfsmönnum á félagssvæði Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. Kristján Gunnarsson formaður segir að ein stærsta starfsmannaleigan, Wood, fari eftir réttum leikreglum en inn á svæðið komi ýmsir aðilar, sérstaklega í byggingariðnaði.

„Þar er grunur um að nokkuð sé gert af því að láta verkamenn vinna störf iðnaðarmanna. Eg veit um einn vinnustað þar sem tólf verkamenn voru að handlanga í einn múrara. Það vita allir að það er eitthvað skrítið við það,“ segir hann.

Deilur um Jerúsalemborg: Þingmenn skora á Olmert



EHUD OLMERT

ÍSRAEL, AP

Meirihluti þingmanna á Ísraelsþingi hefur skrifað undir áskorun til forsætisráðherra, Ehuds Olmert, þar sem þeir frábiðja sér að nokkur tilraun verði gerð til þess að afsala ísraelskum

yfirráðum yfir nokkrum hluta Jerúsalemborgar.

Áskorunin er samin í kjölfar þess að Olmert lét í það skína á dögunum að sér þætti koma til greina að viss hverfi borgarinnar yrðu undir stjórn Palestínanna ef um stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis semdist.

- aa

Fyrirverandi meindýraeyðir var dæmdur í Héraðsdómi Norðurlands eystra í gær:

Var með stórt byssusafn á glámbekk

DÓMSMÁL Fyrirverandi meindýraeyðir á Norðurlandi eystra hefur verið dæmdur í héraðsdómi fyrir brot á vopnalögum. Hann var með í vörslum sínum fjölda vopna, vopnahluta og skotfæra, sem hann geymdi hist og her á glámbekk í húsnæði fyrirtækis á Húsavík. Fyrirtækið var einkahlutafélag í eigu mannsins en það fór í brot á árinu 2005.

Þegar lögregla kom að húsinu, eftir að hafa fengið ábendingu um að vopnasafnið væri ekki í tryggri geymslu, voru dyr þess ólæstar. Þar voru eiturefni og skotvopn á við og dreif, samkvæmt framburði lögreglunnar. Þar lagði hún hald á átján byssur, haglabyssur, riffla og loftbyssur. Þær voru ekki í læstum byssuskáp eins og lög gera ráð fyrir.

Um tveimur mánuðum eftir þetta tilkynnti meindýraeyðirinn fyrirverandi lögreglu að brotist hefði verið inn á heimili sitt í nágrenni Kópaskers. Þar hefði verið stolið allmörgum haglabyssum, rifflum, skammbyssum, veiðiboga og skotfærum. Lögreglan hafði upp á megninu af vopnunum.

Maðurinn var dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundid fangelsi fyrir vörslu vopna með ólögumætum hætti.

VOPNASAFNIÐ Á HÚSAVÍK

- Husquarna haglabysa
- Stevens haglabysa
- Casnar haglabysa
- Fabarm Brescia haglabysa
- Omega model 30 pumpa
- Nikko M-1000
- Remington CBC
- Remington CBC
- Harrington & Richardson
- Iver Johnson riffill
- Toz riffill
- Loftrifill
- Loftrifill

VOPNASAFNIÐ SEM STOLIÐ VAR

- Whitetail hunter 16500 veiðibogi
- Sako Finnbear L61R riffill
- Winchester Mod. 94 riffill
- M80 haglabysa (útboraður riffill)
- Parker Hale Alpine Model Sporter riffill
- Brno Mod. 2 riffill
- Diana Mod. 6 loftskammbysa
- HW 35 (weihrauch)
- loftrifill.
- Husquarna GA-16 haglabysa
- Remington 1100 Diamond Anniversary haglabysa
- Remington 1100 haglabysa
- Skammbysa Mod. 1900 af óþektri tegund.
- Skammbysa, nafn- og númerslaus með utaná-
- Loftrifill
- Fabarm haglabysa
- AyA Eibar haglabysa
- Baikal haglabysa
- Remington 1100
- liggjandi hamri
- Junker Spain skammbysa
- Fjögur stykki skotgeymar í riffla og/eða skammbysur
- 3 pakkur með 26 haglabysum
- 28 stykki 9mm skammbysuskot.
- 50 stykki cal 45 skammbysuskot.

ljúffengur



Kjúklingur grillaður



Nýju heitu og girnilegu réttirnir frá Holta

Tikka masala með hrísgrjónum og grænmeti
Tikka-kjúklingur hefur alls staðar slegið í gegn.



Kjúklingabringa í sveppasósu með hrísgrjónum og grænmeti
Sigildur, bragðgöður réttur.



Grillaður kjúklingur – heill eða hálfur
Stendur alltaf fyrir sínu, heitur eða kaldur, sem aðalréttur, nesti eða í salatið.



Kjúklinga-lasagne ásamt grænmeti
Létt og nýstárlegt.



Á SIGURLEIÐ? Áskorandinn Donald Tusk meðal barna á lokadegi kosningabaráttunnar í Varsjá í gær.

Kosið til þings í Póllandi á morgun:

Borgaravettvangur tekur forystuna

PÓLLAND, AP Á endaspretti kosningabaráttunnar fyrir þingkosningarnar í Póllandi á sunnudag virðist Borgaravettvangur, frjáls-hyggjusinnað forystuafli stjórnanarandstöðunnar, vera á leið með að hafa betur en inholdsflokkurinn Lög og réttlæti, sem Kaczynskitvívurarnir í forseta- og forsætisráðherrastólum fara fyrir.

Kazimierz Marcinkiewicz, fyrirrennari Jaroslaws Kaczynski í embætti forsætisráðherra og fyrrum samherji tvívuranna, lýsti því yfir í útvarpsviðtali í gær að hann hygðist styðja keppi-

nautinn Donald Tusk, leiðtoga Borgaravettvangs, í þessum kosningum. Hann sagði það Póllandi hollt að hafa ekki sama flokkinn við völd bæði í forsætisráðuneytinu og forsetaembættinu.

Á síðustu vikum hafa Borgaravettvangur og Lög og réttlæti skipst á um forystuna í skoðanakönnunum, en nú á endasprettinum ber flestum könnunum saman um að Borgaravettvangur hafi vinninginn. Tusk þótti hafa betur er hann mætti Jaroslav Kaczynski í sjónvarpskappreiðum fyrir viku.

- aa

haust útsala

í ellefu daga

50%

afsláttur af völdum vörum

Sjóðheit tilboð:

Herra pólóbolir frá 999 kr.

Dömunáttföt frá 999 kr.


Casual Club dömubolir frá 500 kr.

Collection peysur 2 fyrir 1

Dömutöskur frá 1000 kr.

Valin ilmvoðn á hálfvirði

20% af öllum koddum og sængum



DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

Watson biðst afsökunar:
Vísindamanni vikið úr starfi

BANDARÍKIN, AP Bandaríski vísindamaðurinn James Watson, sem meðal annars er þekktur fyrir að hafa uppgötvað erfðaeftni DNA ásamt félaganum sínum Francis Crick, baðst á fimmtudag afsökunar á ummælum sínum um greindarfar beldökkra.

Hann sagðist vera „sem þrumu lostinn“ eftir að rannsóknarstofan, sem hann hefur starfað hjá í Cold Spring Harbor, sagðist ekki lengur vilja þiggja starfskrafta hans.

Watson sagðist í viðtali hafa miklar áhyggjur af framtíð Afríku vegna þess að Afríkubúar væru ekki jafn greindir og hvít fólk.

- gb

Rússneska utanríkisráðuneytið hefur kallað sendifulltrúa sinn heim frá Finnlandi:
Sagði inngöngu í NATO ógn

FINNLAND Rússneska utanríkisráðuneytið hefur kallað heim Vladimir Kozin sendifulltrúa sinn í Helsinki. Kozin hvatti Finna til að bíða með inngöngu í NATO í minnst fimmtán ár í fyrirlestri í finnska varnarmála-háskólanum í síðustu viku. Hann hefur einnig sagt í finnskum fjölmiðlum að Rússar upplifi væntanlega inngöngu Finna í NATO sem hernaðarlega ógn og að Finnar og Rússar ættu að halda sameiginlegar heræfingar.

Sendiherra Rússa í Helsinki, Alexander Rumjantjev, segir að þetta sé persónuleg skoðun Kozins og ekki opinber skoðun rússneskra stjórnvalda.

Arkadi Moshes stýrir rannsóknarverkefni um Rússland á vegum stofnunar um utanríkis-mál í Finnlandi. Haft er eftir honum í Hufvudstadsbladet að yfirlýsingar sendi-



ÓLIKLEGT Tarja Halonen, forseti Finnlands, telur ólíklegt að Rússar upplifi inngöngu Finnlands í NATO sem hernaðarlega ógn.

fulltrúans gangi ekki í bága við utanríkis-stefnu Rússa.

„Opinber stefna Rússlands er sú að hvert land ákveður sjálf sína utanríkis-stefnu. Um leið telur Rússland að stækkun NATO bæti ekki öryggið í þessum heimshluta,“ segir hann. „Stefna NATO að halda dyrunum opnum fyrir nýjum ríkjum pirrar Rússa. En mestan óróleika vekur þó áhugi fyrrverandi ríkja Sovétríkjanna, Úkraínu og Georgíu, á inngöngu í banda-lagið.“

Finnskir stjórnálamenn hafa farið varlega í viðbrögðum sínum, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat. Tarja Halonen, forseti Finnlands, hefur þó sagt að hún telji ólíklegt að Rússar skynji inngöngu Finna í NATO sem ógn.

- ghs



LEIRKER Á HÖFÐI Ein níu leirker má telja ofan á höfði þessa indverska dansara, sem vissulega er karlkyns, á hátíð níu náttu, þar sem hindúar fagna þeim níu formum sem gýðjan Shakti tekur á sig.

NORDICPHOTOS/AFP

Þingmaður VG spyr um RÚV:
Spurt um launakostnað



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

ALPINGI Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, lagði á fimmtudag fyrirspurn fyrir menntamálaráðherra um stjórnunarkostnað Ríkisútvarpsins ohf.

Árni spyr hver launakostnaður vegna útvarpsstjóra sé, og hver hann hafi verið fyrir ári síðan. Þá spyr hann hvort launakostnaður almennra starfsmanna hafi breyst í svipuðu hlutfalli.

Árni spyr einnig um þóknun stjórnarmanna Ríkisútvarpsins nú og fyrir ári. Þá er spurt um heildarkostnaðinn við yfirstjórn Ríkisútvarpsins nú og fyrir ári. - bj

Fyrrverandi fangi sakfelldur:
Með kókaín og LSD í fangelsi

DÓMSMÁL Fyrrverandi fangi á Litla-Hrauni hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Suðurlands til að greiða 450 þúsunda króna sekt til ríkissjóðs, en sæta ella fangelsi í 26 daga.

Maðurinn hafði smáræði af kókaíni og 44 skammta af LSD í fórum sínum í fangelsinu. Hann framvísaði fikniefnunum þegar leitað var í klefa hans.

Maðurinn mætti hvorki við þingfestingu málsins né boðaði forföll. Málið var því tekið til dóms samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

- jss

Byko verður bakhjarl:
Styrkir unga innflytjendur

STYRKUR Rauði krossinn í Kópavogi stendur fyrir tveimur verkefnum fyrir ungt fólk af íslenskum og erlendum uppruna í vetur.

Það verkefni sem ætlað er börnunum á aldrinum níu til tólf ára nefnist Enter og er starf Rauða krossins unnið í samvinnu við móttökuæild nýbúa í Hjallaskóla. Lögð verður áhersla á málörvun og fræðslu í gegnum leiki og vettvangsferðir. Eldri hópurinn nefnist Eldhugar en hann er fyrir 13 til 16 ára unglina. Vonir standa til þess að starf ungra innflytjenda í hópnum styrki þá til aukinnar þátttöku í íslensku samfélagi.

Bakhjarl verkefnanna er Byko en þar var ákveðið að styrkja ungmennastarfið með veglegu fjárframlagi.

- kdk

SNJÁVARÚTVEGUR

Vestmannaey sold

Útgerðarfyrirtækið Bergur-Huginn hf. hefur selt togarann Vestmannaey. Útgerðin fékk tvo nýja báta á árinu, Vestmannaey og Bergey, og var gömlu Vestmannaey í kjölfarið lagt. Skipið fær nýtt hlutverk hjá spænsku útgerðarfyrirtæki.

ALLT AÐ 700.000 KR. AFSLÁTTUR

100% BÍLALÁN

GLITNIR

100% BÍLALÁN

GLITI

KK FRÁ N1 VETRARDEKK FRÁ N1 VETRARDEKK

Notaðir bílaleigubílar frá AVIS

Aðeins 2 dagar eftir

Gjafabréf í Kringlunni fylgir með völdum bílum.

Kia Sorento Dísel

400.000

Ásett verð

2.750.000

Tilboð

2.350.000

Toyota Landcruiser LX

440.000

Ásett verð

4.290.000

Tilboð

3.850.000

Nissan Altima

700.000

Ásett verð

2.100.000

Tilboð

1.400.000

Suzuki Grand Vitara sjálfsk.

500.000

Ásett verð

1.850.000

Tilboð

1.350.000

Suzuki Grand Vitara

500.000

Ásett verð

1.750.000

Tilboð

1.250.000

Ford Focus sjálfsk.

360.000

Ásett verð

1.600.000

Tilboð

1.240.000

100.000 kr. gjafabréf fylgir

Kringlan

100.000 kr. gjafabréf fylgir

Kringlan

100.000 kr. gjafabréf fylgir

Kringlan

Nýja Bílahöllin

567 2277 NÝJA www.nyja.is

BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

OPIÐ: LAUGARDAG 10-16 - SUNNUDAG 12-16

Dropinn dýrkeyptur Exista enn stærri í Storebrand

Heimsmarkaðsverð á hráolíu rauk yfir 90 dali á tunnu á fjármálamörkuðum aðfararnótt föstudags en viðlíka verðmiði hefur aldrei áður sést á svartagullinu.

Tvennt liggur til grundvallar verðhækkuninni: Í fyrsta lagi stendur Bandaríkjadalur mjög lágt gagnvart helstu gjaldmiðlum, ekki síst evru, auk þess sem spennan á milli Tyrkja og Kúrdá í norðurhæruðum Írak hefur farið vaxandi í vikunni.

Verðið lækkaði um og yfir einn dal í gær og stóð hráolíuverðið í 88,37 dölum á tunnu á fjármálamörkuðum í Bandaríkjunum um miðjan dag í gær en verð á Brent Norðursjávarolíu í 83,87 dölum á tunnu.



DÆLT Á BILINN Verð á hráolíu fór í hæstu hæðir í gær en lækkaði snarlega eftir því sem á leið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjármálaskýrendur segja gagnadartöku fjárfesta skýra verðlækkunina að mestu og reikna með að verðið fari í hæstu hæðir á ný innan skamms. - jab

Exista og norska tryggingafélagið Gjensidige tilkynntu bæði í gær að þau hefðu aukið við sig í norska tryggingarísanum Storebrand. Exista flaggaði 5,56 prósentu hlut í félaginu í ágúst en hefur jafnt og þétt aukið hann í 8,5 prósent. Gjensidige flaggaði rétt rúmlega tíu prósentu hlut í gær. Kaupþing er stærsti hluthafinn í Storebrand með fimmtungshlut og fara íslensku félögin því með 28,5 prósentu hlut í tryggingafélaginu.

Exista greindi sömuleiðis frá því í gær að félagið hafi ákveðið að styðja við hlutafjárukningu og forkaupsréttarútbod í Storebrand í tengslum við kaup á sænska líftryggingafélaginu SPP og gæti aukið við hlut sinn í 9,9 prósent.

Fjallað verður um kaupin á SPP á hluthafafundi Storebrand á miðvikudag í næstu viku.

Sigurður Nordal, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Existu, segir kaupin skapa Storebrand leiðandi stöðu í líftryggingum og lífeyrisparnaði á Norðurlöndum, sér í lagi í Noregi og Svíþjóð. Hann bætir við að það hljóti að teljast styrkur fyrir Storebrand að hafa hluthafa eins og Existu sem eru reiðubúnir til þess að styðja við frekari vöxt félagsins: „Á því er enginn vafi og það hlýtur að vera jákvætt,“ segir hann. - jab

HÖFUÐSTÖÐVAR STOREBRAND Í ÓSLÓ
Exista á nú 8,5 prósentu hlut í norska tryggingafélaginu Storebrand.



Í LANDSBANKANUM Lánshæfismatsfyrirtækið Fitch Ratings segir bankana vel í stakk búna til að standa af sér lausafjárþurrð.

Staða íslenskra banka sögð góð

Íslensku bankarnir eru að mati lánshæfismatsfyrirtækisins Fitch Rating vel í stakk búna til að standa af sér þá lausafjárþurrð sem nú vofir yfir alþjóðamörkuðum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem fyrirtækið sendi frá sér í gær. Tónn skýrslunnar er töluvert jákvæðari en í skýrslu frá því í byrjun síðasta árs. Þá voru íslensku bankarnir gagnrýndir harðlega fyrir fjármögnun sína.

Í skýrslunni segir að bönkunum hafi tekist vel að minnka þörf sína fyrir skuldabréfa-fjármögnun. Það hafi þeim fyrst og fremst tekist með aukinni innlánastarfsemi, bæði frá einstaklingum og fyrirtækjum. Innlánshlutföll viðskiptabankanna þrígga hafa batnað til muna á þessu tímabili. Sérstaklega er tekið fram að Landsbankanum hafi tekist vel upp en hann fjármagnar nú 76 prósent útlána sinna með innlánunum. Hlutfallið er 46 prósent hjá Kaupþingi og 33 prósent hjá Glitni. - hhs



LEITAD Á NETINU Afkoma netleitarisins Google keyrði markaðsverðmæti fyrirtækisins yfir 12.000 milljarða króna markið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Gengi Google aldrei hærra

Hagnaður bandaríska netleitarisins Google nam tæpum 1,1 milljörðum dala, rúmum 66 milljörðum íslenskra króna, á þriðja ársfjórðungi. Þetta er heilum 46 prósentum meira en félagið skilaði í kassann í fyrra og nokkru yfir væntingum markaðsaðila.

Gengi hlutabréfa í Google hækkadi um tvö prósent á fjármálamarkaði í gærmorgun og fór í tæpa 700 dali á hlut. Það hefur aldrei verið hærra. Markaðsverðmæti fyrirtækisins, sem stofnað var fyrir níu árum, hefur hækkað frá ári og nemur nú rúmum tvö hundruð milljörðum dala, jafnvirði tólf þúsund milljörðum íslenskra króna. - jab



Skráning í kauphöll

Birting lýsingar 19. október

Fyrsti viðskiptadagur 23. október

SPRON hf. gefur út lýsingu í tengslum við skráningu félagsins í kauphöll og var birtingardagur hennar föstudagurinn 19. október 2007. Lýsingin er birt á heimasíðu SPRON, www.spron.is, og auk þess í fréttakerfi kauphallar og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Innbundin eintök verður hægt að nálgast frá 22. október næstkomandi og næstu tólf mánuði hjá SPRON Ármúla 13a í Reykjavík.

OMX Nordic Exchange Iceland hefur samþykkt að skrá SPRON hf. á Aðallista OMX og taka hlutabréf SPRON hf. til viðskipta frá og með þriðjudeginum 23. október næstkomandi.

Hlutafé

Heildarfjöldi útgefna hluta í SPRON hf. er 5.004.000.000 og er hver hlutur 1 kr. að nafnverði. Hlutirnir eru gefnir út rafrænt í kerfi Verðbréfaskráningar Íslands. Hlutirnir eru allir í einum flokki og allir jafn réttaháir. Samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er einstökum hluthöfum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara beint eða óbeint með meira en 5% af heildaratkvæðamagni nema SPRON-sjóðurinn ses. sem fer með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjäreign sína á hverjum tíma. SPRON-sjóðurinn er stærsti hluthafi SPRON og á nú 15,0% hlut. Stefna sjóðsins er að beita sér ekki eða hafa áhrif á stjórn SPRON að öllu jöfnu og langtíamarkmið sjóðsins er að eign hans nemi ekki meira en 5%.

Fyrirhuguð viðskipti 23. október

SPRON-sjóðurinn ses. er tilbúinn að selja í viðskiptakerfi kauphallar að hámarki 4,8% hlut í SPRON hf. á fyrsta viðskiptadegi. Markmiðið með sölunni er að stuðla að virkri verðmyndun á markaði. Kaupþing banki hf. mun hafa milligöngu um viðskiptin. Þegar og ef SPRON-sjóðurinn hefur selt 60% af áætluðu magni eða í síðasta lagi klukkan 14.00 á fyrsta viðskiptadegi eiga tveir viðskiptavakar valrétt á að kaupa af honum hluti í SPRON að fjárhæð 300 milljónir króna hvor á vegnu meðalverði þeirra hluta sem SPRON-sjóðurinn hefur selt í viðskiptakerfi kauphallar fram að þeim tíma.

Viðskiptavakt

SPRON hefur samið við Kaupþing banka hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. um viðskiptavakt á hlutabréfum félagsins eftir skráningu á OMX ICE. Viðskiptavakar munu sjá um markaðsvakt frá og með öðrum viðskiptadegi, 24. október 2007. Sömu skilmálar eru á vakt beggja aðila. Lágmark kaup- eða söluandvirðis tilboða er 15 milljónir króna og hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern 150 milljónir króna að markaðsvirði. Munur á kaup- og sölutilboðum er að hámarki 1,0% og frávik frá síðasta viðskiptaverði að hámarki 3,0%.

Útgefandi: Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.
Umsjónaraðili: Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf.

Kynningarfundur í dag, laugardag

SPRON hf. býður hluthöfum sínum og almenningi til kynningarfundar á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut, á morgun laugardaginn 20. október og hefst hann klukkan 13.00.



Reykjavík, 19. október 2007



Tilboðsdagar fyrir k

Kynntu þér tilboð
í Smáralind á
ekort.is
og e2.is

Samstarfsfyrirtæki e-kortsins í Smáralind

Föst endurgreiðsla

Tilboð helgina 18. – 21. október

BT	1,50%		
Burger King	7%	15%	endurgreiðsla
Byggt og búið	2%	15%	afsláttur af öllum pottum og pönnum
		20%	afsláttur af baðvogum
Café Adesso	5%	15%	endurgreiðsla
Carat - Haukur gullsmiður	5%	20%	aukaafsláttur af Laurens úrum
Coast	2%	15%	afsláttur af öllum vörum
Debenhams	2%	20%	afsláttur af öllum Pilgrim skartgripum fyrir dömur og herra
		20%	afsláttur af handklæðum og rúmfötum
Dorothy Perkins	2%	15%	afsláttur af öllum vörum
Ecco	2%	4%	endurgreiðsla
Evans	2%	15%	afsláttur af öllum vörum
Hagkaup	0,65%	25%	afsláttur af öllum heimilisvörum fyrir utan raftæki
Herragarðurinn	2%		
Isis	5%	10%	endurgreiðsla
Ís-inn	10%	20%	endurgreiðsla
Jane Norman	2%	15%	afsláttur af öllum vörum
Joe Boxer	10%	15%	endurgreiðsla
Karen Millen	2%	15%	afsláttur af öllum vörum og allt að 50% afsláttur af völdum vörum
Kaupfélagið	2%	4%	endurgreiðsla
Leikbær	2%		
Lyfja	0,65%	20%	afsláttur af vítamínum með gula miðanum
nammi.is	10%		
OASIS	2%	15%	afsláttur af öllum vörum
Office 1	1,50%	10%	endurgreiðsla
Pizza Hut	10%		Stór skammtur af brauðstöngum, stór pizza með tveimur áleggstegundum, könnu af gosi og ís fyrir allt að fjóra á 2.990 kr.
Skífan	2,50%		
Smárabíó	2,50%		
Smáaskóari	2%	15%	afsláttur af skóviðgerðum og 15% afsláttur af skóáburði
			ATH. sýna þarf kort við komu
Subway	3%	10%	endurgreiðsla
Steinar Waage	2%	4%	endurgreiðsla
Top Shop	2%	15%	afsláttur af öllum vörum
Útílíf	2%	20%	afsláttur af íþróttatöskum og íþróttabakpokum
Warehouse	2%	15%	afsláttur af öllum vörum og allt að 50% afsláttur af völdum vörum
Select Smáranum	1,5%		5 kr. afsláttur af eldsneyti

orthafa í Smáralind!

Dagana 18. – 21. október

Handhafar e-korta og e² Vildarkorta geta gengið að fjölda tilboða og því eins gott að missa ekki af einstöku tækifæri til að gera frábær kaup!
Sjáumst í Smáralind!



Heppilegt álag og vinnuaðstæður

UMRÆÐAN

Vinnuvernd

Forsenda þess að hægt sé að beita líkamanum heppilega við vinnu er að vinnuaðstæður séu ákjósanlegar. Því er mikilvægt að skipuleggja vinnu og vinnu-umhverfi þannig að álag á hreyfi- og stoðkerfið verði hæfilegt.

Fjölbreytni

Mikilvægt er að starfið og vinnuaðstaðan bjóði uppi á að starfsmaður breyti reglulega um vinnustöðu og að vinnuhreyfingar og verkefni séu fjölbreytt. Æskilegt er að geta setið, stadið og gengið á víxl við vinnuna þannig að eðlileg

tilbreyting skapist. Ef því verður ekki við komið þarf að gæta þess að standa reglulega á fætur þegar unnið er sitjandi og taka reglulegar hvíldir ef unnið er standandi með því að setjast.

Heppilegt álag við hönnun verkstöðva

Hönnun vinnuaðstöðu þarf að fullnægja ákveðnum grundvallarskilyrðum. Rými þarf að vera nægilegt svo starfsmenn geti unnið í þægilegri stöðu og hreyft sig óþvingað. Vinnurýmið þarf jafnframt að vera það stórt að auðvelt sé að koma við notkun allra nauðsynlegra vinnutækja, búnaðar, léttitækja, hráefnis, gagna o.s.frv.

Vinnuaðstaða þarf að vera þannig að hægt sé að laga hana að þörfum einstakra starfsmanna. Vinnuhæð á að vera þannig að starfsmaður geti unnið með beint bak, slakar axlir og lúti höfði sem minnst. Þægileg vinnuhæð við létt störf er 5-10 cm fyrir neðan olnboga. Fordast ber að vinna í/ofan axlarhæðar og fyrir neðan lærmiðju.

Ef margir nota sömu aðstöðuna er nauðsynlegt að auðvelt sé að hæðarstilla búnaðinn. Ef unnið er sitjandi þarf að vanda val á vinnustól og gæta þess að ávallt sé góður stuðningur undir fætur.



ÞÓRUNN SVEINSDÓTTIR

Verkefni og þeir hlutir sem notaðir eru mest við vinnuna þurfa að vera innan þægilegrar seilingar þannig að ekki þurfi að teygja handleggina eða vinda hrygginn. Nota skal léttitæki og tæknilegar lausnir þannig að ekki þurfi að lyfta eða bera nema í lágmarki.

Lýsing þarf að vera hæfileg og rétt staðsett svo nægileg birta falli á vinnuflötinn; einnig þarf að gæta þess að ekki verði glampamyndun t.d. í tölvuskjám. Röng lýsing getur leitt til þess að starfsmaður beiti sér ekki rétt í annars ágætri vinnuaðstöðu.

Forvarnir spara fjármuni og heilsu

Þegar byggja á nýja vinnustaði eða ráðast í breytingar skiptir miklu að sett sé skýr markmið um vinnuaðstöðu og líkamsbeitingu strax á hönnunarstigi og að þeim sé fylgt eftir í hönnunarferlinu. Mikilvægt er að nýta reynslu og þekkingu starfsmanna til að lausnir verði sem bestar. Með markvissri samvinnu allra hlutadeigandi er hægt að skapa góða vinnustaði þar sem fólki líður vel og skilar góðum afköstum – og um leið spara mikla fjármuni sem nýta má til uppbyggingar.

Höfundur er sjúkraþjálfari og deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu.

Dagur starfsráðgjafar

UMRÆÐAN

Starfsráðgjöf

Félag náms- og starfsráðgjafa heldur upp á dag náms- og starfsráðgjafar í annað skipti á Íslandi þann 20. október nk. Tilgangur þessa dags er að vekja athygli landsmanna á þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita og kynna strauma og stefnur í fræðigreininni.

Mikilvæg skref hafa verið stigin til eflingar náms- og starfsráðgjafar. Fyrst má nefna að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur fengið það verkefni að koma á náms- og starfsráðgjöf á vinnustöðum hjá símenntunarmiðstöðvum um allt land og verið er að ráða náms- og starfsráðgjafa í þessi störf. Þarna er komin ný áskorun í hendur náms- og starfsráðgjafa um að ná til enn fleiri einstaklinga og hvetja til símenntunar. Í



ÁGÚSTA E. INGÞÓRSDÓTTIR

annan stað kveður 10 punkta samkomulag KÍ og menntamálaráðherra á um að náms- og starfsráðgjöf verði styrkt. Stjórnvöld, í samstarfi við sveitarfélög landsins, þurfa að tryggja starfsgrundvöll náms- og starfsráðgjafar. Lögbinda þarf rétt nemenda til að hafa aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, að þeir njóti aðstoðar við náms- og starfsval og að vægi náms- og starfsfræðslu verði aukið. Gæði náms- og starfsráðgjafar haldast í hendur við menntun fagstéttarinnar. Tryggja þarf að nægilegt framboð sé af menntuðum náms- og starfsráðgjöfum á hverjum tíma og styðja við frekari uppbyggingu meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Til að markmið náms- og starfsráðgjafar nái fram að ganga er jafnframt mikilvægt að almenningur sé upplýstur um það að þessi þjónusta sé í boði, hvar hennar sé að leita og hvernig hægt sé að nýta sér hana.


Hér byggist allt á því að tryggja ákveðin gæði þjónustu, sinna hagsmunum ráðþega og að mikilvæg sér- og fagþekking skili sér inn í menntakerfið, út á vinnu- markaðinn og til almennings. Að sá sem leitar aðstoðar náms- og starfsráðgjafa geti verið viss um að sá sem þjónustuna veitir hafi tilskilda menntun og fagþekkingu. Hér er fyrst og fremst verið að hugsa um heill nemenda og annarra er njóta þjónustu náms- og starfsráðgjafa jafnframt því að tryggja fagleg vinnubrögð fagstéttarinnar. Lögverndun starfshættis náms- og starfsráðgjafa er ein af grunnforsendum þess að þetta gangi eftir.

Höfundur er formaður Félags náms- og starfsráðgjafa.

Vorsprung durch Technik www.audi.com

Audi A4 s-Line 2,0 lítra vél, stiglaus multitronic sjálfskipting, Bi-Xenon aðalljós, sóllúga, 17" álfelgur.

Verð 3.690.000 kr.


Audi

EINA SUNNUDAGSBLAÐIÐ



Eina blaðið með fréttir laugardagsins.

“Stefán Karl Stefánsson: Fjölskyldulífið og ferillinn í Hollywood.”

“Hver er vinur hvers? Allt um klíkurnar í stjórnmálaflokkunum.”

MENNINGAR- BLAÐIÐ FYLGIR ...



Knut Hamsun Einar Kárason
Harold Robbins Vigdís Grímsdóttir Kenzo Izu Valgarður Egilsson Snowdon Lávarður Þórunn Björnsdóttir Philip Griffith Jones BÍBÍ Ólafsdóttir Ralph Gibson Sigrún Davíðsdóttir Louise Bourgoise Gyrðir Eliasson Erwin Ervitt Ari Alexander Harold Pinter Ragnheiður Gyða Jónsdóttir Þorvaldur Þorsteinsson Nicola Lecca Bergsteinn Björgúlfsson Megas

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft

MAÐUR VIKUNNAR

Tryggðatröll og orkubolti

Samkeppni um lesmál hefur aldrei verið meiri og ytra áreiti veldur því að annað efni er nú lesið en á liðnum öldum. Þetta á þó ekki að hafa áhrif á málfar og stíl Biblíunnar. Hún á ávallt að vera fyrirmynd annarra bóka og hana á aldrei að sveigja í átt að óvandaðra talmáli og flötum stíl.

Þannig fórust Guðrúnu Kvaran prófessor orð í predikun í Háskólakapellunni á síðasta biblíudegi. Nú hefur JPV útgáfa gefið út Biblíuna í nýrri íslenskri þýðingu sem Guðrún hafði veg og vanda af ásamt fleirum því hún var formaður þýðingarnefndar Gamla testamentisins og nefndarmaður í þýðingarnefnd Nýja testamentisins. Í nýju Biblíunni er jafnrétti kynjanna haft að leiðarljósi því meðal breytinga frá eldri útgáfum má nefna að orðið bræður hefur víða vikið fyrir orðinu systkin.

Hvort persónulegar aðstæður Guðrúnar hafa haft hér einhver áhrif skal ósagt látið en hún er eina systirin í sex systkina hópi. Þar sem hún er elst kom það í hennar hlut að hafa vit fyrir bræðrum sínum í byrjun og reyndi hún lengi vel að halda stjórninni en enginn má við margnum. Þó gætir röggsemi hennar ávallt þegar systkina hópurinn kemur saman sem gerist oft á föstudagseftirmiðdögum í kaffi hjá móður þeirra á Sóleyjargötunni og alltaf á jóladag þar sem stórfjölskyldan hittist á sama stað yfir dýrðilegum málsverði. „Hún undirbýr allt fyrir jólabóðið og það nær enginn að gera neitt nema hún skipuleggi það,“ eru orð eins af bræðrum hennar sem jafnframt hrósar Guðrúnu fyrir góðan hómor og orðheppni.

Guðrún ólst upp á Sóleyjargötu 9 þar sem hún býr enn í dag. Hún var snemma námfús og ekki há í loftinu þegar hún var farin að lesa upphátt úr Njálu fyrir afa sinn, Einar Einarsson Kvaran. Leiðin lá í Ísaksskóla, Miðbæjarskólann, Kvennaskólann og Menntaskólann í Reykjavík. Atorka Guðrúnar sagði snemma til sín því hún var þátttakandi í félagslífi skólanna auk þess að vera í skátunum sem barn og fara með þeim í útleigur og á landsmót.

Að loknu stúdentsprófi 1963 hóf Guðrún nám í málfræði, bókmenntum og sögu við Háskóla Íslands og lauk kandidatsprófi haustið 1969. Lokaritgerð hennar fjallaði um Lilju Eysteins Ásgrímssonar, fyrirmyndir hennar og áhrif á

íslenskt mál. Guðrún nam norræn fræði og málvísindi við Georg-August háskólann í Göttingen og lauk þaðan doktorsprófi árið 1980. Starfskrafta hennar var þörf við Orðabók háskólans þar sem hún var fyrst ráðin sem sérfræðingur 1978 en síðan forstöðumaður frá árinu 1994 til 2006 að Orðabókin varð hluti af Stofnun Árna Magnússonar

í íslenskum fræðum. Frá árbúsundamótum hefur Guðrún jafnframt verið prófessor við heimspekideild Háskólans. Rödd hennar hefur oft borist á öldum ljósvakans, meðal annars í 202 þáttum um íslenskt mál og fjölmörgum málfragspurningum hefur hún svarað á vísindavef Háskólans.

En það er ekki bara á andlega sviðinu sem Guðrún er sterk. Hún er líka fjallafála og hlaupagikkur og hefur tekið þátt í maraþonum bæði hér á landi og í Vín en í þeirri miklu menningarborg dvelur hún mörgum stundum hjá manni sínum Jakobi Yngvassyni sem er prófessor við Vínarháskóla.

Sagt er að allir vildu Lilju kveðið hafa. Á sama hátt má ætla að allir vildu hafa þó ekki væri nema helming atgervis Guðrúnar

Kvaran. „Skörungur“ „Kjarnorkukona,“ „Orkubolti,“ og „Duglegasta kona sem ég þekki,“ segja vinir hennar og ættingjar. Um leið lýsa þeir henni sem tryggðatrölli og yndislegri mannesku, þægilegri í umgengni og einstaklega skemmtilegri. Hún hefur líka verið heiðruð fyrir opinber störf sín, meðal

annars í Félagi íslenskra fræða og á Bessastöðum var henni veittur riddarakross 17. júní síðastliðinn.

Miðað við rita- og fyrirlestraskrá Guðrúnar Kvaran mætti ætla að manneskjan hefði haft mörg hundruð ár til þeirra afkasta en svo er ekki því hún er enn á besta aldri og á vonandi mikið óskrifað og margt ósagt. Hún rís jafnan árla úr rekkju og vinnur langan vinnudag. „Kann ekki að segja nei og tekur allt að sér sem hún er beðin um en nær á einhvern ótrúlegan hátt að ljúka því öllu með glæsibrag,“ segir náinn ættingi. Nú er eitt af hennar stóru verkefnum í höfn sem er þýðing helgustu bókar kristinna manna. Það er henni eflaust fagnaðarefni því eins og Jesaja segir og Guðrún sjálf hefur vitnað til: „Grasið visnar, blómin fölna en orð Guðs vors varir að eilífu.“

GUÐRÚN KVARAN



ÆVIÁGRIP

Guðrún Kvaran prófessor við Háskóla Íslands er fædd í Reykjavík 21. júlí 1943. Hún er elst sex barna hjónanna Guðrúnar Kvaran Vilhjámsdóttur og Böðvars Kvaran Einarssonar sem er látinn. Bræður hennar eru Vilhjálmur, Böðvar, Gísli, Hjörleifur og Einar. Eiginmaður Guðrúnar er Jakob Yngvason, doktor í eðlisfræði og prófessor við Vínarháskóla. Þeirra börn eru Böðvar Yngvi, heimspekingur og þýðandi, og Steinunn Helga blaðamaður.

VANN SÉR TIL FRÆÐGAR

Sigraði í 5 kílómetra Vatnsmýrarhlaupi í flokki kvenna 50 ára og eldri 8. ágúst árið 2002.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hún er hefur kennt mér mikið og er mín helsta fyrirmynd. Passar að ég tali gott og rétt mál en hefur líka alltaf stutt mig í því sem mig hefur langað að gera. Ákveðin en alltaf sanngjörn og til í að skoða hlíðar annarra á málum þó hún sé ekki sammála. Manneskja sem lætur hlutina gerast.“

Steinunn Helgadóttir

Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið



SALTFÉLAGIÐ

HEIMILIÐ ER HEILAGT

Grandagarði 2
101 Reykjavík
Sími 578 7810
www.saltfelagid.is

RANDOM

HÖNNUÐUR
NEULAND

VERÐ
159.000 KR.

MÍÐAÐ VIÐ EINA HILLU.
81,6 CM Á BREIDD, 216,3 CM
Á HÆÐ OG 25 CM Á DÝPT.

HEIMILIÐ ER HEILAGT, ÞESS VEGNA SKIPTIR ÖLLU HVAÐ ÞAR ER INNSTOKKS



KANNA
7.930 KR.
STÓRT GLAS
1.465 KR.
LÍTIÐ GLAS
1.260 KR.
STÓRT GLAS Á FÆTI
1.660 KR.
LÍTIÐ GLAS Á FÆTI
1.334 KR.



Á kaffihúsinu sem **Te og kaffi** starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Og í **Eymundsson** má kaupa sér bækur um hönnun og lífsstíl til að lesa yfir kaffinu.



VERÐ
8.900 KR.

LOUNGE CHAIR & OTTOMAN

HÖNNUÐUR
CHARLES & RAY EAMES 1956
VERÐ
439.500 KR.



PLASTIC CHAIR

HÖNNUÐUR
CHARLES & RAY EAMES, 1950
VERÐ
19.900 KR.



Ég er mikið í símanum



Ég er í athvarfi fyrir heimilislaugar konur



Ég er á kafi í tískunni



Í dag söfnum við liði á eftirtöldum stöðum

Höfuðborgarsvæði

Garðabær	13-17	Kynning á Garðatorgi og í IKEA
Hafnarfjörður	13-17	Kynning í Firðinum
Kópavogur	13-17	Kynning í Smáralind
	13-16	Opið hús í Dvöl, Reynihvammi 43
Mosfellsbær	12-18	Opið hús í Þverholti 7
	13-17	Kynning í Kjarnanum
Reykjavík	13-17	Kynning á Laugavegi og í Kringlunni
	13-15	Opið hús í Konukoti, Eskihlíð 4
Akranes	13.00	Opið hús og kynning á Þjóðbraut 11
Búðardalur	13.00	Opið hús og kynning á Vesturbraut 12
Snæfellsbær	14-16	Opið hús og kynning í Mettubúð

Vesturland

Norðurland

Akureyri	10-16	Flóamarkaður í Viðjulundi 2
	11-16	Kynning á Glerártorgi
Blönduós	14-16	Opið hús og kynning á Húnabraut 13
Dalvík	11-14	Kynning í Samkaupum
Húsavík	11-13	Kynning í verslunum
Hvammstangi	13-14	Kynning í Kaupfélagi V-Hún.
Ólafsfjörður	13-15	Kynning í Sandhóli
Sauðárkrúkur	9-16	Kynning í Skagfirðingabúð
Siglufjörður	13-17	Kynning í Samkaupum
Egilsstaðir	12-16	Kynning í Samkaupum og Bónus
Eskifjörður	13-17	Kynning í Grunnskóla Eskifjarðar
Fáskrúðsfjörður	14-17	Kynning í Grímseyri
Hornafjörður	13-15	Kynning á Hafnarbraut 40
Vopnafjörður	13-17	Kynning í Kaupvangi

Austurland

Suðurland

Grindavík	14-17	Opið hús á Hafnargötu 13
Hveragerði	13-16	Opið hús í Austurmörk 7
Hvolsvöllur	14-16	Opið hús á Hvolfsvegi 31
Reykjanesbær	14-16	Opið hús og nytjamarcaður á Smiðjuvöllum 8
Selfoss	11.00	Opið hús og basar þrjónahóps á Eyravegi 23
	14-17	Kynning í Kjarnanum
Vestmannaeyjar	13-16	Opið hús og þrjónakaffi í Arnardranga
Vík	13-16	Opið hús og kynning í Félagsmiðstöðinni Oz
Ísafjörður	13-16	Námskeið fyrir heimsóknavini á Suðurgötu 12
Suðureyri	14-16	(sunnudaginn 21. október)
		Opið hús og kynning á Skólagötu 3

Vestfirðir

Ég er í
unglingavinnu



Ég er í
athvarfi
fyrir fólk
með
geðraskanir



Ég er á
dvalarheimili



ég er
sjálfboðaliði

 Rauði krossinn

Sjálfboðaliðar Rauða krossins um allt land kynna verkefni félagsins í dag og bjóða þér að ganga til liðs við Rauða krossinn.

Byggjum betra samfélag með Rauða krossinum

Sjálfboðaliðar Rauða krossins vinna ómetanlegt starf sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, mæta neyð og aðstoða þá sem eru hjálparþurfi af einhverjum orsökum. Þú getur gerst sjálfboðaliði, eða lagt okkur lið á annan hátt, í starfi sem leitast við að auka mannúð og bæta samfélag okkar.

Verkefnin eru gefandi, fjölbreytt og óþrjótandi – vertu með!


er styrktaraðili átaksins

 **Rauði krossinn**
Sími 570 4000 • www.raudikrossinn.is

Full búð af frábærum tilboðum



40% afsláttur

1.499 kr/kg, áður 2.515 kr/kg
Matfugls kjúklingabringur



35% afsláttur

844 kr/kg, áður 1.298 kr/kg
Goða hálfur niðursagaður skrokkur



23% afsláttur

999 kr/kg, áður 1.298 kr/kg
Goða Lambaofnsteik



40% afsláttur

855 kr/kg, áður 1.425 kr/kg
100% íslenskt ungnautahakk



Taktu 3 og fáðu stykkið á 99 kr

COOP safar, 1ltr
Appelsínusafi, eplasafi, ávaxtasafi



35% afsláttur

393 kr/kg, áður 605 kr/kg
Ísfugls kjúklingaleggir

full búð af frábærum tilboðum

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 18.–21. okt. eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlverfi Kópavogi - Höfn

Hreppsnefnd með stórmennskubrjálæði

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er sagt frá rúmenskri vandamálamynd, herdregng frá Sierra Leóne og hreppsnefnd sem tekur sig fullhátíðlega. Einnig er auglýst eftir fólki með lítinn munn en stór eyru og fjallað um merkilega heimildarmynd um syndir feðranna.



KÆRA DAGBÓK

Práinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 12. OKTÓBER.

Rúmensk vandamálamynd

Byrjaði að lesa „Engla dauðans“ fyrir Blindrabókasafnið. Ég lauk við að skrifa hana 25. ágúst og mér skilst að bókin eigi að koma út núna um mánaðamótin. Með því að lesa af kappi næstu daga tekst vonandi að sjá til þess að viðskiptavinir Blindrabókasafnsins geti fengið hljóðritun í hendurnar á sama tíma og bókin kemur út á prenti.

Síðdegis fórum við frú Sólveig austur í Bolholt. Í kvöld horfðum við á rúmenska mynd á geisladiski. Myndin heitir „4 mánuðir, 3 vikur og 2 dagar“ og fékk verðlaun í Cannes svo að ég hlakkaði mikið til að sjá hana. Frómt frá sagt varð ég fyrir sárum vonbrigðum. Ömurlegri og hráslagalegri mynd hef ég ekki séð. Söguþráðurinn greinir frá stúlku sem fer til skottulæknis í öloglega fóstureyðingu eftir 4 mánaða og 3 vikna meðgöngu. Þetta minnti mig helst á sænsku og norsku „vandamálamyndirnar“ sem ætluðu mann lifandi að drepa upp úr 1970, nema hvað þær voru miklu liflegri en þessi.

Það skal tekið fram að frú Sólveig sem er víðsýnni en ég var mér ekki sammála um að þetta væri ein af fimm verstu myndum allra tíma.

LAUGARDAGUR, 13. OKTÓBER.

Í sveitinni

Í dag var glatt á hjalla í Bolholti. Allir samyrkjubændurnir samankomnir til að stunda nautnalíf í mat og drykk.

Nú er bókavertíðin að hefjast. Ég var að klára að lesa bók sem heitir „Um langan veg – saga herdregngs“ eftir Ishmael Beah frá Sierra Leóne sem upplifði og tók þátt í skelfilegum blóðsúthellingum og styrjöld þegar hann var á aldrinum 12 til 16 ára.

Borgarastyrjöld í Afríku er dapurlegt umfjöllunarefni – eins og fóstureyðingin í rúmensku myndinni – en ég hreifst af bókinni meðan myndin gerði mig bara leiðan – og það getur verið gott að finna til. Mér fannst þetta vera sönn frásögn og hún snerti mig að sama



skapi mun meira en til að mynda „Flugdrekahlauparinn“ sem margir hafa lesið.

(Svo að það hvarfli nú ekki að nokkrum manni að ég hafi sérstakan áhuga á að tala um bækur frá útgefanda mínum, er rétt að það komi fram að mér finnst gaman að segja frá bókum sem ég les í dagbókinni minni. Sumar bækur kaupir ég, aðrar fæ ég lánaðar – og svo kemur það fyrir að útgefendur senda mér bækur. Hvernig svo sem bækurnar komast í mínar hendur gildir sú eina regla um umfjöllunina að ég tala aðeins um þær bækur sem hafa hrifið mig á einhvern hátt og mig langar til að fleiri fái hlutdeild í þeirri upplifun. Á bækur sem ekki hrifa mig nenni ég ekki að minnast).

SUNNUDAGUR, 14. OKTÓBER.

Eins-manns-orkuveita

Fór í bæinn fyrir hádegi til að mæta í Silfur Egils. Mér finnst

alltaf gaman að koma til hans. Hann er svo fljúgandi greindur og



fyrgist með menningarmálum, stjórnarmálum, fólki og atburðum af lifandi áhuga og nær að smita áhorfendur. Egill er svona eins-manns-orkuveita og RUV er heppið að hafa krækt í hann til sín.

Umræðuefnið var hin slysalega orkuútrás borgarstjórnar Reykjavíkur sem endaði með pólitískum dauðdaga gamla góða Villa og í augnablikinu

mundi ég ekki hika við að skrifa upp á 75% pólitíska örorku fyrir Gísla Marteín og Hönnu Birnu og 50% fyrir hinar bláklukkurnar.

Éger því miður ekki heppilegur í umræðuþætti þar sem flestir líta á það sem hættulegan veikleika að láta rök hafa áhrif á sig og líta á það sem tímasöun að hlusta á hvað annað fólk hefur að segja.

Það getur verið að það sé vitleysa í mér, en mér finnst nýliðun í pólitík byggjast á mjög háskalegum og einhæfum stöðlum. Augljóslega vantar fleira kvenfólk – en fyrst og fremst mundi ég auglýsa eftir fólki sem hefur lítinn munn en þeim mun stærri eyru.

Reyndar finnst mér ákaflega skrítið að í smákrummaskuði eins og Reykjavík – og jafnvel minni sveitarfélögum – skuli hreppsnefndarfólkið taka sig svo hátíðlega að það skiptir sér í formlegan minnihluta og meirihluta og reynir að apa eftir ríkisstjórn og stjórnarandstöðu. Það er dapurlegt að horfa upp á heila hreppsnefnd með stórmennskubrjálæði.

Ef eldgömul og eitruð flokkapólitík og flokkarígur væri ekki allt lifandi að drepa í þessu indæla landi okkar gæti borgarstjórnin starfað þannig að borgarfulltrúar tækju afstöðu til einstakra mála með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi – ekki hagsmuni flokksins síns. Þá fengju málefni að ráða, lýðræði að blómstra og gömlu flokksmaskínurnar fengju að ryðga á öskuhaugum sögunnar.

Í kvöld fann litla Sól málband ofan í skúffu og heimitaði að láta mæla sig. Hún telur að það sé mjög

eftirsóknarvert að verða stór. Það kom í ljós að hún er orðin hundrað sentimetrar á hæð, hefur tvöfaldað hæð sína síðan hún fæddist. Okkur fannst það báðum vel af sér vikið.



MÁNUDAGUR, 15. OKTÓBER.

Sigurður mæjónes

Hélt áfram að lesa á Blindrabókasafninu.

Núna er enn eina ferðina buíð að leggja fram frumvarp á Alþingi um að heimila sölu áfengis í matvöruverslunum.

Fyrir mína parta finnst mér áfengisvandamál þjóðarinnar vera svo risavaxið að ég skil ekki hvernig ábyrgir alþingismenn geta neitað að koma auga á það.

Fyrsti flutningsmaður tillögunnar, Sigurður Kári Kristjánsson, segir: „Ég held að það felist



ókostir í áfengi eins og í mörgum öðrum neysluvörum, t.d. majónesi.“

Þetta sýnir hvílikar mannvitsbrekkur það eru sem við veljum til forystu fyrir okkur. Að bera saman áfengi og mæjónes ber vott um mikla og einbeitta afneitun á áfengisvandamálinu. Í kvikmynd sem ég gerði einu sinni í Vestmannaeyjum og heitir „Nýtt líf“ var persóna sem hét Sigurður mæjónes – meira að segja hann var ekki svona



klikkaður.

Ef aðgengi er aukið að áfengi mun fólk drekka meira. SÁÁ telur að dauðsföllum af völdum áfengis muni fjölga um 50 á ári. Mér finnst ekki forgangsmál að stuðla að því.

MIÐVIKUDAGUR, 17. OKTÓBER.

Upplestur

Kláraði að lesa á Blindrabókasafninu. Bókin er 330 síður og það tók mig þrjá daga að lesa hana upphátt.

Mætti í fyrstu kynningu á bókinni hjá Oddfellow-stúku hér í bæ og fékk hlýlegar viðtökur. Það er skemmtilegt eftir alla einsemdina við að skrifa bók að fá að koma út á meðal

fólks sem hefur áhuga á bókum. Haustið 2003 las ég upp fyrir um 3.000 manns. Svo segja sumir að ég sé einfari!

FIMMTUDAGUR, 18. OKTÓBER.

Syndir feðranna

Var boðið á forsýningu á íslenskri heimildarmynd, „Syndir feðranna“, eftir Bergstein Björgúlfsson og Ara Alexander Ergis Magnússon.

Myndin segir frá drengjafangelsinu í Breiðavík sem var mikið til umræðu þegar DV og síðan Kastljós flettu ofan af ofbeldi og kynferðisglæpum sem drengir sem þar dvöldu urðu að þola.

Heimildarmyndin „Syndir feðranna“ er mjög mögnuð. Ég vildi óska að sem flestir sæju hana. Fyrir syndir feðranna er eingöngu hægt að bæta með því að forðast að endurtaka þær – sem er hægar sagt en gert því að syndin er lævis og lipur og tekur á sig nýjar og nýjar myndir. Þótt Breiðavík sé ekki lengur útrýmingarþúðir barnslegs sakleysis þá finnur illskan sér nýjan vettvang.

Stundum finnst mér að stjórnmalámen hljóti að koma frá annarri plánetu en ég:

„Enginn maður í flokknum er svo merkilegur að flokkurinn sé ekki miklu merkilegri,“ sagði Geir H. Haarde við fréttamann Stöðvar 2 í kvöld eftir fund Varðar – fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík með borgarfulltrúum.

Svona væmna rómantík skil ég ekki. Enginn flokkur er svo merkilegur að ómerkilegasta manneskjan í honum sé ekki merkilegri en flokkurinn.



NÚ Á **2** STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

RAFMAGNSVERKFAERI

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ



1290-

BORVÉL 500W



3990-

HLEÐSLUBORVÉL 18V + 51 VERKFAERI



1295-

HLEÐSLUSKRÚFJÁRN



2995-

HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 18V



4995-

HLEÐSLUBORVÉL M/HÖGGI 24V



5890-

HÖGGBOR/BROTVÉL 850W



4995-

BELTASLÍPIVÉL 900W



995-

HLEÐSLUBORVÉL 12V



2990-

RAFMAGNSHEFILL

TILBOÐ!

Hreinsaðu lafin fyrir veturinn



9990

LAUFSUGA - BLÁSARI



2290-

HITABYSSA 2000W M/6 HLUTUM



1590-

SLÍPIROKKUR 600W



1390-

STINGSÖG 350W



5850-

FLÍASÖG



12.900-

KEÐJUSÖG RAFM.



2950-

HJÓLSÖG 1400W



9990-

BÚTSÖG & BORÐSÖG 1200W



RAFSTÖÐVAR

800W **19900-**

2200W **34900-**

5500W **59500-**



1995-

SLÍPIMÚS



1290-

JUÐARI



4995-

BÚTSÖG 1300W

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16 (lokað á Njarðarbraut)

Opið milli kl. 12 og 16
Nýr Ford Mondeo
Komdu í Brimborg í dag
Akureyri, Reykjavík

Ford Mondeo
2,0 lítra TDCi dísil
6 þrepa sjálfskipting
130 hö 340 Nm
CO2 losun 189 g/km
Eyðsla í blönduðum
akstri 7,1 l/100 km
Verð 3.690.000 kr.*

Sjálfskiptingin og nálægðar-
skynjarar, aftan og framan,
eru staðalbúnaður.


visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað



Nýtt tákni um gæði

Nýr og endurhannaður Ford Mondeo Sexí keppinautur fyrir strákana hjá Toyota

Nýr og endurhannaður Ford Mondeo er nýtt tákni um mikilfengleika vestrænnar hönnunar. Vestrænna gilda. Verðugur keppinautur gæðabíla eins og Avensis og Mazda6. Gerðu samanburð. Prófaðu nýjan Mondeo, nýjasta keppinaut Audi A4 og BMW 3 í Evrópu.


Komdu í Brimborg. Veldu Ford Mondeo.

Nýtt á Íslandi.

Reynsluaktu Ford Mondeo.
Finndu hvernig 6 þrepa sjálf-
skiptingin og 340 Nm sparneytna
dísilvélin vinna saman.

Stilltu aksturstölvuna á rauntímaeyðslu.
Kannaðu hæfni þína í vistakstri. Eyðslan
kemur þér þægilega á óvart.

Mondeo



Öruggur staður til að vera á

**TÓNLISTARMÆÐURINN SNOOP
DOGG ER 36 ÁRA Í DAG**

„Ég segi sannleikann og ég veit hvað ég er að segja. Af þeim sökum er ég ógnun.“

Rapphundurinn Snoop Dogg talar tæpitungulaust um döp, klíkur, glæpi og gellur í tónsmíðum sínum og hefur oft komist í kast við lögin vegna eiturlýfjaneyslu.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST 20. OKTÓBER 1968

Jackie Kennedy verður Onassis

Það var þennan dag árið 1968 sem Jacqueline Kennedy, fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, giftist gríska skipakónginum Aristotle Onassis á grísku eyjunni Skorpios. Hjónaband með Onassis virtist skynsamlegt; hann var moldríkur og nógu valdamikill til að vernda hana, en Aristotle yfirgaf Mariu Callas til að kvænast Jackie Kennedy, og var María í ævarandi ástarsorg á eftir. Fyrst í stað var umfjöllun fjölmiðla fjandsamleg um hjónaband forsetafrúarinnar fyrrverandi, og þótti saurga ímynd hinnar syrgjandi forsetaekkjú, en margir litu á hjónabandið sem jákvætt táknið hinnar amerísku nútímakonu sem hikaði hvergi við að gæta fjárhagslegra hagsmuna sinna og



JACKIE KENNEDY ONASSIS

verja fjölskyldu sína um leið. Hjónabandið virtist blómstra fyrst um sinn, en fljótt kom hið sanna í ljós. Hjónin eyddu sífellt minni tíma saman og þótt Onassis legði sig í líma við að vera börnum Jackie góður stjúppfaðir, náði Jackie engu sambandi við stjúpdóttur sína Christinu Onassis, enda flesta daga upptekin við ferðalög og verslunarferðir.

Þegar ævindaðar Onassis voru taldir var Jackie með börnum sínum í New York. Arfur hennar takmarkaðist við kaupmála, en grísk erfðalög bönnuðu að útlendingar erfðu nema hluta af eignum Grikkja. Jackie gekkst því við tilboði Christinu um 26 milljónir Bandaríkjadala í arf og afsalaði sér öllum frekari kröfum til eigna Onassis.

MERKISATBURÐIR

- 1728 Stór hluti bókasafns Árna Magnússonar verður eldi að bráð í stórbruna í Kaupmannahöfn.
- 1818 Bandaríkin og Bretland samþykkja sameiginlega stjórn yfir Oregon-fylki.
- 1820 Spánn selur Bandaríkjunum hluta af Flórída fyrir 5 milljónir dala.
- 1822 London Sunday Times kemur út í fyrsta sinn.
- 1864 Lincoln Bandaríkjaforsæti gerir þakkargjörðardaginn að almennum frídegli.
- 1965 Bítlarnir fá gullplötu fyrir lagið Yesterday.
- 1971 Willy Brandt, kanslari Vestur-Þýskalands, hlýtur friðarverðlaun Nóbels.



Innilegar þakkir og kveðjur sendum við öllum þeim sem hafa sýnt okkur vináttu, hlýbug og stuðning vegna andláts og útfarar

Sigurðar Jónssonar,
Hjallabraut 33, Hafnarfirði,
áður Flókaötu 16a, Reykjavík.

Helga S. Ólafsdóttir
Jón Ólafur Sigurðsson
Guðný Sjöfn Sigurðardóttir
Þórarinn Sigurðsson
og aðrir aðstandendur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ingiberg Egilsson
flugvirki, Lækjasmára 4, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 18. október. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 31. október klukkan 13.00.

Hrönn Jóhannsdóttir
Jóhann Ingibergsson
Anna Ingibergsdóttir
Arna Ingibergsdóttir
Elfa Ingibergsdóttir
og barnabörn.

Kristín Andrea Einarsdóttir
Ari Jóhannsson
Eyþór Einar Sigurgeirsson
Elvar Jónsson



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Kristján Hans Jónsson
Linnestíg 2, Hafnarfirði,

andaðist 18. október síðastliðinn. Kristján verður jarðsönginn frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 26. október kl. 15.00.

Ásdís G. Konráðsdóttir
Sólveig Kristjánsdóttir
Sigríður Kristjánsdóttir
Kristján Rúnar Kristjánsson
Stella Kristjánsdóttir
Ragnar Frank Kristjánsson
Sigrún Jónsdóttir
og barnabörn.

Finnur Óskarsson
Björn Kristján Svavarsson
Katrín Sveinsdóttir
Svavar Svavarsson
Ulla R. Pedersen



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Helgason,
tæknifræðingur, Árskógum 6, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 13. október, verður jarðsönginn frá Fossvogskirkju mánudaginn 22. október kl. 15.00.

Valgerður Þorsteinsdóttir
Þorsteinn A. Jónsson
Helgi Jónsson
Þórður Jónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Martha Á. Hjálmarsdóttir
Jónína Sturludóttir
Jytte Fogtmann



Þorsteinn Jónsson

(Steini Tangó)
frá Gunnarshólma, Vm., síðast til heimilis
að Hjallatúni, Vík í Mýrdal,

verður jarðsönginn frá Lágafellskirkju mánudaginn 22. október kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er vinsamlegast bent á dvalarheimilið Hjallatún, Vík í Mýrdal.

Aðstandendur.



Siggí og Kolla standa á tímamótum!

Sigurður, forsvarsmáður Heimavinnandi húsfæðra, og spúsa hans, Kolbrún, verða bæði fertug á árinu. Af því tilefni munu þau fagna ærlega með vinnu og vandamönnum laugardagskvöldið 20. október í Þróttaraheimilinu Laugardal. Árgangur '67 úr Mosó er sérstaklega velkominn.

Systkini.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



BEIN Í BAKI Halldóra Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Beinverndar, verður ásamt matreiðslumönnum í Smáralind í dag þar sem gestir verða fræddir um áhættuþætti beinþynningar yfir kalkríki skyrtertusneið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

BEINVERND: BÝÐUR LANDSMÖNNUM Í SKYRTERTU OG ÁHÆTTUPRÓF Í DAG

Heilbrigði og hreyfing besta innlögnin í Beinabankann

Alþjóðlegi beinverndardagurinn er haldinn í dag um alla heimsbyggðina en yfirskriftin í ár er „Vertu á varðbergi og dragðu úr hættunni á beinþynningu“.

„Beinverndardagurinn er haldinn til að vekja athygli á beinþynningu sem alvarlegu heilbrigðisvandamáli,“ segir Halldóra Björnsdóttir framkvæmdastjóri Beinverndar, en talið er að þriðja hver kona og fimmti hver karl fái beinþynningu eftir fimmtugt. „Beinþynning er yfirleitt einkennalaus fram að fyrsta broti. Þess vegna er hún kölluð hinn þögli faraldur,“ segir Halldóra um þennan leynda vágast.

„Fyrsta brot gerist gjarnan við minniháttar byltur, eða aðstæður sem heilbrigði bein hefðu staðið af sér. Sumir brotna við það eitt að hósta, við vitum til þess að yngri konur hafa fengið samfaldsbrot á hrygg í fæðingu og eldra fólk þegar það lyftir

barnabörnunum, en samfaldsbrot er þegar hryggliðir falla saman,“ segir Halldóra og nefnir tvo áhættuþætti beinþynningar.

„Áhættuþættir eru ýmist breytanlegir eða óbreytanlegir. Beinþynning eykst með auknum aldri og er algengari hjá konum því áhættan eykst við tíðahvörf þegar estrógenframléidsla dvínar því estrógen hjálpar til við nýmyndun beina. Ættarsaga skiptir líka miklu. Léleg næring og lítil hreyfing spila stórt hlutverk í heilbrigði beina, og þær konur sem sífellt eru í megrun og alltaf mjög grannar eru í mikilli hættu á beinþynningu, sem og ungar konur með átröskunarsjúkdóma því þær hætta á blæðingum og framléidsla ekki estrógen til að búa til nýtt bein,“ segir Halldóra og bætir við að bein þurfi að byggja upp áður en manneskjan nær fullum vexti.

„Þess vegna er mikilvægt að börn nærast vel og stundi hreyfingu því

þannig leggja þau inn í beinabankann. Við hreyfingu bregðast bein við áreitinu með því að þétta sig, og kalk er mikilvægt í fæðu okkar en ekki síður D-vítamín og að vera úti í sólinni því D-vítamín hjálpar kalki að frásogast úr fæðu yfir í blóðið. Þetta er því eins og lykill og skrárgat, og þarf að fara saman,“ segir Halldóra sem í dag klukkan 13 býður til skyrtertuboðs í Smáralind.

„Í dag er alþjóðlegur dagur matreiðslumanna og við fylgjum þeim þangað sem fólkíð er. Þar ætlum við að dreifa nýjum bæklingi um áhættuþætti og kynna nýtt áhættupróf, gefa góð ráð og svara spurningum meðan kokkarnir gefa gestum holla, kalkríka og ljúffenga skyrtertu sem lítur út eins og fallett bein,“ segir Halldóra en hátíðahöldin hefjast með ávarpi Ingibjargar Pálmadóttur fyrrverandi heilbrigðisráðherra sem er verndari Beinverndar.

thordis@frettabladid.is

BÓNUS BÝÐUR BETUR

ÓDÝRASTIR Í 18 ÁR



KS FERSKUR LAMBAHRYGGUR 25% AFSLÁTTUR **1049 KR/KG.**
MERKT VERÐ 1398 KR/KG.

KS FERSK LAMBALÆRI 35% AFSLÁTTUR **844 KR/KG.**
MERKT VERÐ 1298 KR/KG.



KS FROSIN SVIÐ 40% AFSLÁTTUR **239 KR/KG.**
MERKT VERÐ 399 KR/KG.

SS FERSKAR KRYDDAÐAR SVÍNALUNDIR
40% AFSLÁTTUR **1469 KR/KG.** MERKT VERÐ 2448 KR/KG.



HOLTA FERSK KRYDDUÐ KJÚKLINGALÆRI M/LEGG
45% AFSLÁTTUR **418 KR/KG.** MERKT VERÐ 759 KR/KG.

HOLTA FERSK HÁLFURBEINUÐ KJÚKLINGALÆRI
40% AFSLÁTTUR **600 KR/KG.** MERKT VERÐ 1000 KR/KG.



KF KOFAREYKT FOLALD MEÐ BEINI 40% AFSLÁTTUR
382 KR/KG. MERKT VERÐ 637 KR/KG.


FINISH UPPÞVOTTAVÉLADUFT
1 KG **179 KR.**

COKE LIGHT 2 LÍTRAR **79 KR**



BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARD 10.00 TIL 18.00



NÝR BORGARSTJÓRI Dagur kann vel við nýja starfið og ætlar að nýta tímann til fullnustu. Hann segir gott tækifæri til verka með samherja sína í ríkisstjórn og nefnir sérstaklega Kristján Möller samgönguráðherra og Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vill fá Sundabraut og það strax

Dagur Bergþóruson Eggertsson er 35 ára borgarstjóri Reykvíkinga. Hann vill stytta tímann sem við eyðum bak við stýri og bjarga Kolaportinu. Hann útilokar ekki að kaupa brunarústirnar við Lækjartorg og ætlar ekki að standa að öðru Hringbrautar-ævintýri. Hann sagði einnig í samtali við *Klemens Ólaf Prastarson* að hann sæi fyrir sér Hovedbanegård í Vatnsmýrinni.

Fljótt skipast veður í lofti og ekki eru nema nokkrir dagar síðan Dagur B. Eggertsson var kraftmikill fulltrúi minnihlutans. Á næstum einni nóttu varð hann svo borgarstjóri með því annriki sem því fylgir. Hann gaf sér þó tíma í gærðag til að spjalla við Fréttablaðið á nýrri skrifstofu sinni í Ráðhúsi Reykjavíkur.

„Þú byrjar með krafti og setur 750 milljónir gegn manneklu á leikskólum og í þjónustustörfum. Útsvar Reykvíkinga er í hámarki, hvaðan koma peningarnir?“

„Þetta er einfaldlega forgangsröðun nýs félagshyggjumeirihluta. Þarna brenna heitustu eldarnir og þetta er pólitíkin sem snertir fólk í daglegu lífi. Það er því þarna sem við leggjum okkar áherslur. Þetta er ástand sem hefur hlaðist upp og það er komin veruleg óánægja á mjög mörgum af þessum vinnustöðum. Kjarsamningar eru opnir á næsta ári og mér fannst mikilvægt að taka kröftuglega af skarið og sýna að hugur okkar er hjá þessu starfsfólki,“ segir Dagur og bendir á að þenslan hafi tvær hliðar. Annars vegar manneklu og hins vegar auknar skatttekjur.

„Þannig að við höfum ákveðið svigrúm í borginni vegna aukinna skatttekna. Peningurinn kemur því af fjárhagsáætlun og ég hefði aldrei lagt þetta til ef ég treysti mér ekki til að stýra henni af fyllstu ábyrgð. Núverandi meirihlutflokkar fengu ekki síst atkvæði sín vegna þess að við



Á næstu mánuðum, þegar þessi gögn liggja fyrir, er síðan tímabært að taka af skarið [um Sundabraut] og það vitum við samgönguráðherra báðir.

höfum borið hag skólabarna og eldri borgara fyrir brjósti. Þannig að skárri væri það nú ef við myndum ekki senda frá okkur kröftugt merki þegar við komumst til valda! Vandræðagangurinn hér í borg hefur staðið allt of lengi.“

„Úr því minnst er á vandræðagang: Við Lækjartorg hafa staðið brunarústir í hálf tít, án sýnilegra aðgerða. Hvenær fer eitthvað áþreifanlegt að gerast?“

„Ég hitti einmitt borgarlögmann út af þessu í gær og við förum í heildstæða yfirferð um málið strax í byrjun næstu viku. Það er mikilvægt að þarna takist vel til og ég var mjög ánægður með hugmyndasamkeppnina sem

fór fram um þetta svæði. Hins vegar er þetta mjög flókið verkefni hvað varðar eignarhald á þessum húsum. Ég vil fara nákvæmlega yfir stöðuna á því.“

„Kemur til greina að nýta þensluna í þetta líka og splæsa í kaup á þessum húsum?“

„Ég vil ekki kalla það splæs. Við getum auðvitað ekki haft hjarta Reykjavíkur eins og opið sár. Það finnst mér algjörlega útilokað. En þegar menn standa frammi fyrir svona flóknum samningum þá eru stórkaralegar yfirlýsingar og naumir tímafrestir ekki til að hjálpa málunum. Fyrst og fremst verður maður að vera svolítið raunsær og praktískur.“

„Þú vilt þá ekki heita því hér og nú að þarna verði ekki óbreytt

ástand að hálfu ári liðnu?“

„Nei, ég vil ekki lýsa neinu slíku yfir fyrr en ég hef aflað mér allra upplýsinga um málið. Best er að láta verkin bara tala. Mitt höfuðverkefni er að greiða úr málum, en ekki flækja þau með digurbarka.“

Vill ekki endurtaka Hringbraut

Samfylkingin stjórnar nú borginni og samgönguráðuneytinu. Er þannig samhljómur í áherslum ykkar Kristjáns Möller að auki von um samgönguúrbætur á höfuðborgarsvæðinu?“

„Já, tvímælalaust. Áherslur Samfylkingar í samgöngumálum eru skýrar og ríkisstjórnin vill ráðast í sérstakt átak í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Áður en ég settist í þennan stól

höfðum við samgönguráðherra rætt um það að ég kæmi að því verki með honum og ég hlakka til þess.“

Dagur leggur áherslu á að líta á borgina heildstætt, kveða niður hrepparíg milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og alveg sérstaklega að stytta þann tíma sem tekur fólk að komast frá heimili til vinnu. Það verði gert með „skipulagsmálum, með því að stytta fjarlægðir í borginni með þéttingu byggðar.“

„Það verður þá ekki gert á sama hátt og við stökkun Hringbrautar?“

„Hringbrautin er dæmi um

→ **FRAMHALD Á NÆSTU OPNU**

Í FÉLAGSMÁLUM FRÁ FYRSTU TÍÐ

Fæddur í Ósló í Noregi 19. júní 1972.

Uppalinn í Árbænum. Sonur dýralæknis og efnafræðings.

Giftur Örnun Dögg Einarsdóttur lækni og á með henni tvö börn.

Gekki í Árbæjarskóla, Menntaskólinn í Reykjavík, Háskóla Íslands og Háskólan í Lundi, Svíþjóð.

Var formaður Félags framhaldsskólanema og Stúdentaráðs Háskólans.

Varð Reykjavíkumeistari í knattspyrnu með Fylki, í sjötta flokki, fyrir um aldarfjórðungi. Íslandsmeistari með sama liði í fjórða flokki árið 1986. Hann var fyrirlíði.

Hefur starfað meðal annars sem blaða- og dagskrárgerðarmaður, rithöfundur og lækni.

Kosinn í borgarstjórn 2002.

STUDENTAPÓLÍTÍKIN Dagur fagnar hér sigri Röskvu ásamt Guðmundi Steingrímssyni, sem nú er aðstoðarmaður borgarstjóra.



11.-20.
OKTOBER

AEG
FULLKOMIN LÖGUN & LEIKNI

ÞVOTTADAGAR

Þvottavélar, þurrkarar og uppþvottavélar á
TILBOÐSVERÐI

Án efa
**EFTIRSÓTTASTA
PAR LANDSINS** sl. 3 ár!



**AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 76820 ÍSLAND

- Taumagn: 7 kg.
- Vinduhraði 1600/1200/1000/600 snúningar á mín.
- Ljós sýnir hvar vélin er stödd í þvottakerfinu
- Mjög hljóðlát og sparneytin vél
- Þvottahæfni: A+
- Þeytívinduafköst: A • Orkuflökkur: A
- 24 þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
- Sérstakt vindingarkerfi fyrir viðkvæman þvott og ull
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Aqua-Control: Öryggiskerfi gegn leka
- 3ja ára ábyrgð

**AEG barkalaus þurrkari
með íslensku stjórnborði**
LAVATHERM 57820 ÍSLAND

- Taumagn: 6 kg • Mjög lágvær
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
- Klukkurofi: 30 mínútur • 2 hitastig
- Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun
- Hægt er að stilla gangsetningu fram í tímann
- Gaumljós fyrir vatnstank, lögsigti og þéttibúnað
- Stórt hurðarop - 33 sm

TILBOÐVERÐ: Kr. 175.000 / PARIÐ
(Áður: Kr. 213.900)



AEG

**SÍÐASTI*
(ÞVOTTA) DAGURINN
ER Í DAG!**

GULLIÐ TÆKIFÆRI
AÐ EIGNAST GÆÐAGRIPI!
- Á FRÁBÆRU VERÐI -

**AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 64810 ÍSLAND

- Vindingarhraði 1400 / 1000 / 600 snún. á mín.
- Taumagn: 6 kg
- 24 kerfi þvottakerfi
- Aqua-Control

TILBOÐVERÐ: Kr. 145.000 / PARIÐ
(Áður: Kr. 173.900)

AEG þurrkari
LAVATHERM 54810

- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma
- Íslenskt stjórnborð
- Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig
- auk sér stillingar fyrir ull og straulétt.


**AEG þvottavél
með íslensku stjórnborði**
LAVAMAT 52820

- 1200 snúninga • 6 kg.
- Fjöldi prógramma

TILBOÐVERÐ: Kr. 139.900 / PARIÐ
(Áður: Kr. 168.900)

AEG þurrkari
LAVATHERM 54810

- Mjög hljóðlátur,
- Fjöldi prógramma
- Íslenskt stjórnborð



Íslenskt stjórnborði
og ítarleg notendahandbók
á íslensku fylgir okkar vélum.

Sjá nánar á:
www.ormsson.is

**UMBOÐSMENN
UM LAND ALLT**

ORMSSON

- | | | | | | |
|---|---|---|---|--|---|
| ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800 | ORMSSON
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900 | ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535 | ORMSSON
MODEL-AKRANESI
SÍMI 431 3333 | ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751 | ORMSSON
RADIONAUST-AKUREYRI
SÍMI 461 5000 |
| ORMSSON
BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515 | ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038 | ORMSSON
VÍK-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900 | ORMSSON
VÍK-REYÐARFIRÐI
SÍMI 474 1477 | ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160 | |



Mér hefur fundist algjörlega galin hugmynd að vaða í það að breyta þessu fallega Tollhúsi í bílastæði á meðan verið er að byggja sextánhundruð bílastæðakjallara hinumegin við götuna! Og ég er tilbúinn að ganga til samninga við tollstjóra til að tryggja honum bílastæði.



BORGARSTJÓRI Segir að nýr meirihluti muni tryggja rétt samspil milli verndunar og uppbyggingar. Hagsmunir fjárfesta fari þá saman við hagsmuni íbúanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

→ FRAMHALD AF SÍÐU 30

framkvæmd sem hefur verið á teikniborðinu frá því á sjötta áratugnum og komst í framkvæmd ekki síst vegna þrýstings um uppbyggingu Landspítalans. Ég held að við höfum kannski ekki borið gæfu til að endurskoða hönnunina og hugsunina um þessa samgöngulega þróun.“

–En þú sem formaður skipulagsráðs studdir stækkun Hringbrautar á sínum tíma, ekki satt?

„Nei, það er reyndar misskilningur. Stækkun og færsla Hringbrautar var samþykkt áður en ég kom í borgarstjórn og endanleg útfærsla samþykkt í skipulagsráði, áður en ég tók þar sæti. Það er hins vegar rétt að ég lenti í andsvari fyrir framkvæmdina, því ég var orðinn formaður skipulagsráðs þegar vinnuvélar voru komnar á svæðið. Ég fór út í þá umræðu af fullum krafti því ég hef áhuga á því að við náum samstöðu um að endurhugsa nálgunina í samgöngumálum. Umferðin er farið að hafa veruleg áhrif á lífsgeði fólks í borginni.

Í Vesturbænum eru til dæmis

miklu færri börn norðan Hringbrautar [í gamla Vesturbæ og miðbæ] sem sækja í íþróttir og æskulýðsstarf í KR en börn sem búa sunnan hennar [í Melahverfi og við Meistaravelli]. Þannig að umferðaræðar eru beinlínis farnar að hafa áhrif á tækifærin til að börnin okkar komist til jafn góðs þroska og við viljum.“

Borgarstjóri telur því brýnt að endurhugsa samgöngumál frá rótum. „Við þurfum að spyrja okkur í hvernig borg við viljum búa. Viljum við að umferðin hafi þennan forgang?“

Miklabraut og Sundagöng

–Hvað með að setja stærri götur í stokka?

„Mér finnst það spennandi hugmynd, en stokkar eru í raun neyðarlausn. Þegar komin er umferð eins og á Miklabraut þar sem blómlegt íbúðarhverfi er klofið í herðar niður og hefur veruleg áhrif á lífsgeði íbúanna, þá kemur sannarlega til greina að skoða því líkar lausnir. Þetta eru þó ekki töfralausnir, því bílarnir koma úr einhverri átt áður en þeir fara niður í stokkinn og þeir koma upp úr honum aftur. Við þurfum því að horfa á höfuðborgarsvæðið í heild sinni. Við verðum að fá Sunda-

braut og það strax! Við verðum að dreifa umferðinni betur og ég er sannfærður um það að setja skuli Óskjuhlíðargöng í forgang líka.“

–Þú ert fylgjandi Sundagöngum, fremur en Sundabraut. Er þau raunhæfur möguleiki?

„Já, það var gert mat á möguleikum þarna fyrr á þessu ári og þetta lítur vel út. Nú er verið að vinna í jarðvegsborunum og umhverfismati. Á næstu mánuðum, þegar þessi gögn liggja fyrir, er síðan tímabært að taka af skarid og það vitum við samgönguráðherra báðir.“

Vatnsmyrin er framtíðin

Þú hefur margsinis lýst þig fylgjandi uppbyggingu í Vatnsmyri og að flugvöllurinn fari þaðan. En útilokar ekki meirihlutasamstarf við F-listann að breytingar verði í Vatnsmyri?

„Margrét [Sverrisdóttir] var alveg skýr á því í aðdraganda alþingiskosninga og í ljósi flugvallarskýrslunnar að hún og F-listinn myndu ekki beita sér gegn lausn, til dæmis upp á Hólmsheiði, ef hún væri raunhæf. Ég held að hún gangi til þessa verkefnis af virðingu fyrir ólíkum hagsmunum landsmanna. Sjúkraflugid og landsbyggðin eiga auðvitað ekki að þurfa að sitja uppi með stutta stráid í farsælli lausn á þessu erfiða máli.“

–Hvað getur þú þá gert á þessu kjörtímabili í Vatnsmyrinni?

„Ég ætla ekki að fullyrða um það. Við þurfum fyrst að fá tækifæri til að setjast niður með samgönguyfirvöldum. Þessi verkefni þarf öll að hugsa til framtíðar.“

–Samgönguráðherra hefur lýst sig fylgjandi samgöngumiðstöð fyrir einhverjar hundruðir milljóna í Vatnsmyrinni. Stoppa þú það ekki strax?

„Mér finnst augljóst að samgöngumiðstöð á ekki að rísa í Vatnsmyrinni án þess að hún geti staðið þar áfram án flugvallarins. Og ef við getum leyst það þannig, ætla ég ekki að útiloka hana. Ef flugvöllurinn flyst til þarf að vera samgöngumiðstöð fyrir miðborgina, fyrir rútur og strætó. Ég sé fyrir mér í framtíðinni að þarna geti verið einskonar Hovedbanegård, aðalstarstöð Reykvíkinga,“ segir Dagur og hlær.

Listaháskóli og Björgólfsfeðgar

–Listaháskólinn vill vera við Laugavegin og fékk vilyrði hjá síðasta borgarstjóra fyrir 13.000 fermetra lóð í Vatnsmyrinni, sem á nú að skipta fyrir Frakkastígs-

reitinn. Ertu fylgjandi því?

„Þetta vekur auðvitað svolitla athygli ef Listaháskólinn hefur í raun alltaf viljað vera annars staðar. Ég þarf að fara yfir þetta mál og hitta forsvarsmenn skólans. Ég er tilbúinn að hlusta á allar hugmyndir sem þeir hafa fram að færa. Hjarta mitt slær með uppbyggingu í miðborginni og mér finnst spennandi hugmynd að hafa þennan skóla við Laugavegin, svo sannarlega. Listaháskólinn er einn af þessum lykilskólum í borginni og smitar út frá sér, hvar sem hann er. Um Vatnsmyrarlóðina tel ég að Háskóli Íslands ætti að hafa mest að segja um hvernig hans nánasta umhverfi þróast.“

–Kemur þá ekki til greina að Samson (Björgólfsfeðgar) fái lóð Listaháskólans og byggi þar til dæmis íbúðir, í stað skóla?

„Ég vil nú sem fæst orð hafa um það. Vatnsmyrin öll er til endurskoðunar. Stúdentar hafa líka verið að sækja mjög á um að hafa þarna stúdentaíbúðir og ég er mjög áhugasamur um það. Enda er það eitt af þessum stóru málum sem við stöndum frammi fyrir, húsnæðismálin.“

–Nú hefur verið talað um hugmyndir Björgólfsfeðga, til dæmis um uppbyggingu frá Skúlagötu og að Laugavegi, sem inngrip aukkyfinga í borgarskipulag. Hvað finnst þér um það?

„Ég tel að of mikið hafi verið gert úr því að þetta séu inngrip af þeirra hálfu. Þetta eru í raun hugmyndir sem aðrir hafa verið með til skoðunar í nokkur ár og breyta ekki svo miklu um byggingarmagn á reitnum. Meginatriðið er auðvitað að skipulagsyfyrirvöld leiði alla skipulagsvinnu, vegna þess að þau sitja við borðsendann og meta hina ólíku hagsmuni í málinu, fjárfesta og íbúa. Allt þarf þetta svo að samræmast æskilegri borgarþróun.“

Ég skynja hins vegar áhyggjur mjög margra um að við sitjum ekki nógu fast fyrir við borðsendann. Að við stýrum ekki þróuninni af nógu mikilli festu til að tryggja rétt samspil milli verndunar og þeirrar uppbyggingar sem allir eru sammála um, til dæmis á reitunum á bakvið Laugavegin. Þessa ábyrgð verðum við að axla og með nýjum meirihluta er aftur komin á festa og stöðugleiki við stjórn borgarinnar. Við munum gæta almanna-hagsmuna og þegar vel er að verki staðið fara þeir saman við hagsmuni uppbyggingaraðila og æskilega borgarþróun.“

Vill byggja ódýr og traust hús

–Hvað með hópinn sem vill kaupa húsnæði í fyrsta sinn í borginni?

„Fólk sem er að koma inn á húsnæðismarkaðinn þarf að hafa geysilega mikinn heimanmund til að kaupa sína fyrstu íbúð. Hvernig eiga ákveðnir lykilhópar í samfélaginu, til dæmis löggæslumenn og umönnunarstéttir að geta klofið þetta?“

Hérna þarf að taka á málunum og það gerist í gegnum aukid framboð á húsnæði. Við þurfum að skoða hvort eitthvað í reglum okkar stýri því að við séum að byggja óþarflega stórt og dýrt. Það þarf að stuðla að því að byggja vel fyrir fólk sem er að koma nýtt inn á húsnæðismarkaðinn, án þess að það kosti formúu. En það verður auðvitað líka að huga að þeim lánskjörum sem bjóðast, leigumarkaðnum og húsaleigubótunum. Í þessum efnunum munum við njóta góðs af góðu samstarfi við félagsmálaráðuneytið, því ríkið kemur að lánahljóðinu og líka að húsaleigubótakerfinu, þótt það hafi kannski færst óeðlilega mikið á hendur sveitarfélaganna í seinni tíð. Auðveldari lán til fyrstu kaupa hlýtur að vera eitt af því sem kemur til skoðunar þar. Þetta hef ég rætt við Jóhönnu Sigurðardóttur, en reyndar bara sem minnihlutamaður,“ segir Dagur og skellir upp úr.

–Að lokum, hver verður framtíð Kolaportsins?

„Ég vil standa vörð um Kolaportið og þá starfsemi sem þar er, það er alveg klárt. Uppbyggingin í miðborginni, sem birtist meðal annars í nýju ráðstefnu- og tónlistarhúsi og nýjum höfuðstöðvum Landsbankans, hún má ekki verða til einhverrar lúxusvæðingar og sótt-hreinsunar á mannlífínu. Það má ekki verða til einhver ein rétt tegund af mannlífi sem fær að þrífast. Ég held að enginn geti hugsað sér London eða París án litríkra markaða og þess mannlífs sem þeim fylgir. Mér hefur fundist algjörlega galin hugmynd að vaða í það að breyta þessu fallega Tollhúsi í bílastæði á meðan verið er að byggja sextánhundruð bílastæðakjallara hinumegin við götuna! Og ég er tilbúinn að ganga til samninga við tollstjóra til að tryggja honum bílastæði. Það gengur ekki að skilja Kolaportið eftir á köldum klaka.“

–En Vilhjálmur borgarstjóri sagði mér fyrir stuttu að borgin gæti lítið gert til að koma í veg fyrir þetta, því fjármálaráðuneytið ætti húsið?

„Já, það er rétt að ráðuneytið á húsið. En við eigum skipulagsvaldið!“



NÝR DAGUR Í BORGARMÁLUM

Tilkynnt var um nýjan meirihluta 11. október síðastliðinn á blaðamannafundi við Tjörnina. Daginn áður var átakafundur í beinni útsendingu úr Ráðhúsinu. Þar kom greinilega fram að framsóknarmaðurinn Björn Ingi Hrafnsson var ósáttur við stefnu sjálfstæðismanna.

Nýjan meirihluta mynda Samfylking, Vinstri græn, F-listi og Framsóknarflokkurinn.

Dagur B. Eggertsson er borgarstjóri, Svandís Svavarsdóttir, Vinstri grænum, er formaður sameinaðs borgarstjórnarflokks og staðgengill borgarstjóra. Margrét K. Sverrisdóttir, F-lista og óháðra, er forseti borgarstjórnar og Björn Ingi Hrafnsson er formaður borgarráðs. Dagur tók við lykjavöldum úr hendi Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar síðastliðinn þriðjudag.

Bílskúrsdagur

Allt í bílskúrinn og geymsluna á góðu verði!



Bílskúrshurðaðopnari
- með öllu tilheyrandi
kr. **15.900,-**



Bílskúrs- og þvottahússflísar
30x30 cm, kr. pr. m²:
990,-



Vatnsþynnanlegt Epoxy gólflakk 4kg
kr. **5.560,-**



Málning – Gljástig 10
10 lítrar
kr. **3.150,-**



Háþrýstidæla – 140 bör
kr. **5.900,-**



Ruslagrind með poka
kr. **1.990,-**



Verkfærasett – 55 hlutir
kr. **1.245,-**



Hleðsluborvél 18V
kr. **2.690,-**



Kústur og skófla
fyrir bílskúrinn
og planið. Sett kr.
1.995,-

Hilluefni
Hannaðu þitt eigið geymslurými



Verkfærakistur
í öllum stærðum og gerðum.
Verð frá kr. 1.990,-



LÆKKUM
VERÐIÐ Á
BYGGINGA-
VÖRUM

Opið
mán.-fös. kl. 8-18
laugardaga 9-16



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

Neytendur athugið! Murbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Betra er Öldugata en Andahvarf

Fleiri og fleiri Íslendingar kalla á ný hverfi og nýjar götur. Að skipuleggja símalínur og hrúga niður grunnnum virðast þó jafnvel vera lúxusáhyggjur miðað við þann hausverk að þurfa að nefna allar nýju göturnar. Enda hefur það sýnt sig að götuheiti eins og Andahvarf snerta mun viðkvæmari taugar í þjóðinni en kílóverð á kjúklingabringum. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** fékk stóran hóp rithöfunda, leikara og annarra sem vinna með tungumálið, til að velja fallegustu og skrítnustu götuheiti landsins.

Eitt er víst að aldrei er hægt að gera öllum til geðs. Íslendingar eru svo meðvitaðir um tungumál sitt að líkt og nýjasta tískan í mannanöfnum stuðar ýmsa gera götuheiti þá ekki síður. Og eflaust eru margir sem helst myndu vilja klína gömlu góðu götunöfnum eins og Öldugötu og Laufásvegi á nýju skiltin í úthverfunum. Enda var það nær einróma niðurstaða að fallegustu götunöfnin eru þau sem finna má í gömlu hverfunum.

Náttúran og 101 Reykjavík

Þegar álitsgjafar Fréttablaðsins voru beðnir um að nefna nokkur af sínum eftirlætisgötuheitum var áberandi að þótt menn nefndu götur úr ýmsum hverfum og landshlutum drógu þeir líka nær alltaf eitt eða fleiri götuheiti úr elsta borgarhlutanum. Fyrir utan þau sem allra flest atkvæði hlutu, Vonarstræti, Sóleyjargata og Lækjargata, komust götur eins og Tjarnargata, Öldugata og Laufásvegur ofarlega á listann. Þegar toppsætin eru skoðuð kemur þó bersýnilega í ljós að götuheiti sem færa blómin, sjóinn og landslagið til íbúanna eru í miklum metum. Ekki voru þó allir álitsgjafar hrifnir af nafngiftum af því tagi og Sigurður Pálsson sagðist vera orðinn frekar þreyttur á þeim „endalausum nöfnum“ er tengjast landslagi og sagðist hlynntastur götuheitum er minntu á fólk, svo sem Bergþóru- og Njálsgötu. „Ég meina, búum við í borg, samfélagi manna með sameiginlegan bakgrunn sögu og menningar eða búum við úti í sveit? Ég held við verðum að fara að velja. Fyrsta skrefið væri að hætta öllum frekari landslagsnöfnum á götum.“

Gauti Kristmannsson tekur í sama streng og sagðist lengi hafa velt því fyrir sér af hverju mannanöfn séu eins konar tabú í íslenskum götunöfnum. „Einu mannanöfnin sem ratað hafa á götur eru úr Íslendingasögunum og kannski einhver goðanöfn hér og þar.“

Tilnefningar álitsgjafa Fréttablaðsins ýta stöðum undir kenningar um litla hrifningu þjóðarinnar á götunöfnum sem bendluð eru við mannanöfn og aðeins örfá slík komust á lista.

Endingar

Fyrst og fremst eru það þó endingar götuheitanna sem virðast skipta fólk máli. Flestir tóku í sama streng



og Ingi-björg Haralds sem sagði að sér fyndist götur eiga að enda á -stígur, -stræti og -gata en ekki -akur, -kór, -salur. Þannig fannst Móggu Stínu endingin -gata ekki síður mikilvæg út frá fagurfræðilegu sjónarhorni en því er snertir raunveruleikaskynið.

Mest hötuðust menn við endinguna -kór sem finna má á götum í Kópavogi og þótt samsetningin Flesjakór hafi skorað þar hæst komust margir aðrir „kórar“ á listann og var Baugakór þar næstóvinsælastur. Kópavogsgötuheitin komu í heild verst út úr kosningunni um undarlegustu götuheitunum og þar fóru nýju götuheitin fremst í flokki. Götuheiti með endinguna -hvarf virðast þannig vera fremur óvinsæl og þar þótti Andahvarf minnst smart og hlaut fremur margar tilnefningar. Garðabær þótti ekki koma mikið sterkari inn en Kópavogur í nýyrðasmíðinni og götuheitið Rúgakur var talið afleitast. Aðrar götur með endinguna -akur trufluðu fólk líka og önnur Litla ljót í Garðabæ er Hnoðraholtbraut. Reykjavík slapp létt undan gagnrýnisróddum því fyrir utan vinningshafann í verstu götuheitunum, Mururima, fengu engar aðrar götur innan borgarmarkanna afgerandi kosningu. Þó að vísu hafi hverfisheitið Þúsöld fengið ágæta summu atkvæða.

2. sæti

SÓLEYJARGATA

Árið 1899 kom Búnaðarfélag Íslands upp gróðrarstöð í Þingholtunum og stóð hún þar sem göturnar sem í dag heita Fjólugata, Liljugata, Smáragata og Sóleyjargata eru. Þegar kom að því að nefna þær götur voru nöfnin eimitt sótt í þann mikla gróður sem gróðrarstöðin ól af sér. Þannig er Sóleyjargata nefnd eftir sóleyrni og sagt er að þann mikla gróður sem finna má í ýmsum Þingholtsgörðum séu leifar frá gróðrarstöðinni.

Umdeild Akureyri

Búast hefði mátt við því að klassísk og rótgróin götuheiti nyttu vinsælda. Það sem kom meira á óvart var að götuheiti nokkur í 104 Reykjavík áttu vel upp á pallborðið hjá fólki en það eru „heimarnir“ sem tengdir eru við álfa og gleði: Álfheimar, Glóðheimar og Ljósheimar. Álfarnir eiga greinilega alltaf stað í hjarta okkar því þannig komst gatan Álfaskeið í Hafnarfirði einnig hátt á lista. Götuheiti Akureyrar eru umdeild og það allra umdeildasta er Helgamagrastræti sem jafnmörgum þótti fagurt heiti og afkáralegt. Sama má segja um Möðruvallastræti og Munkaþverárstræti. Skemmtilega skrítni þóttu götunöfn Fellabæjar en tvær götur Egilsstaða voru oftast nefndar en aðrar: Einhleypingur og Einbúabla. Sviðholtsvör á Álftanesi þótti einnig skrítni nafn en þaðan af síður skemmtilegt.



Skrítnasta götuheitið

MURURIMI

Af hverju götuheiti þetta er svo stuðandi í eyrum margra virðist að miklu leyti mega rekja til þess að það hljómar alls ekki íslenskt og fannst mörgum það heldur minna á japönsku. „Mururimi í Grafarvogi hljómar alltaf eins og japanskur matur í mín eyru og ef mig misminnir ekki var þetta nafn einhvern tíma uppistaðan í Radíusflugunni.“ Nafnið hefur einnig ratað inn í skáldsögu en í bók Sigurðar Pálssonar, Blár þríhyrningur, frá árinu 2000 kemur nafnið fyrir og er þar einmitt tengt við Japan.



ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR

„Ég er orðinn svo gamall og geldur að ég er steinhættur að mynda mér skoðanir á nokkrum sköpuðum hlut. Borgarstjórnarskiptin í Reykjavík snerta mig ekki og þaðan af síður kynferðislegt ofbeldi á Veðurstofunni - að ég tali nú ekki um götunöfn. Ég hef bara tvær skoðanir á götunöfnum og er önnur sú að Bakarabrekkan hefði átt að fá að halda nafni sínu í stað þess að klínt var á hana dönsku nafni, sem sagt Bankastræti. Hin skoðun mín er sú að Austurstræti hefði átt að fá að heita Langastétt áfram eins og endranær. Konan mín er aftur á móti í miklum ham út af götunöfnum og segir að götuheiti í Reykjavík gjaldi þess að höfuðborgin sé ein allsherjar karlrebusvínastía: „Hér er auðvitað Bræðraborgarstígur, en engin Systraborgargata. Dvergabakki en ekkert Smákonusund, Karlagata en engin Kvennagata.“ Og síðan var hún rokin á dyr svo mér gafst ekki tækifæri til að koma að því götuheitinu sem helst minnir á móður, konu og meyju - Stokkasei.“



1. sæti

VONARSTRÆTI

Gatan hlaut yfirburða kosningu og hlýtur því 1. sætið í fallegustu götuheitum landsins. Vonin sjálf er auðvitað það sem enginn getur tekið af manningum og var mörgum afar hlýtt til nafnsins án þess að geta útskýrt hvers vegna. Sagt er að götuheitið hafi orðið til í hálfgerðu gríni en lengi vel var afar umdeilt hvort gera ætti götu á þessum stað því norðurendi tjarnarinnar þótti afar erfiður yfirferðar vegna drullu. Gerð götunnar stóð lengi yfir og í lokin var það því orðið þannig að fólk rétt hélt í vonina um að hún yrði einhvern tíma kláruð.



SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR

„Þau götuheiti sem mér finnst falleg eru til dæmis öll nöfnin í Norðurmýrinni. Einnig finnst mér Laufásvegur blómlegt og tilkomumikið nafn. Öldugata er fallegt og traust nafn, eins og önnur götunöfn í Vesturbænum og minna okkur á að rætumar liggja í sjósókn. Af þeim sem mér þykja furðuleg má nefna Þúsöld sem mér finnst alveg misheppnað. Rúgakur sömu-leiðis og Dofrakór. Hnoðravellir og Flesjakór sýna okkur svo að höfuðborgarsvæðið hefur stækkað svo ört að við erum á undan sjálfum okkur í framkvæmdum.“



FISKUR MANNNA Æ MEGIN

Tilboð helgarinnar 19.-20. október
ALLIR LAXARÉTTIR
aðeins 1090 krónur kílóíð.

Opið er á laugardögum í eftirtöldum verslunum Galleri Kjöts og Fiskisögu
Dalvegi - Grensásvegi - Búðarkór - Höfðabakka - Tjarnarvöllum



ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholt - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi

Aðgát í nærveru Tyrklands

Demókratar á Bandaríkjaþingi virðast nú í vikunni hafa guggnað á því, af ötta við viðbrögð Tyrklands, að samþykkja ályktun um þjóðarmorð á Armenum. *Guðsteinn Bjarnason* kynnti sér forsögu málsins.

Utanríkisráðgjafi Bandaríkjaþings samþykkti í síðustu viku ályktun um að Bandaríkin viðurkenni opinberlega að Armenamorðin í Tyrklandi á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar hafi verið þjóðarmorð. Í framhaldinu ætluðu demókratar síðan að leggja þessa ályktun fyrir þingið, þar sem þeir töldu sig hafa öruggan meirihluta.

Á miðvikudaginn kom hins vegar í ljós að töluverður hópur þingmanna hafði hætt við að greiða ályktuninni atkvæði sitt af ötta við þau slæmu áhrif sem það gæti haft á samband Bandaríkjanna og Tyrklands. Nancy Pelosi, leiðtogi demókrata, ákvað þá að fresta því að leggja ályktunina fyrir þingið – að minnsta kosti þangað til hún hefur fengið á hreint hvort meirihluti sé fyrir henni.

„Hvort við leggjum ályktunina fram eða ekki, eða hvaða aðgerða verður gripið til, það verður að koma í ljós,“ sagði hún.

Þingmenn varaðir við

Bush Bandaríkjaforseti og ráðherrar í ríkisstjórn hans höfðu lagt hart að þingmönnum, demókrötum jafnt sem repúblikönnum, að samþykkja ekki ályktunina vegna þess að hún geti spilt sambandinu við Tyrkland, sem sé Bandaríkjunum ekki síst nauðsynlegt vegna þess að Tyrkir hafa veitt bandaríska hernum aðstoð og aðstöðu í tengslum við Íraksstríðið.

Á fimmtudaginn sagði Robert Gates utanríkisráðgjafi hattu á því að samskiptin myndu versna svo mjög að þau ættu sér varla viðreisnar von.

„Ég held ekki að Tyrkir séu að blekkja okkur. Ég held að þetta skipti það miklu máli fyrir þá,“ sagði Gates og hvatti þingmenn til að samþykkja ekki ályktunina. Hann sagðist til dæmis nánast viss um að Tyrkir myndu torvela bandarískum herpotum aðgang að tyrkneskri lofthelgi sem myndi gera Bandaríkjamönnum erfiðara fyrir að koma birgðum til hermanna í Írak.

Vaxandi áhugi Tyrkja á að ráðast á uppreisnarsveitir Kúrda handan landamæra er að nokkru rakinn til þess að þeir telji sig ekki lengur skuldbundna til að fara að vilja Bandaríkjamanna í þeim efnun.

Afneitun Tyrkja

Tyrkir hafa aldrei viljað viðurkenna að Armenamorðin hafi verið þjóðarmorð. Þeir viðurkenna að margir Armenar hafi verið drepnir á stríðsárunum, en segja á móti að margir Tyrkir hafi sömuleiðis verið



MINNISMERKIÐ Í JEREVAN Hinn 24. apríl ár hvert minnst Armenar þjóðarmorðsins í Tyrklandi. Í Jerevan, höfuðborg Armeníu, stendur þetta völduga minnismerki á áberandi stað.

drepnir – fjöldamorð og önnur voðaverk hafi verið framin á báða bóga og ekkert sé hæft í því að ríkisvaldið hafi skipulagt herferð gegn Armenum með það markmið í huga að útrýma þeim.

Tyrkir hafa jafnan brugðist ókvæða við þegar einhver heldur því fram að þjóðarmorð hafi átt sér stað. Rithöfundar og blaðamenn hafa verið dæmdir í fangelsi fyrir það eitt að nefna opinberlega þjóðarmorðið á Armenum, og þá á þeim forsendum að í því felist móðgun við tyrkneskt þjóðerni, sem er lögbrot þar í landi.

Tyrknesk stjórnvöld virðast halda í vonina um að „þetta jafni sig“ með tímanum ef ekki er stöðugt verið að yfa upp gömul sár. Samskipti Tyrkja og Armena geti batnað þegar fyrnist yfir þetta deilumál, og því fyrr sem það gerist þeim mun betra fyrir alla.

Frakkar í ónád

Þrátt fyrir hótanir og hörð viðbrögð Tyrkja hafa tuttugu ríki tekið þann

pól í hæðina að tala um þjóðarmorð, þar á meðal Belgía, Frakkland, Holland, Ítalía, Kanada, Rússland, Svíþjóð og Þýskaland.

Árið 2001 samþykkti franska þingið til dæmis lög, þar sem Armenamorðin eru opinberlega skilgreind sem þjóðarmorð. Í kjölfarið versnuðu samskipti Frakklands og Tyrklands til muna og meðal annars var hætt við stóran vopnasölusamning.

Á síðasta ári gengu Frakkar svo enn lengra og samþykktu önnur lög sem gera það refsivert í Frakklandi að neita því að Armenamorðin hafi verið þjóðarmorð.

Þessi frönsku lög hafa reyndar ekki enn tekið gildi, en Recep Tayyip Erdogan sagði Frakka þarna hafa gert „stór söguleg mistök“ og kallaði lögin „mikla skömm og svartan blett á tjáningarfrelsinu“.

Þjóðarmorðið

Armenamorðin í Tyrklandi voru meðal fyrstu skipulögðu þjóðarmorða 20. aldar og voru töluvert



FJÖLDAMORÐ Líkamsleifum armenskra fórnarlamba tyrkneska þjóðarmorðsins hefur þarna verið hrúgað upp þannig að helst minnir á myndir frá helför gyðinga á tímum þýsku nasistastjórinnar.

→ ÞJÓÐARMORÐ

Þjóðarmorð er frekar ankannaleg þýðing á alþjóðorðinu genocide, sem er samsett úr gríska orðinu genos, sem þýðir þjóð, ætt eða tegund, og viðskeytinu -cide, sem er dregið af latnesku sögninni caedere, sem þýðir að drepa. Átt er við morð og önnur voðaverk, sem framin eru í þeim tilgangi að útrýma þjóð eða þjóðernishópi, hvort sem markmiðið er að útrýma hópnum öllum eða aðeins hluta hans, til dæmis þeim hluta sem er innan landamæra einhvers ríkis.

Árið 1948 samþykktu Sameinuðu þjóðirnar Sáttmála um ráðstafanir gegn og refsingar fyrir þjóðarmorð, þar sem aðildarríkin skuldbinda sig til að refsa þeim sem gerst hafa seki um slíka glæpi. Árið 2002 tók síðan til starfa Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn sem hefur það hlutverk að kveða upp dóma yfir þeim sem gerst hafa seki um þjóðarmorð, þjóðernishreinsanir, stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni.



TYRKIR MÓTMELA Þegar franska þingið samþykkti á síðasta ári að viðurkenna Armenamorðin sem þjóðarmorð fjölmenntu Tyrkír út á götur í Tyrklandi og mótmæltu harðlega.

umtöluð í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar. Talið er að Adolf Hitler hafi að einhverju leyti notað þau sem fyrirmynd að útrýmingarherferð gegn gyðingum. Til þess að sefa áhyggjur félagar sinna sagði hann til dæmis: „Hver man nú eftir Armenamorðunum?“

Morðin voru framin flest á árunum 1915 til 1916, og reyndar áfram næstu árin á eftir alveg þar til Tyrkjaveldi liðaðist í sundur árið 1923. Armenar, sem eru kristnir, voru á þessum tíma búsettir víða í Tyrkjaveldi, mest þó í austanverðu landinu, að nokkru á svipuðum slóðum og Kúrdar.

Svokallaðir ungtyrkir höfðu þá komist til valda í Tyrkjaveldi og gerðu hvað þeir gátu til að nútímavæða landið. Þeir tóku hins vegar hart á kröfum Armena um aukin réttindi til jafns við aðra þegna.

Nauðungarflutningar

Tyrkjaveldi var á þessum tíma þátttakandi í heimsstyrjöldinni og barðist gegn Rússa, og þegar hópur Armena gekk til liðs við Rússa í stríðinu var stjórn ungtyrkjanna nóg boðið. Sett voru lög um brottflutning Armena frá stórum svæðum í Tyrklandi og fjölmennir hópar Kúrda voru meðal annars fengnir til að sjá um framkvæmd þess.

Talið er að hundruð þúsunda hið minnsta og hugsanlega allt að 1,5 milljón Armena hafi látist, ýmist voru þeir myrtir eða féllu úr

hungri á leiðinni til Sírlands, en þangað voru flestir þeirra reknir.

Ár hvert minnst Armenar þessara atburða hinn 24. apríl, en þann dag árið 1915 voru 200 þekktir Armenar í Tyrklandi handteknir og skömmu síðar hurfu hundruð manna til viðbótar. Allir voru þeir settir í fangelsi og flestir teknir fljótlega af lífi. Þessi atburður er venjulega talinn upphaf fjöldamorðanna, sem urðu með þeim grimmilegri sem þekkjast í sögunni.

Minningunni haldið á lofti

Í dag búa rúmlega þrjár milljónir manna í Armeníu, sjálfstæðu ríki fyrir austan Tyrkland og norðan við Íran. Í Tyrklandi búa enn innan við hundrað þúsund Armenar, flestir í Ístanbul og nágrenni.

Után Armeníu búa þó enn fleiri Armenar, jafnvel allt að átta milljónir. Þeir hafa verið duglegir við að minna á málstað Armena, hver í sínu heimalandi, og halda á lofti minningunni um þjóðarmorðið.


Meðal þekktara Aremana má nefna tónskáldið Aram Katsjaturian og franska söngvarann Charles Aznavour, rithöfundinn William Saroyan og kvikmyndaleikstjórnann Atom Egoyan.

Í Bandaríkjunum býr líklega hátt í hálf milljón Armena, þar á meðal allir meðlimir rokkhljómsveitarinnar System of a Down sem hefur líklega átt stóran þátt í að efla vitund Bandaríkjamanna um þjóðarmorðið.

→ Deilt um þjóðarmorð

Þjóðarmorðið sem Tyrkir frömdu á Armenum á árunum 1915 til 1917 er stundum sagt eitt mest rannsakaða þjóðarmorð sögunnar, næst á eftir þjóðarmorði þýskra nasista á gyðingum aldarfjórðungi síðar. Demókratar á Bandaríkjaþingi hugðust fá samþykkt ályktun um að George W. Bush forseti skuli nota orðið þjóðarmorð í ræðu 24. apríl ár hvert, en sá dagur er helgaður minningu Armenamorðanna.

FJÖLDAMORÐ: Stærð punktanna sýnir fjölda hinna myrtu.



Sögulegt landsvæði armensku þjóðarinnar

Allt að 1,5 milljónir Armena voru myrtir á árunum 1915-1919. Tyrkir segja einungis um 300 þúsund Armena hafa verið myrta, auk þess sem fjöldamorð og önnur voðaverk hafi verið framin á báða bóga í átökum borgaranna innbyrðis.

ego dekor



Quant
borðstofuskenkur
hvítt háglans
Stærð: 180x50xH:90
Verð: 124.000,-

Quant skápur
hvítt háglans
Stærð: 100x40xH:190
Verð: 128.000,-

Plant sófaborð
Stærð: 90x90
Verð: 38.000,-

Nýtt frá Divany



Borðstofuborð – hvítt háglans
Stærð: 200x100
Verð: 98.000,-



Borðstofuskenkur
Stærð: 180x50xH:85
Verð: 124.000,-
Einnig fáanlegur í stærð: 240x50xH85
Verð: 168.000,-
Fáanlegir í svörtu og hvítu háglans

Zen leðurstóll
Verð: 16.500,-
Einnig fáanlegur í svörtu
og brúnu leðri



Madrid leðurtungusófi
Stærð: 305cmX220cm
Verð: 238.000,-



VIP leðurstóll
Verð: 15.800,-
Einnig fáanlegur í svörtu,
brúnu og hvítu leðri



AÐALSTRÆTI 10, REYKJAVÍK

Endurgerð og nýbygging
Argos-arkitektar 2007

HE: „Ósköp fallett timburhús og er fyrirmyndinni örugglega til sóma. Endurgerðir vekja upp ýmsar sagn- og borgarfræðilegar spurningar, óháð gæðum verksins.“

SK: „Húsið er minnisvarði um upphaf þéttbýlismyndunar á Íslandi. Það er vandmeðfarið að glæða gömul hús nýju lífi og kannski sér í lagi þetta hús. Hér hefur tekist vel til.“

PM: „Fagmannlega að verki staðið að öllu leyti. Endurbyggingin á gamla húsinu er gerð af mikilli þekkingu og nýbyggingin er hógvær án þess þó að vera metnaðarlaus og reynir ekki að ræna athygli manns frá elsta húsi bæjarins.“

SAFNASAFNIÐ SVALBARÐSEYRI

Nýbygging sem tengir tvö eldri hús
Ragnheiður Ragnarsdóttir 2007

HE: „Nær að vera grand, en er á sama tíma látlaus og óefniskendur hluti af lundinum. Sjónlínur, gluggasetningar og lýsing ráða þar líklega mestu um. Sumarbústaðastigarnir eru aðeins sérkennilegir í þessu samhengi, og trufla dálítið sem frekar sveit element.“

SK: „Nýbyggingin hefði annaðhvort átt að taka mið af formgerð eldri byggingar eða vera enn ólíkari henni, þannig að kontrastinn og heildaráhrifin væru meiri. Í sýningarsalnum er innra rýmið látið fljóta út í ytra rýmið. Spurning hvort að það dragi of mikla athygli að sér á kostnað þeirra sýninga sem eru í salnum.“



ÖLGERÐARREITUR, REYKJAVÍK

Endurnýjað húsnæði
Tangram-arkitektar 2005

HE: „Feikilega vel heppnað hús í umhverfi sínu og mætti gjarnan hafa verið í umræðunni eftir brunann á Lækjartorgi. Staerð hússins er brotin niður á snyrtilegan hátt og fellur það að húsunum í kring.“

SK: „Það er nauðsynlegt að byggingin taki tillit til þess borgarlandslags sem henni er ætlað að standa í – þó svo að hún hafi sína eigin sérstöðu. Hér hefur tekist vel til og húsið fellur vel að götumyndinni og styrkir heildarsvip hennar.“

PM: „Ég er ekki sáttur við þessa byggingu á þessum stað vegna þess að ég tel að það hefði átt að vinna



meira með þau umhverfisgæði sem þessi staður hafði upp á að bjóða. Það er gerð tilraun til að láta húsið falla að umhverfinu með því að láta það trappa sig niður frá hári byggingu hægra megin yfir í lágaxna byggingu vinstra megin en mér finnst það engan veginn nóg. Gluggasetning og annað æpir á mann í samhenginu. Byggingin er þó vönduð, sem er meira en hægt er að segja um margt af því sem gert er nú til dags.“



GJÖRNINGA- KLÚBBURINN

Innsetning í Listasafni Reykjavíkur
THG-arkitektar 2007

HE: „Mér fannst þessi umgjörð alls ekki vinna með verkum og hugarheim Gjörningaklúbbsins og vera dálítið frek til fjörsins án þess að hafa nokkuð nýtt fram að færa.“

SK: „Innsetningin virðist búa yfir ákveðnu myndmáli sem ef til vill má rekja til Ódipusarduldar höfundanna er þeir földu sig undir pilsfaldinum hjá móður sinni og sem slík virkar hún.“

PM: „Línurnar eru fallegar og það væri gaman að sjá svipaðar hugmyndir útfærðar í byggingum, minnir mann á Frank Gehry.“



LÆKNINGALIND, GRINDAVÍK

Viðbót við Bláa lónið
VA-arkitektar 2006

SK: „Byggingin nýtur sín og er í takt við hið dulræna íslenska landslag sem hún stendur í og vekur hjá manni dulúð og forvitni.“

PM: „Fallega unnið með umhverfið, að mínu mati. Metnaðarfullur samtímaarkitektúr og virðist vera vandað til verka. Ég hef ekkert nema gott um þetta innlegg í Bláa lónið að segja.“



HRINGBRAUT, REYKJAVÍK

Þrjár göngubrýr
Studio Granda 2005

HE: „Brýrnar eru gríðarlega flottar sem hlutir, en gera nú ekki mikið til að hjálpa upp á stemninguna á hinu langa og kaldranalega arki hins fótgangandi yfir Hringbrautina.“

SK: „Nýjasta kennileiti Reykjavíkurborgar setur óneitanlega svip á borgarlandslagið og virkar sem minnisvarði bílaborgarinnar. Er þetta sú ímynd sem Reykjavíkurborg vill leggja áherslu á?“

PM: „Þetta eru fallegar brýr að mínu mati, en því miður tengi ég þær við þessa misheppnuðu hraðbraut mitt inn í miðri borginni, mistök sem ég vona að verði tekin til baka meðan ég lífi.“



HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Viðbygging
Gláma/Kim-arkitektar 2005

HE: „Flott dæmi um það hvað hægt er að gera mikið með homréttri geometríu og næmri gluggasetningu. Arkitektúr í sínum einföldustu formum, en svínvirkar.“

SK: „Annað dæmi um misheppnað framhald af fúnksjónalísma. Hér er líka verið að reyna að tengja ytra og innra rýmið og er það gert á sem einfaldastan máta, með stórum gluggum. Rýmið verður fyrir vikið kalt og óspennandi.“

PM: „Ég vísa í ummæli mín um Birkimörk í Hveragerði.“

BIRKIMÖRK, HVERAGERÐI

Íbúðir fyrir fjölfatlaða
PK-arkitektar 2007

SK: „Gott dæmi um misheppnað framhald af fúnksjónalísma, því hér er bara verið að horfa á stílinn. Hugmyndafræði fúnksjónalísma gekk fyrst og fremst út á nýtleika byggingarinnar ekki fagurt útlit.“

PM: „Vissulega stílhreinn en að sama skapi kaldur arkitektúr. Það er auðvitað jákvætt að reynt er að leggja eitthvað gott til opinberrar byggingar en þessi bygging vekur upp ýmsar áleitnar spurningar um hvert nútímapyggingarlist stefnir.“

Byggingarlistarverðlaunin 2007

Íslensku byggingarlistarverðlaunin verða veitt fyrsta sinni í dag. Tíu verk keppa til úrslita og verður um leið opnuð sýning á Kjarvalsstöðum, þar sem almenningi gefst kostur á að rýna nánar í verkin, sem öll eru frá byrjun árs 2005 eða yngri. **Klemens Ólafur Þrastarson** fékk þrjá óhrædda álitsgjafa til leiks.



HOF Á HÖFÐASTRÖND, SKAGAFIRÐI

Nýtt íbúðarhúsnæði
Studio Granda 2006

SK: „Hér má sjá einkenni ýmissa byggingarstíla og úr verður hvorki fugl né fiskur. Sumir eru bara að reyna of mikið.“

PM: „Dæmi um afskaplega vel heppnaðan nútímaarkitektúr. Það sem gjarnan er sett út á seinni tíma byggingar er hvað þær í rauninni taka lítið tillit til umhverfisins, þær taka frá fremur en að gefa. Þessi bygging hins vegar tekur mið af umhverfinu og er á sama tíma skemmtilegt innlegg.“



ÍPRÓTTAAKADEMÍAN, REYKJANESBÆ

Nýtt íþróttahús/skóli
Arkitektar.is 2005

HE: „Markerar sig vel í landslaginu og formbyggingin og efnisvalið vel leyst. Dálítið mikið í gangi innandyra í litum, efnisvali og deililausnum sem hefði mátt tóna aðeins niður. Hornglugginn í salnum er hápunkturinn.“

SK: „Ytra útlitið sýnir enn eitt dæmið um misskilinn fúnksjónalísma. Innra rýmið vekur upp spurningar eins og hvort stiginn sé frístandandi skúlptúr eða hvort fólki eigi að líða vel í þessu umhverfi og hvort það eigi að stuðla að aukinni íþróttaiðkun barna og unglínga.“

BESTU TILNEFNINGARNAR

Þau Halldór, Sigríður og Þórður völdu öll endurgerð eða -nýtingu gamla húsa sem bestu tilnefningarnar. Halldór og Sigríður kusu Ölgerðarreitin út frá samræmi hans við umhverfið, en Þórði þótti ekki nóg að gert. Hann valdi fremur endurgerðina við Aðalstræti 10, sem gott og fagmannlegt fordæmi.



Þórður Magnússon (PM)

Tónskáld og stjórnamaður í Torfusamtökunum. „Ef ég ætti að velja mér vinningshafa úr þessum hópi, hugsa ég að ég myndi velja endurgerð og nýbyggingu við Aðalstræti 10. Að hluta til vegna þess að ég er áhugamaður um gömul hús en líka vegna þess að það er tilbreyting að sjá gæði borgarinnar endurheimt. Skapar gott fordæmi og væri gaman að sjá gert meira af þessu.“



Halldór Eiríksson (HE)

Arkitekt og kennari við Listaháskólann. „Þar sem árið hefur að mörgu leyti einkenst af misgáfulegri umræðu um miðbæinn og nýjan og gamlan arkitektúr þar, vona ég að Ölgerðarreiturinn fái verðlaunin í ár. Þannig beinist kannski kastljós umræðunnar um nýjan arkitektúr í miðbænum inn á réttari og jákvæðari brautir.“



Dr. Sigríður Kristjánsdóttir (SK)

Formaður Félags skipulagsfræðinga og lektor við Landbúnaðarháskólann. „Það má greina á milli byggingarlistar og listarinnar að mynda samband. Byggingarlistin setur bygginguna í forgang og tilnefningarnar virðast, því miður, flestar falla undir þetta. Þannig séð sigrar Lækningalindin í Bláa lóninu með yfirburðum. En í borgum standa hús ekki ein upp á hól og því þarf að huga að listrænu sambandi, þannig að myndist heildaráhrif. Íbúðirnar við Frakkastíg sigra að þessu leyti til.“

Þó að byggingin hafi sinn stíl þá er hún fyrst og fremst eining af heildarmyndinni. Við þurfum meira af slíkum byggingum á Íslandi til að búa til betri bæi og borgir. Ölgerðarreiturinn fær því atkvæði mitt.“

Alvöru dísil jeppar fyrir íslenskar aðstæður...

Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,- sjálfskiptur



Engin útborgun...

og þú færð nýjan bíl fyrir aðeins **52.194,-** á mán.*

...upplifðu ósvikinn kraft og fegurð

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn sjálfskiptur dísil jeppi með hátt og lágt drif.

Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**

- 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
- 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvvirk tölvustýrð miðstöð
- Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður • Álfelgur
- **31" TOYO dekk** • Leðurveltistýri og leðurgírstöng
- Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Pakbogar • Þokuljós
- Linsuaðalljós • Hiti í speglum, framrúðu og í sætum
- Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD • 6 hátalarar.

Eyðsla í blönduðum akstri aðeins **8,7 l á 100 km.**



Glæsileg og sérlega þægileg innrétting



Byggður á grind með hátt og lágt drif

Finnst oft að það sé búið að gera allt áður

Pórunn Árnadóttir er nýlega útskrifuð úr Listaháskóla Íslands og var í kjölfarið valin ein af tíu frambærilegustu unghönnuðum á Norðurlöndunum af hönnunartímaritinu Forum AID. **Anna Margrét Björnsson** heyrði í Pórunni, sem er búsett í London um þessar mundir og vinnur fyrir japanska hönnuðinn Tomoko Azumi.

Ritstjóri Forum AID hafði samband við mig stuttu eftir opnun útskriftarsýningarinnar í vor og sagði mér að ég kæmi sterklega til greina sem ein af tíu frambærilegustu útskriftar-nemendum á Norðurlöndunum,“ útskýrir Pórunn. „Ég vissi samt ekkert hvort ég yrði í blaðinu fyrr en það kom út núna í september. Mér fannst það frekar ólíklegt þar sem ég heyrði ekkert frá þeim svo það kom mjög skemmtilega á óvart, og er mér mikill heiður og hvatning.“ Hún útskýrir að hún hafi verið ákveðin í því að læra arkitektúr eftir menntaskóla. „En ég fór í eins árs fornám í Myndlistaskóla Reykjavíkur og kynntist þá vöruhönnun í gegnum námið þar og fannst það mjög spennandi.“ En hvað gerir vöruhönnuður? „Vöruhönnuður býr til hluti sem hægt er að framleiða og selja í einhverju upplagi. Hlutirnir geta verið allt frá tannbursta upp í flugvél. Hann getur ýmist unnið á samningi hjá framleiðslufyrirtæki eða unnið sjálfstætt að sínum verkefnum sem framleiðslufyrirtæki geta nálgast. Það skemmtilegasta við vöruhönnun er að maður getur hannað hvað sem er!“ Pórunn útskýrir þó að endalausir möguleikar séu líka það sem er erfðast við vinnuna. „Það er erfitt að fókusera á hvað maður vill sökkva sér í, hvaða þema, hvers konar notagildi, hvaða form, hvaða efni, liti, framleiðsluáferðir, hvaða markaður. Sömuleiðis eru hindranirnar endalausar, maður labbar á svo ótrúlega marga veggi áður en hluturinn er fullhannaður. Og oft finnst manni eins og það sé búið að gera ALLT áður.“

Hlykkjótt sköpunarferli

Eitt af skemmtilegustu verkum Pórunnar er Clock, eða Klukka, sem var einnig útskriftarverkefni hennar. „Ég byrja oftast á því að kynna mér eitthvað vel sem ég hef áhuga á að vinna með og hef óljósa hugmynd um að gæti nýst sem innblástur í einhvern hlut. Ég les þá bæði texta um viðfangsefnið og safna saman fullt af myndum. Byrja svo oftast á að skissa eitthvað, annaðhvort með teikningum, módelum eða tilraunum í efni. Það er mjög mismunandi hvenær í ferlinu form og efni hlutarins kemur. Það er ekki þannig að ég fái bara allt í einu hugljómun og hugmyndin detti niður í kollinn á mér, það liggja margar kjánalegar tilraunir og teikningar að baki hverri hugmynd. Clock fæddist smátt og smátt í gegnum frekar hlykkjótt ferli, eftir alls konar rannsóknir, vangaveltur og tilraunir sem er eiginlega varla hægt að taka saman í stuttu máli. En í stikkorðum gæti ég útskýrt það svona: tímahugtakið, talningaráferðir, talnagrindur, kaþólsk bænaþönd, vestræn tímaskeytnjun, afrískt tímahugtak, afrískar perlufestar, tannhjól, himinn, sól og tungl!“ Pórunn segist fá flestar hugmyndir sínar seint á kvöldin og oftast í samræðum við einhvern um hugmyndir sínar. „Bara að þurfa að koma orðum að því sem ég er að pæla hjálpar mjög mikið til við að átta mig sjálf á því í hvaða átt ég vil fara með verkefnið. En annars eru áhrifavaldir mínir svo ótalmargir; kennarar, samnemendur, myndlist og aðrir hönnuðir. Hollenski hönnuðurinn Jurgen Bey kom annars og kenndi okkur í vor í nokkra daga og hafði mjög mikil áhrif á mig. Ég veit um fáa sem hafa hrært jafn mikið upp í kollinum á mér og hann gerði á þessum fáu dögum. Eins verður maður að spá í annars konar hönnun, fatatíska gefur manni góða

ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR IÐNHÖNNUÐUR
Ég velti mér frekar upp úr sambandi mannsins við hlutina frekar en að hanna einfaldlega nýtt útlit á einhvern hlut eða að reyna að leita að „vandamálum sem þarf að leysa“.

MYND/TOMOKO AZUMI



hugmynd um tíðarandann og ég hlusta mikið á tónlist. Síðustu mánuði hef ég verið eins konar svampur, sogað inn upplýsingar og áhrif sem mun án efa nýtast mér í næstu verkefnum.“

Samband mannsins við hlutinn

Undanfarna þrjá mánuði hefur Pórunn verið í starfsnámi hjá Tomoko Azumi sem er japönsk og er mjög þekkt og virt innan

alþjóðlega hönnunargeirans. „Ég hef verið að vinna að ýmsum skemmtilegum verkefnum fyrir hana og meðal annars var mér falið að sjá nánast alfarið um eitt verkefni undir handleiðslu hennar, en það var sýnt á „100% Design“-hönnunarviku hér í London um daginn. Það fékk mjög góðar viðtökur og eru strax byrjaðar viðræður við framleiðanda. Þetta tímabil hefur verið alveg

rosalega skemmtilegt og lærdómsríkt og hefur veitt mér reynslu sem maður getur aldrei öðlast í skóla. Tomoko og starfsfólkið hennar eru líka alveg frábær.“ En hvernig er jafnvægið á milli fagurfræðinnar annars vegar og notagildi hins vegar? „Hlutir þurfa heldur ekki að lúta ákveðinni fagurfræði til að vera áhugaverðir. Ég velti mér frekar upp úr sambandi mannsins við hlutina frekar



Það liggja margar kjánalegar tilraunir og teikningar að baki hverri hugmynd.

en að hanna einfaldlega nýtt útlit á einhvern hlut eða að reyna að leita að „vandamálum sem þarf að leysa“. Poppskálin mín er reyndar lausn á „vandamáli“, en hún bendir okkur kannski frekar á það hvernig við notum venjulega hluti eins og skálar og hvernig form þeirra er fastmótað í hugum flestra.

Forðast tiskubylgjur en fylgist með tíðaranda

Pórunn segist lesa margar bækur og greinar sem fjalla um hönnunargeirann, framleiðsluáferðir og umhverfisvitund. „Það er nauðsynlegt að vera vel vakandi í þessum málum til þess að fá einhverja tilfinningu fyrir tíðarandanum og því sem er almennt að gerast í hönnunarheiminum. Það er ekki endilega til þess að fylgja því eftir heldur líka til að forðast það að fylgja eftir tiskubylgjum í algjörrri blindni.“ Hvað varðar íslenska hönnun finnst Pórunni hún vera dálítið undir áhrifum frá hollenskri hönnun. „En það er ef til vill vegna þess að hún hefur verið mikið í umfjöllun tímarita síðustu ár, merki eins og Droog, Moooi og þar fram eftir götunum. En íslensk hönnun getur haft mjög skemmtilegar vísanir í okkar menningu, eins og til dæmis fötin hennar Steinunnar Sigurðardóttur og teppin frá Vík Prjónsdóttur.“ Pórunn fékk nýsköpunarstyrk fyrir „Ofn“ sem hún hannaði fyrir hönnunarsýninguna Kviku. „Það gaf mér tækifæri til að vera með í sýningunni og þróa áfram hugmynd sem ég hefði annars átt erfitt með vegna kostnaðar. Sýningarstjórnin, Guðrún Lilja, veitti mér mikla hvatningu sem hjálpaði mér að klára tvö stór verkefni á sama tíma. Núna er ég að byrja á verkefni sem ég er að gera fyrir Öryrkjabandalag Íslands, en það eru hvatningarverðlaun sem félagið mun veita á alþjóðadegi fatlaðra í desember. Annars er ég að flytja með kærastanum til Coventry í eitt ár og er að leita að vinnu þar, ásamt því að vinna áfram í verkefnum mínum.“

www.thorunn.design.com



„**KLUKKA**“ Sérhver perla í hálsfestinni tákna fimm mínútur, og festin í heild er einn sólar dagur. Appelsínugular og rauðar perlur tákna klukkustundirnar. Eftir því sem hjólið snýst þá dettur ein perla niður á fimm mínútna fresti. Silfurperlan er miðnætti, og sú gyllta er hádegi. Þú getur svo stöðvað tímann og gengið með hálsfestina til þess að sýna að þú stjórnir tíma þínum.“



„**DRAMA**“ Hin fullkomna poppkornsskál. Hönnuð til að passa akkurat í kjöltu poppneytandans.



„**OFN**“ EDA „**BLUSH**“ Heimili okkar er dálítið eins og lifandi vera. Innan í því eru pipur fyrir heitt vatn og rafmagn, eins og æðar í mannslíkamanum. Ofninn er málaður með efni sem breytir um lit eftir hitastigi og roðnar verulega þegar hitinn mælist yfir 30 gráður.

Italsofa

The Italian touch

nýjar sendingar af sófasettum og hornsófum



Verð kr. 332.000.-

Leðurhornsófi



Verð kr. 310.000.-

Leðurhornsófi 2+H+2



Verð kr. 250.000.-

Leðurhornsófi



Verð kr. 329.000.-

Leðursófasett 3+1+1



Verð kr. 425.000.-

Leðurhornsófi með skemli



Verð kr. 228.000.-

Hornsófi sem hægt er að breyta í rúm



Verð kr. 290.000.-

Leðursófasett 3+1+1.



Verð kr. 330.000.-

Leðursófasett 3+1+1.

Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum

Italsofa Frábært verð og gæði
The Italian touch

www.valhusgogn.is


Röltu um verslunina okkar í rölegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Val húsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið Virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16



STÓRIR Í BRETLANDI Kele Okereke, til vinstri, ásamt félögum sínum í hljómsveitinni Bloc Party.

Eiturlyfjaneysla fræga fólksins

Hljómsveitin Bloc Party er líklegast ein stærsta rokkhljómsveit Bretlandseyja um þessar mundir. Hljómsveitin hefur sent frá sér tvær breiðskífur en sú seinni kom út snemma á þessu ári. Bloc Party spilar á Airwaves-hátíðinni í kvöld en sé miðað við seldar plötur er Bloc Party langstærsta hljómsveit hátíðarinnar í ár. **Steinþór Helgi Arnsteinsson** ræddi við **Kele Okereke**, söngvara og gítarleikara sveitarinnar.

Þíð gáfuð Silent Alarm út árið 2004 og svo kom A Weekend in the City á þessu ári. Var mikil pressa á ykkur fyrir útgáfu seinni skifunnar eftir velgengni þeirrar fyrstu?

Nei, eiginlega ekki. Við sem hljómsveit fundum ekki fyrir neinni pressu, fyrir utan kannski pressuna sem við settum á okkur sjálfir. Ég, til dæmis, reyni ekki að lesa hluti sem eru skrifaðir í blöðunum. Þó verið sé að skrifa um að við séum alveg með þetta þá verð ég einfaldlega að hinsa slíkt, sem ég held að sé mjög jákvætt. Ég meina, þú ert ekkert að stofna hljómsveit til þess að láta aðra segja þér hversu frábær þú ert. Þú semur lög vegna þess að þú þarft að tjá þig og svo lengi sem þú heldur þig við það þá ertu að gera rétt.

Reynir þú þá að hinsa fjölmiðla alveg? Já, eins mikið og ég get en það er vissulega erfitt. Það er í eðli mannsins að vilja vita hvað aðrir hafa að segja um mann. Þó það geti verið gaman að heyra fólk hrósa manni þá má maður ekki láta það hafa áhrif á tónlistina sem maður er að skapa.

Finnst þér samt breskir fjölmiðlar ekki töluvert harðari gagnvart sínum hljómsveitum en bandarískir fjölmiðlar gagnvart hljómsveitum frá Bandaríkjunum? Jú, líklega. Breska pressan virkar hins vegar allt öðruvísi. Hún er mun hraðari og til dæmis kemur NME út í hverri viku og það er alltaf ný hljómsveit á forsíðunni. Margar hljómsveitir hafa samt hagnast af þessum mikla hraða fjölmiðlamaskínunnar.

Var Bloc Party ein af þeim hljómsveitum sem hagnaðist af hraðanum hjá breskum fjölmiðlum? Já, alveg klárlega. Ég væri að ljúga að þér ef ég myndi halda öðru fram. Ég meina, það var byrjað að skrifa um okkur jafnvel áður en við höfðum gefið út plötu, vorum meira að segja á forsíðu NME. Við þurftum samt sem áður að standa okkur og gera góða tónlist. Ég mun samt aldrei kvarta yfir fjölmiðlaumfjölluninni.

En réði Bloc Party við hraðann? Ég held að þetta hafi verið lærdómstímabil fyrir okkur. Margar hljómsveitir hafa samt lent í svipaðri stöðu og við og alls ekki ráðið við ástandið. Það getur nefnilega verið gríðarlega hættulegt þegar hljómsveitum, sem eru ekki tilbúnar, er dembt í sviðsljósið. Við vorum hins vegar heppnir. Við vorum góðir og urðum síðan bara betri.

Margar hljómsveitir ráða ekki við athyglina en ég held að okkur hafi tekist það.

Getur þú nefnt einhverjar hljómsveitir sem hafa ekki ráðið við pressuna? Ég hugsa að það væri ekki sanngjarnt af mér.

Eiturlyf eru hluti af lífinu

Förum þá í annað. Síðasta plata, A Weekend in the City, fjallaði að miklu leyti um lífið í London. Hvað varstu að reyna að fanga með þessu umfjöllunar efni þínu? Ég held að þetta hafi verið tilraun til að skapa eitthvað fyrir mig og vini mína um núð. Reyna á einhvern hátt að tjá mig um hvernig mér leið gagnvart lífinu. Platan fjallar einfaldlega um lífið, að vera blindfullur, koma heim, vera þunnur, reyna að finna sér bólfélaga og þannig.

Lifir þú ennþá þannig lífi? Nei, ég get ekki sagt það. Ég held að markmið plötunnar hafi til dæmis verið að sýna hvernig ég var að bregðast við frægðinni sem við fengum árið eftir útkomu fyrstu plötunnar. Margar hugmyndir á plötunni urðu til árið 2005 þegar við vorum á tónleikaferðalagi og þegar ég kom heim eftir það. Þá var ég alveg útkeyrður en fór samt alltof mikið út á lífið. Núna er ég hins vegar mun jarðtengdari og er mestmegnis heima hjá mér þegar ég get. Ég held því að þriðja platan verði töluvert innilegri.

Svo hún verður ekki um kampavinsdrykkju og að hanga með frægu fólki? [Hlær] Nei, ég er nokkuð viss um það. Ég hef ekki lengur þörf fyrir þannig hluti.

En þú hafðir þá þörf fyrir lífsstíl fræga fólksins. Nei, eða jú kannski. Platan er samt ekki um frægðarlífið sem slíkt. Í Austur-London, þar sem ég bý, eru fullt af börum og klúbbum sem eru opnir allan sólarhringinn og allir vita að eiturlyfjasalar eru tilbúnir að koma og hitta þig hvar sem þú ert. Þetta var meira lífið sem ég var að gera upp en ekki endilega þá staðreynd að ég hafi verið frægur. Ég held reyndar að þetta sé svona í öllum borgum.

Einmitt. Þú getur fundið frægt fólk drekkandi kampavín og að nota eiturlyf alls staðar í heiminum.

Já, algjörlega. En eins og ég segi þá fjallar A Weekend in the City ekki um að vera frægur. Ritarar og alls kyns borgarfolk notar líka eiturlyf um helgar og jafnvel meira en nokkur sem ég þekki. Fræga fólk er langt því frá sá hópur sem stundar næturlífið af mestri áfergu.

Ertu þá hættur að stunda partiin, sofa hjá fullt af fólki og að nota eiturlyf? Nei, kannski ekki alveg en upp að vissu marki. Ég er einfaldlega svo oft að heiman. Því reyni ég að halda mér heima við þegar tími gefst til og slaka á. Ég er ekki samt að segja að ég lifi eins og munkur núna, ég er einfaldlega aðeins rólegri.

Þú talar mjög opinskátt um eitur-

lyfjaneyslu þína og þess háttar, sérstaklega í textum þínum. Já, ég tala opinskátt um svona dót því það er hluti af lífi mínu. Og ekki eingöngu hluti af lífi mínu heldur hluti af lífi hjá fullt af fólki. Það er einfaldlega algjört bull að vera halda öðru fram en að eiturlyfjaneysla sé ekki algeng. Svo stimpla fjölmiðlarnir mig af því að ég tala opinskátt um þessa hluti. Staðreyndin er síðan sú að fjölmiðlafólki er það sem notar mest af eiturlyfjum og djammar mest.

Næsta plata á að koma á óvart

Þú talaðir áðan um að næsta plata yrði innilegri. Eru þið byrjaðir að semja nýtt efni? Já, ég er búinn að semja alla textana og við erum að semja tónlistina í þessum töluðu orðum.

Hvað með tónleikana á Íslandi? Munið þið spila eitthvað af nýju efni? Nei, eða við spilum pottþétt nýju smáskífuna okkar, Flux, sem á að koma út í nóvember. Við ætlum einfaldlega ekki að spila neitt af nýja efniinu okkar, við ætlum að senda frá okkur plötuna þannig að fólk geti lagt mat á lögin þá. Ég man til dæmis þegar A Weekend in the City kom út, þá höfðum við spilað helming laganna á plötunni áður á tónleikum og mörg þeirra voru þegar komin á YouTube. Fólk var orðið vant YouTube-útgáfunum jafnvel þó lögin hafi ekki verið fullkláruð. Núna vil ég að platan komi beint út í bláinn.

Eins og nýja Radiohead-platan? Já, að vissu leyti en þeir eru að lenda svolítið í þessu sem ég var að tala um hérna áðan. Átta lög af plötunni hafa verið á netinu í mjög langan tíma og því vissu flestir svona nokkurn veginn hvernig platan myndi hljóma. Ég persónulega varð fyrir miklum vonbrigðum með nokkur atriði á plötunni því á tónleikum höfðu þau hljómað allt öðruvísi og betur. Ég var því orðinn vanari lögnum áður en þau urðu fullkláruð sem er algjört bull. Ekki fyrir sveitina sem slíka heldur fyrir mig sem aðáanda. Ég hafði þegar hugmyndir í kollinum um hvernig platan þeirra ætti að hljóma. Það hefði því verið fínt ef ég hefði ekki heyrt þessi lög áður.

Ég get alveg verið sammála þessu. Ég hafði sem dæmi ekki heyrt eða séð nema kannski tvö lög af nýju Radiohead-plötunni og mér finnst hún frábær.

Hvað með nýju plötuna ykkar, hvenær kemur hún út? Við byrjum líklegast að taka hana upp í byrjun næsta árs. Ég vona því að hún geti komið út á næsta ári en svona mál dragast alltaf á langinn. Ég vil samt ekki gefa út plötu aftur í byrjun árs því þá er maður einhvern veginn í sama farinu allt árið.

Hvaða tími ársins er því kjörinn til útgáfu að þínu mati? Það væri einfaldlega fínt að hún kæmi út á næsta ári. Meira ætla ég ekki að segja þér.

MÆLISTIKAN

■ Á uppleið

Glamúr-hár. Skiptið hárinu í miðju og notið krullujárnið til að líta út eins og Veronica Lake.



Litaðar sokkabuxur. Skærbleikar, karrigular, túrkisbláar, alveg eins og Airwaves-armböndin í ár!



Grasker. Hrekkjavakan er eftir rúma viku og um að gera að fara að skera þau út.

Okursíða dr. Gunna. Handhægar leiðbeiningar fyrir almenna neytendur. this.is/drgunni/okur



Krabbasalatið frá Fylgifyskum. Algjört konfekt.

■ Á niðurleið



Partí í lífsstilsbúðum. Sértilbún rigning innandyrna, humarhalar og BMW sem keyrir í gegnum rúðuna? Kommon...

Ilmvötn sem heita eftir „stjörnum“.

Nei, við viljum ekki lykta eins og Britney Spears eða Victoria Beckham.



Okurverð á veitingastöðum. Fimm eggaldin-bitar á tvö þúsund kall? Hvað er málið?

Fjölmiðlafælmi. Ný lenska að kalla sig fjölmiðlafælinn og setja upp þóttafullan svip.

Appelsínugult kökumeik. Hvers vegna fela ungar stúlkur fagra húð undir öðrum eins viðbjóði?



**30% afsl. af allri
málningu um helgina**

Allir litir heimsins

Allir litir í Húsasmiðjunni.

Þú færð rétta litinn í Húsasmiðjunni. Ef þig vantar hann þá eigum við hann. Blöndum alla liti frá JOTUN og öllum erlendum og innlendum framleiðendum.

••• Litablöndun vefst ekki fyrir okkur.

Ástæðan: Við eigum yfir 100.000 uppskriftir af litum og getum litgreint hvaða lit sem er fyrir þig.

••• EKKERT MÁL

Við blöndum alla liti.

••• Fríar litaprufur í dag meðan birgðir endast



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

BT ENSKI BOLTINN FRÍTT Í HEILT ÁR!* AÐEINS 20 TÆKI!!

SONY

KDL32D3000
SONY 32" LCD SJÓNVARP D3000
Myndstýring: BRAVIA Engine
MOTIONFLOW+ 100Hz - Ný tækni!
Upplausn: 1366x768 HD ready
PIP - myndfrystimöguleiki
S-Force hljómtækni
Svartími: 8ms
HDMI tengi: 3
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2



• FYLGIR

6.2 97

SÝN2
enski boltinn

*12 mánaða áskrift að enska boltanum fylgir.
Fylgir aðeins með Sony D3000 sjónvörpum.
Gildir aðeins með fyrstu 20 tækjunum.

199.999

BT
LÁN

Verð frá:
5.544
59 mánaða



100Hz

SÝN2

32"

SONY

**ENGAR SPÓLUR
EKKERT VESEN!!**



Panasonic

DMREH55
PANASONIC HDD 160GB
160 GB harður diskur
35 tíma upptaka í XP mode
284 tíma upptaka í EP mode
Spilar DivX af CD eða DVD
Spilar MP3
Mpeg2 upptaka
SD kortalesari fyrir video og ljósmyndir

29.999

Með sjónvarpi
19.999

**PRÁÐLAUSIR
BAKHÁTALARAR!!**



Panasonic

SC-PT350
PANASONIC HEIMABÍÓ PT350
500 RMS Wött
Viera Link fyrir Panasonic sjónvörp
Full HD (1080P) UP-Conversion
Práðlausir bakhátalarar

Progressive Scan
USB tengi (MP3 / WMA / JPEG)
HDMI Tengir
Scart tengi
Spilar SVCD/VCD/DVDR/CDR/MP3/JPG/WMA

49.999

MEDION

MD30048
MEDION 32" LCD SJÓNVARP 30048
Týpa: MD30048 LCD vegg sjónvarp
Skjástærð: 32 tommur
Upplausn: 1366x768 HD ready
3D Comb Filter
Noise reduction
Natural Enhanced Sharpness
Borðstandur fylgir
Contrast: 1:1000
Birta cd/m2: 450
Svartími: 6ms
Textavarpssmíni: 1000 síður
Sjónvarpsmóttakari: 1
HDMI tengi: 1
Component tengi: 1
VGA tengi: 1
Scart tengi: 2
A/V tengi: 1
Tengi fyrir heyrnartól: 1
Hátalarar: 2x5W



32"

MEDION



• FYLGIR

6.2 97

89.999

BT
LÁN

Verð frá:
2.897
59 mánaða

BT

Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri



Ökutímar


SAGA UM FORBODNA ÁST MED TÓNLIST EFTIR LAY LOW

Forsala hafin!

Frumskýning

Fös 2/11	kl. 20	UPPSELT	Fös 16/11	kl. 22	Aukaskýning
Lau 3/11	kl. 19	UPPSELT	Lau 17/11	kl. 19	UPPSELT
Lau 3/11	kl. 22	Örfá sæti laus	Fim 22/11	kl. 21	UPPSELT
Mið 7/11	kl. 20	UPPSELT	Fös 23/11	kl. 22	UPPSELT
Fös 9/11	kl. 19	UPPSELT	Lau 24/11	kl. 19	UPPSELT
Fös 9/11	kl. 22	UPPSELT	Lau 24/11	kl. 22	Aukaskýning
Lau 10/11	kl. 19	UPPSELT	Fim 29/11	kl. 20	UPPSELT
Fös 10/11	kl. 22	Aukaskýning	Fös 30/11	kl. 19	UPPSELT
Mið 14/11	kl. 20	UPPSELT	Fös 30/11	kl. 22	Örfá sæti laus
Fös 16/11	kl. 19	UPPSELT	Næstu sýn:	2., 6. og 7. desember	

Í samstarfi við 



ÓVITTAR!

FRÁBÆR
FJÖLSKYLDUSKEMMTUN

UPPSELT út október

Sala í fullum gangi á sýningar í nóv. og des.

Fim 18/10	kl. 20	UPPSELT	Nýjar sýningar í sölu núna:		
Fös 19/10	kl. 20	UPPSELT	Fim 8/11	kl. 20	örfá sæti laus
Lau 20/10	kl. 20	UPPSELT	Fim 15/11	kl. 20	örfá sæti laus
Sun 21/10	kl. 20	UPPSELT	Fös 23/11	kl. 18	örfá sæti laus
Fim 25/10	kl. 20	UPPSELT	Lau 1/12	kl. 15	í sölu núna
Fös 26/10	kl. 20	UPPSELT	Lau 8/12	kl. 15	í sölu núna
Lau 27/10	kl. 20	UPPSELT	Lau 15/12	kl. 15	í sölu núna
Lau 27/10	kl. 20	UPPSELT			
Sun 4/11	kl. 14	UPPSELT			
Sun 4/11	kl. 18	UPPSELT			
Sun 11/11	kl. 14	UPPSELT			
Sun 11/11	kl. 18	UPPSELT			
Lau 17/11	kl. 14	UPPSELT			

Fyrstir koma - fyrstir fá.

Kortasalan enn í fullum gangi en nú fer hver að verða síðastur!

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!

Miðasala: 4 600 200 | netsala: leikfelag.is



STUÐ MILLI STRÍÐA Lúmskir tímabjófur nútímans

SIGRÚN ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR HEFUR ENGAN TÍMA AFLÖGU



Ef ég kemst einhvern tímann í námunda við þá sem fundu upp bloggð, MySpace, Facebook, fjöldataölvu-póstsendingar, msn og allt hitt kem ég ekki til með að vita hvort ég á að þakka þeim fyrir eða ganga í skrokk á þeim. Allt eru þetta stór-sniðug fyrirbæri en þau ræna ómældum tíma úr sólarhringnum.

Við æskuvinkonurnar byrjuðum að blogga fyrir nokkrum árum. Ein bjó í New York, önnur í Danmörku og restinni var vandlega dreift um Íslandið. Þá var þetta kjörin leið til að halda sambandi og segja frá því sem á daga manns

hafði drifið. Ég bý hins vegar við þá þroskahömlun að þurfa að gera allt með trompi – allt minna en fullkomið er tap. Þess vegna finnst mér annað en daglegt blogg ósæm-andi. Færslur án mynda eru að sama skapi leiðilegar, nema þær séu þeim mun skemmtilegri.

Á blessað msn-ið hafa hrúgast inn hjá manni 250 manns. Safnast þegar saman kemur. Mér fannst alveg nóg að vera með blogg og msn. Þess vegna var ég í mótþróa gagnvart MySpace lengi vel. Var engu að síður búin að stofna reikning þar og á Facebook til að geta skoðað myndir hjá vinum og kunningjum. Svo kom að því að bandarísk vinkona mín, sem ég hef hvorki heyrt í né séð í tíu ár, hafði

samband við mig í gegnum MySpace og heimitaði að ég setti inn myndir og tæki virkan þátt í MySpace-maniunni. Átti ég að segja nei við aumingja konuna? Á þeim fjórum dögum sem líðin eru síðan hef ég komist að því að MySpace er „verst“ af þessu öllu hvað tímastuld varðar. Nú er svo komið að ég treysti mér ekki í barneignir þar sem ég hef engan tíma aflögu fyrir Barnaland. Við vitum öll að það er samasemmerki á milli þess hversu reglulega maður uppfærir þar og hversu vænt manni þykir um afkvæmið.

Meðan ég skrifaði þennan pistil talaði ég við þrjá á msn, fékk eitt komment á bloggsíðunni, annað á MySpace og sex bréf í tölvupósti.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





SÍÐAN SKEIN SÓL Helgi Björnsson og félagar í Síðan skein sól hafa gefið út nýja safnplötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Síðan skein sól í 20 ár

Geisla- og mynddiskurinn Síðan skein sól – síðasta vetrardag er kominn út. Um er að ræða tuttugu ára afmælistónleika sem fóru fram í Borgarleikhúsinu átjándapríl síðastliðinn, sem heppnuðust einstaklega vel.

Á tónleikunum spilaði sveitin átján lög af ferli sínum, þar á meðal Geta pabbar ekki grátið, Halló ég elska þig, Ég stend á skýi, Vertu þú sjálfur og Húsið og ég. Gestasöngvarar voru Björn Jörundur, KK og Sýlvía Nótt og gestahljóðfæraleikarar voru Guðmundur Pétursson, Pétur Grétarsson, Kjartan Valdemars-son og Matthías Stefánsson.



THOM YORKE Hljómsveitin Radiohead er á leiðinni í sex mánaða tónleikaferð um heiminn.

Tónleikaferð á næsta ári

Hljómsveitin Radiohead ætlar í sex mánaða tónleikaferð um heiminn á næsta ári til að fylgja eftir sinni nýjustu plötu, In Rainbows. Hefst ferðin um vorið og ætlar sveitin að spila á stærri tónleikastöðum en á síðasta ári.

„Við eigum í viðræðum við aðstoðarmenn okkar í Norður-Ameríku og annars staðar í heiminum. Við ætlum að setja saman dagskrá sem bæði hentar hljómsveitinni sjálfri og er fjárhagslega hagkvæm,“ sagði umboðsmaður Radiohead og bætti því við að söngvarinn Thom Yorke væri ekki mikið fyrir ferðalög. „Hann hefur gaman af tónleikum en að þurfa að hendast út um allan heim er ekki það skemmtilegasta sem hann gerir.“



LINKIN PARK Söngvari Linkin Park úlnliðsbrotnaði á tónleikum í Ástralíu.

Braut úlnlið á tónleikum

„Takk fyrir allar góðu kveðjurnar, ég mun koma þeim áleiðis,“ sagði gítarleikarinn Mike Shinoba á heimasíðu sveitarinnar.

Linkin Park er í tónleikaferð um heiminn til að fylgja eftir plötu sinni Minutes to Midnight. Mun Bennington ekki heltast úr lestinni þrátt fyrir meiðslin.

Hugleikur fluttur til Amsterdam

Rithöfundurinn Hugleikur Dagsson, og bók hans „Is this supposed to be funny?“, fékk 8 í einkunn af 10 mögulegum á fréttavefnum inthenews.co.uk en bókin kom út í Bretlandi í byrjun mánaðarins. Í umsögninni segir að myndasögur Hugleiks séu „svartari en svart“ og að umfjöllunarefnið sé allt frá sjálfsmorðum til innkaupa og kirkjunnar – „eitt-hvað til að móða alla“.

„Þetta hljómar allt saman mjög vel,“ segir Hugleikur glaður í bragði en í gagnrýninni er sömuleiðis spáð fyrir um líkur á því að sögurnar gætu orðið að Hollywood-stórmynd. Höfundur gagnrýninnar metur það sem svo að þróun sagnanna yfir í teiknimynd gæti virkað og bæti því við að söngleikjareynsla „Dagssonar“ kæmi honum þar að gagni. „Það gæti vel komið til greina að gera kvikmynd,“ segir Hugleikur. „Ég skrifaði

náttúrulega leikrit upp úr fyrstu bókinni og er að vinna í því að búa til úr því kvikmyndahandrit. Mér finnst reyndar frekar djúpt í árinna tekið að halda því fram að það gæti orðið Hollywood-smellur. Ég veit ekki hvort mannátið og misnotkunin er efni í það. Þetta er ekki beint Harry Potter.“

Hugleikur flutti til Amsterdam á föstudagsmorgun. „Ég þarf annað hvort að kaupa mér hjól eða stela hjóli. Mér skilst að það sé ekki vitlaust að finna sér dópista til að versla við, þeir stela hjólum og selja þau síðan aftur. Reyndar gæti það verið vont karma, ég held ég eyði frekar pening í nýtt.“ Hugleikur er kominn með húsnæði í borginni. „Ég bý í Jordan-hverfinu, að minnsta kosti fram á vorið. Þetta er mjög skemmtilegur staður, löglegt vændi og því gott fyrir listamenn að vinna hérna!“

- sók



SVARTARI EN SVART Gagnrýnandi breskrar fréttasiðu segir sögur Hugleiks „svartari en svart“ og að þær eigi möguleika á að verða að stórmynd í Hollywood. „Þetta er ekki beint Harry Potter,“ segir Hugleikur.

Falleg og vönduð borðstofuhúsgögn í úrvali



CUBIC húsgagnalínan

Borðstofuborð	69.900,-
Skenkur	59.900,-
Borðstofuskápur	59.900,-
Sjónvarpsskápur	39.900,-



SWS106



SWS111

Ef þú kaupir Cubic borðstofuborð, skenk, borðstofuskáp og sjónvarpsskáp færð þú 6 stk. af SWS106 eða SWS111 stólum í kaupauka.*

*Verðmæti kaupauka allt að 12.990kr pr/stk.

Gildir til 23. október eða á meðan birgðir endast.

Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



kl. 15

Álfheiður Ólafsdóttir opnar sýninguna Líf framundan í galleríinu Art Iceland á Skólavörðustíg 1a í dag kl. 15. Á sýningunni má sjá álfa og tröll og listamaðurinn sjálfur tekur á móti gestum í álfkonuklæðum og segir ævintýri. Enn fremur leikur hljómsveitin XBand á opnuninni.

menning

menning@frettabladid.is

Nútímatækni í 101 Gallery

Nútíminn hefur lögnur orðið listamönnum uppspretta innblásturs. Í dag opnar myndlistarmaðurinn Sara Riel sýninguna Vélakostur í 101 gallery, Hverfisgötu 18 a, í dag kl. 17. Má segja að á sýningunni sé tekist á við fyrirbæri sem mjög einkenna nútímann, en þó í sögulegu samhengi.

Sýningin tekst á við viss tæki og nútímatækni sem við notum og höfum í aldanna rás þróað okkur til þæginda. Um er að ræða lyftuna, sjónvarpið og flugvélar.

Verkin á sýningunni ganga út frá því að við eigum í einskonar ást-hatur sambandi við þessi tæki. Á sama tíma og við nýtum þau í okkar daglega lífi, er okkur einnig illa við þau.

Tæki geta verið skelfileg, tengd fælni og hræðslu og eru í sumum tilfellum notuð í því skyni að ná stjórn á samfélaginu eða jafnvel mannkyninu. Í sýningunni bregður áhorfandinn sér í hlutverk þess mannlegra sem lifir með þessum tækjum.

Á opnuninni verður boðið upp á gjörning sem snertir samskipti manna og véla á beinan hátt, því kl. 18 mun Gunnar Örn Tynes fremja mótörhjólasínfóníu með liðsmenn Sniglanna sér til aðstoðar.

Sara Riel hefur sýnt myndlist sína um víðan völl. Hún nam myndlistarnám við Kunst-hochschule Berlin Weissensee í austur hluta borgarinnar. Þar leiddist hún út í Urban art og var einkar atorkumikil í þeirri senu sem teygir sig langt yfir öll landamörk.

Á sama tíma var hún víðriðin ýmis verkefni og sýningar í hinum klassíska listaheimi og hefur hannað plötuumslög fyrir vel þekktu íslenska tónlistarmenn sem og önnur myndskreytinga og hönnunar verk.

Sýningin stendur yfir til 24. nóvember. 101 gallery er opið þriðjudaga til laugardaga frá 14-17.

LOFTFAR

Eitt af verkum Söru Riel.



Vitjar sekur vettvangs

Skáldinu er mikið niðri fyrir og yrkir af hrimadjúpri tilfinningu en líttli ögun og kann sér víða ekki hóf. Kostir bókarinnar eru augljósir; nærvera skáldsins og alvaran í röddinni, ástríðan; ótamin tjáning og afar víðfleygar vísanir og trúarlegt táknmal sem streymir meira eða minna að sama ósi; meginyrkisefninu, glæpnum – fóstureyðingu.

Viðfangsefnd er viðkvæmt og framsetningin ögrandi þótt hvorki sé hún ný af nál né steypi helgum stömpum. En sjónarhornið er athyglisvert; metafísisk sýn karlmanns á þetta „líkamlega einkamal“ konunnar – „látbragðsleikari og stytta“ (58) – mikil þæling. Persónurnar eru nokkuð skýrar og vinna á, og notkun fornafna fjölbreytileg en markviss. Skáldið og ljódmælandinn beita röddinni á alla vegu og mæla hvor í kapp við annan í allra kvikinda líki. En stundum tala allir í einu og þá heyrast ekki neitt.

Galli bókarinnar er samofinn einum höfuðkostinum, bókin grípur svo oft fram í fyrir sjálfri sér og lesandanum að sá síðarnefndi fær hvorki tíma né tóm til að njóta og spá og týnir inn á milli áttum í bullandi flóði tákna og vísana sem streyma hvert um annað þvert. Skáldið ræður víða ekki við sig og steypir þá saman ýmsum þekktum minnum og óljósum hugsynum úr eigin smíðju; ofhlöðnu tákna, óræðum tilvitnunum og glannalegu myndmáli, og flækir þannig meginmálið og drepur því á dreif í stað þess að hlaða köstinn. Skáldið ætlar sér þá of mikið í senn og svarar spurningum sínum ýmist án afláts eða alls ekki. Hálfkveðnar vísur og ofkveðnar á víxl. En þetta er engu að síður spennandi skáldskapur og kröftug bók; kappsfull og virðingarverð (fjölbragða)glíma við ljóðformið og möguleika þess – og einlæg ástríða.

Meginstefið er sekt. Ljóð um sköpun, vitund, ást, græðgi, vald, fjötra, sársauka; morð og dauða,



BÓKMENNTIR

Glæpaljóð

Kristian Guttesen



sekt og samviskubiti, náð og miskunn. Ekkert léttmeti, hvorki aðföng né efnistösk.

Beinar og óbeinar tilvísanir í Biblíuna eru á þriðja tug í bókinni. Einnig birtast og hverfa munkur, bróðir, faðir, dauðinn og jafnvel trúður í trúarlegu ljósi. Öll er þessi táknavísun/skírskotun ómarkviss þótt ásetningurinn sé góður og sviðsetningin háleit.

En sterkust eru ljóðin sem tala minnst, ljóð sem kveikja eina mynd, eitt meitlað boðorð, ljóð sem fljúga án þess að fá fjadrirnar að láni. Ljóð eins og Manstu... (28):

manstu þegar ljóðin voru ný og ég kom inn og las fyrir þig manstu þegar ég barði þig það var ekki líkamlegt

Bók sem er stór í kostum sínum og löstum.

Sigurður Hróarsson



EIN AF DÓMSDAGSFJÖLUM ÞJÓÐMINJASAFNSINS Ómetanleg menningarverðmæti.

Býsanskur dómisdagur

Sýningin Á efsta degi opnar í Bogasal Þjóðminjasafns Íslands í dag kl. 15. Þar verða sýndar þrettán fornar og fagurlega útskornar furufjalir. Þær eru nú kenndar við bæinn Bjarnastaðahlíð í Skagafirði, en munu upprunalega hafa verið úr mikilfenglegri dómisdagsmynd sem prýtt hefur dómkirkju Jóns helga Ögmundssonar biskups á Hólum í Hjaltadal.

Þjóðminjasafnið fékk fjalirnar að gjöf árið 1924 en þá var uppruni þeirra enn nokkuð á huldu. Það var ekki fyrr en árið 1959 með tíma-mótarannsókn dr. Selmu Jónsdóttur, fyrrverandi forstöðumanns Listasafns Íslands, að fræðimenn sættust um hverskonar verk hafði upphaflega verið að ræða. Selma bar fjalirnar saman við átta aust-rænar eða býsanskur dómisdags-myndir sem varðveist höfðu annarsstaðar í heiminum. Út frá samburðinum leiddi hún rök að því að fjalirnar væru úr stórrí tréskurðarmynd sem sýnt hefði hinn býsanska dómisdag.

Dr. Kristján Eldjárn setti fram þá tilgátu að dómisdagsmyndin hafi upphaflega verið í Hóladómkirkju á tólftu öld. Trúlegt virðist að Jón biskup hafi fengið erlendan útskurðarmeistara til landsins en í langri vígsluferð sinni kom hann meðal annars til Rómar og hefur þá komist í tengsl við býsönsku hefðina.

Eftir komuna á Þjóðminjasafnið voru fjalirnar varðveittar samkvæmt aðferðum þess tíma með því að lím var borið á bakhlið þeirra. Fjalirnar höldu þó illa dvöl í eldri sýningarsölum safnsins þar sem hvorki var raka- né hitastýring og voru þær því orðnar illa farnar þegar safninu var lokað vegna viðgerða árið 1998.

Karen Þóra Sigurkarlsdóttir forvörður stýrði viðgerðinni sem hún segir hafa verið umfangsmikla. „Það tók um eitt og hálf ár að koma fjölonum í sýningarhæft ástand enda voru þær sumar afar fúnar. Þetta var mikil nákvæmnisvinna en vel þess virði þar sem það er mikilvægt að geta sýnt fjalirnar hér á safninu. Þær skipa ómetanlegan sess í íslenski menningarsögu.“

Aðeins örfáar býsanskur dómisdagsmyndir eru þekktar í Vestur-Evrópu og íslenska myndin er önnur tveggja slíkra tréskorinna sem vitad er um í heiminum. Aðrar varðveittar myndir af þessu tagi

voru málaðar á steinveggi, unnar í mósafk eða teiknaðar í handrit.

„Hörður Ágústsson vann á sínum tíma teikningu sem sýnir tilgátu hans um hvernig verkið í heild sinni hefur litið út. Þetta var afar stór útskurðarmynd; áætluð mál hennar eru átta metra lengd og tveggja til þriggja metra hæð. Það er varla hægt að ímynda sér hversu stórfenglegt slíkt listaverk hefur verið í augum fólks á tólftu öld,“ segir Karen.

Sýningin nálgast fjalirnar á margvíslegan hátt. „Saga fjalanna er rakin á sýningunni og svo er stuðst við teikningu Harðar Ágústssonar til að endurskapa verkið í heild sinni. Að auki verða til sýnis teikningar sem Jónas Jónasson frá Hrafnagili gerði af fjölonum þegar þær voru enn í Bjarnastaðarhlíð. Það verða því ekki einungis fjalirnar sjálfar til sýnis heldur reynum við að undirstrika sögulegt gildi þeirra“ segir Karen.

Í tengslum við sýninguna kemur út vandað rit þar sem gerð er grein fyrir rannsóknum á myndfjölonum. Auk Karenar eiga þau Þór Magnússon fyrrverandi þjóðminjavörður, Þóra Kristjánsdóttir listfræðingur og Guðrún Harðardóttir sagnfræðingur áhugaverðar greinar í ritinu.

Sýningin stendur yfir fram til 2. maí á næsta ári. vigdis@frettabladid.is

Rope Yoga

Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir

Bæjarbrauni 22 - 220 Hafnarhöndur
Sími 555-3536 - Gsm. 695-0089
Netfang: osk@osk.is
Veffang: www.osk.is

Ósk.is

ROPEYOGA & ÍSLANDI

Ný byrjendanámskeið hefjast

Mánudagana 22. & 29. október.

Morgunn- hádegis og síðdegistímar

Skráðu þig núna í magnað ævintýri

Takmarkaður fjöldi í hverjum tíma.

Ósk & Rakel



Málverkasýning

Kristín Tryggvadóttir opnar sýningu laugardaginn 20. október kl. 13:00

einstök sýning



Gallerí List

Gallerí List • Skipholt 50A
sími: 581 4020 • www.gallerilist.is

MÍÐASALA Í SÍMA 568 8000
OG Á WWW.BORGARLEIKHUSID.IS

Vesturport BORGARLEIKHÚSÍÐ

ÁST

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON



BJÖRN HLYNUR HARALDSSON



CHARLOTTE BÖVING



TÓNLISTARKONURNAR TANYA OG LYDIA Flytja nýtt verk sem byggt er á hinu íslenska Liljulagi frá 14. öld.

Frumflutningur í Salnum

Tvær framúrskarandi tónlistarkonur frá fyrrum Sovétríkjunum, hin unga, sívaxandi og glæsilega sellóstjarna, Tanya Anisimova, og píanóleikarinn listfengi, Lydia Frumkin, halda tónleika í TÍBRÁ í Salnum annað kvöld.

Þær Tanya og Lydia hafa nýverið leikið þessa sömu efnisskrá á tónleikum í Moskva við góðar undirtektir.

Tanya Anisimova hefur á undanförunum árum heillað áheyrendur upp úr skónum á tónleikum víða um heim. Hún stundaði sellónám við Tónlistarháskólann í Moskva

er lauk síðar doktorsprófi í sellóleik við Yale-háskólann. Lydia Frumkin lærði píanóleik við Tónlistarháskólann í Leníngrad en flýði til Bandaríkjanna að loknu námi og hefur undanfarna áratugi verið prófessor í píanóleik við Oberlin-tónlistarháskólann. Hún kom til Íslands á vegum Listaháskóla Íslands haustið 2003 og hélt píanónámskeið í Salnum í Kópavogi við sérlega góðar undirtektir og hafa margir nemendur beðið þess með óþreyju að hún snúi aftur hingað til lands. Þær Tanya og Lydia eru nú báðar búsettar í Bandaríkjunum og hafa getið sér einstaklega gott orð fyrir tónlistarflutning sinn og kennslu.

Í tilefni af tónleikum sínum hérlendis hefur Tanya, sem einnig

er tónskáld, samið nýtt verk sem ber heitið Íslensk ballaða fyrir selló og píanó, og er verkið byggt á hinu sérstæða íslenska Liljulagi frá 14. öld „Almáttugur guð allra stétta“. Þær stöllu frumflutningi verkið á tónleikum.

Tanya og Lydia hafa leikið margvíslegar efnisskrár gegnum tíðina en á tónleikum í kvöld leika þær Sónötu fyrir fiðlu og píanó í A-dúr eftir César Franck í umritun Jules Delsart, Sónötu fyrir selló og píanó í g-moll op. 19 eftir Sergei Rachmaninoff og loks nýja verkið eftir Tönju.

Tónleikarnir hefjast annað kvöld kl. 20 og er almennt miðaverð 2.000 kr. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Listaháskóla Íslands.

vigdís@frettabladid.is

Verðlaunum rignir á meginlandinu

Þegar tími lægðanna hefst hér í norðrinu er kominn tími á bókmenntaverðlaun á meginlandinu: Nóbélinn er rétt afstaðinn og Doris Lessing hló þegar hún fékk tíðindin: hún væri búin að fá öll verðlaun Evrópu og þessi breyttu engu um hennar hagi, hún væri upptekin við skriftir.

Svo komu Booker-verðlaunin eins og greint var frá hér í blaðinu fyrir fáum dögum. Þá komu verðlaun fyrir bestu skáldsöguna frá þýskumælandi löndum Evrópu en þau voru fyrst veitt við upphaf messunnar í Frankfurt 2005. Þá fékk þau austurríski rithöfundurinn Arno Geiger fyrir sína stóru fjölskyldusögu „Es geht uns gut“. Árið eftir var það skáldkonan Katharina Hacker fyrir söguna „Die Habenichtse“. Það eru samtök bóksala og bókaútfenda sem standa fyrir þessum verðlaunum með tilstyrk Frankfurt og messunnar þar, Spiegel og einka aðila. Tilgangurinn er að vekja athygli á þýskum bókmenntum án landamæra.

Í ár var það önnur skáldkona, Julia Franck, sem fékk verðlaunin fyrir skáldsöguna „Die Mittagsfrau“. Með tvö styrjaldir í baki sögunnar er sagt frá konu sem yfirgefur son sinn í leit að tilgangi í lífinu. Sagan er sögð „sannfærandi og á lifandi tungutaki, sterkri frásögn og sálfræðilegum ákafa“. Sjö menn velja verðlaunasöguna og þora þar í landi að koma fram undir nafni. Þeir sem vilja kynna sér efni tilnefndra verka og lesa úrdrætti þeirra geta litið á vefinn



DORIS LESSING „Ekki trufla mig við vinnu.“

www.signandsight.com en þar eru slík góss í boði. Valið stóð milli 112 skáldsagna.

Innan skamms verða fleiri verðlaun veitt rithöfundum í Evrópu: Goncourt-verðlaunin eru í nánd. Þegar er búið að birta annan vallistann og sá þriðji verður gerður heyrinkunnur á fimmtudag en verðlaunin sem eru þau eftirsóttustu í Frakklandi verða veitt þann 5. nóvember. Og þá verður búið að veita Medicis-verðlaunin og Femina-verðlaunin í ofanálag.

- pbb



SUNNUDAGUR 21. OKTÓBER KL. 20
TÍBRÁ: SELLÓ OG PÍANÓ
TANYA ANISIMOVA og LYDIA FRUMKIN
Miðaverð 2000/1600 kr.

ÞRIÐJUDAGUR 23. OKTÓBER KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
VIÐAR GUNNARSSON og JÓNAS INGIMUNDARSON
Miðaverð 2000/1600 kr.

MIDVIKUDAGUR 24. OKTÓBER KL. 20
SKUGGABLÓM, NÝ ÍSLENSK ÓPERA
2. SÝNING 25. OKT. KL. 20

LAUGADAGUR 27. OKTÓBER KL. 17
TÍBRÁ: PÍANÓTÓNLEIKAR
ALBERT MAMRIEV
Formálsorð kl. 16.15 flytur
Reynir Axelsson
Miðaverð 2000/1600 kr.



ADALSTYRKARADILI SALARINS SPANISJOURNINN
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Tónleikum í Hveragerði aflýst

Til stóð að Júlíkvartettinn héldi tónleika í Hveragerðiskirkju klukkan fjögur á morgun á vegum tónlistarfélags Hveragerðis og Ölfuss.

Tónleikunum hefur því miður verið aflýst. Svo óheppilega vildi til að einn hljóðfæraleikaranna varð fyrir því slysi að viðbeinsbrotna og er því ófær um að leika tónlist um stund.

Það getur vissulega verið hvítleitt þegar örlögin gripa í taumana á þennan hátt, en þeir sem höfðu í hyggju að mæta á tónleikana eru beðnir að snúa sér til Tónlistarfélags Hveragerðis og Ölfuss sé frekari upplýsinga um tónleikana eða annað að þeim lútandi þörf.

Sýningin sem gleymdist

Listasafn Manchesterborgar stendur um þessar mundir fyrir listsýningu sem endurvekur stærsta breska listviðburð nítjándu aldarinnar.

Sýningin fór fram í Manchester árið 1857 og er enn þann dag í dag stærsta myndlistarsýning sem haldin hefur verið í Bretlandi.

Fyrir 150 árum fengu nokkrir af ríkustu og menntuðustu mönnum Manchesterborgar þá hugmynd að halda stóra myndlistarsýningu fyrir almenning. Þeir söfnuðu saman þriðjung allra myndlistarverka sem til voru í landinu á þessum tíma sem gerðu í allt 16.272 verk. Þau voru svo sýnd í stærðarinnar glerskála sem var reistur sérstaklega fyrir sýninguna.

Þegar best lét dró sýningin að sér allt að 30.000 gesti á dag; þar á meðal voru mörg helstu fyrir-menni bresku þjóðarinnar. Til að mynda sóttu Viktoría drottning, Charles Dickens, Benjamin Disraeli og Florence Nightingale öll sýninguna heim.

Það kom þó á óvart að sýningin var ekki síður vel sótt af almennu verkafólki sem lét sig hafa það að borga skilding til að hljóta inn-göngu.

Sýningin ruddi braut ýmsum síðum sem í dag eru viðteknir í heimi myndlistarsafna. Má þar



MÁLVERKIÐ THE DEATH OF CHATTERTON Þetta verk eftir Henry Wallis var vinsælasta verkið á sýningunni 1857.

helst nefna þann sið að raða myndum eftir tímaröð fremur en eftir myndefni. Þrátt fyrir þetta má leidda líkur að því að listunndur nútímans yrðu hissa á mörgu gætu þeir stigið 150 ár aftur í tímann, enda var sýningin um margt frábrugðin því sem tíðkast nú. Til að mynda voru listaverkin látnin hylja veggi frá gólfi í loft og því urðu sum þeirra sýnilegri en önnur. Engar skýringar fylgdu með verkunum og ekki var mögulegt að kynna sér þau í sýningarskrá þar sem hún kom ekki út.

Vinsælasta verkið á sýningunni var olíumálverk eftir Henry Wallis sem sýnir sjálfsmorð skáldsins unga Thomas Chatterton. Vinsældir verksins voru slíkar að stjórnendur sýningarinnar þurftu að kalla á lögreglumenn til að

vernda verkið fyrir áhorfendaskaranum sem iðulega safnaði saman við það.

Þrátt fyrir umfang sýningarinnar og brautryðjendastöðu hennar í breskri myndlistarmeningu hafa fæstir Bretar nokkurn tímann heyrt á hana minnst. Hugsanleg ástæða fyrir þessu er sú að á sínum tíma þótti óviðeigandi að halda listviðburð í skítugri iðnaðarborg eins og Manchester.

Fleiri en einn gagnrýnandi sýningarinnar lét í ljós það viðhorf að það gæti leitt til þess að verkafolk færi að kynna sér list, en slíkt væri ótækt. Þetta viðhorf skilaði sér til listsagnfræðinga sem virðast margir hafa gert sitt besta til þess að má þennan viðburð út úr meðvitund bresku þjóðarinnar.

Í tilefni af 150 ára afmæli sýningarinnar ákváðu yfirvöld í Manchester þó að minna á sýninguna með því að smala saman sem flestum af verkunum sem á henni voru og endurskapa hana þannig í listasafni borgarinnar. Erfitt hefði verið að ætla að endurskapa sýninguna nákvæmlega þar sem hún innihélt óheyrilegan fjölda verka. En á sýningunni sem nú stendur yfir má upplifa helstu meistaraverk breskrar myndlistar frá 19. öld. Sýningin stendur fram til 27. janúar á næsta ári.

vigdís@frettabladid.is

Geirmundur Valtýsson í kvöld
Fjölbreyttur sérrettaseðill og tilbodsmatseðill á leikfúskvöldum

Vegna gífurlegra vísulegra - aukasýningar í Rvk
25. OKT. - ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 20.00
26. OKT. - ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 20.00
27. OKT. - ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 19.00
1. NÖV. ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 20.00
2. NÖV. ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 20.00
3. NÖV. ÓPERAN REYKJAVÍK KL. 19.00
Mikilsstaðalega í Óperan | Síma 911-4200
Þá kl. 14 | 18 og 19.00

Pabbinn
FRÁBÓKA Á TÖR UM LANGIÐ - ALLAR UPPLÝTINGAR WWW.PABBINN.IS

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Listamenn spjalla

Þessa dagana sýnir START ART listamannahús verk Steingríms Eyfjörð og Hjartar Hjartarsonar. Listamennirnir taka á móti gestum í galleríinu í dag kl. 14.00.

Steingrímur Eyfjörð, sem var fulltrúi Íslands á Feneyjatvíværingnum 2007 sýnir á veggjum Loftisins ný og eldri verk unnin með blandaðri tækni. Sýningin í START ART er fyrsta sýning Steingríms á Íslandi eftir Feneyjatvíværinginn.

Hjörtur Hjartarson sýnir nýja málverkaröð, FLETIR í Forsal en myndefnið sækir listamaðurinn í lítinn landskika rétt utan við

Reykjavík. Verkin eru unnin með olíu á striga og endurspegla allar árstíðir og alla tíma dagsins í litum og tönnum.

Sýningunum hefur verið framlengt til miðvikudagsins 31. október. START ART, Laugavegi 12b er opið frá 10.00-17.00 virka daga, laugardaga frá 11.00-16.00 og eftir samkomulagi.

STEINGRÍMUR EYFJÖRD
Myndlistarmaður



Kauptu Mýrina... ...eða þú ert næst/ur!



• 1.999



Stærsta íslenska kvikmynd allra tíma,
Mýrin er nú loksins fáanleg á DVD í BT.

BT

Eitt lofaðasta meistaraverk
síðustu ára er skyldueign
á hvert einasta heimili
landsins!



> TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

YOKO OG CHANEL

Íslandsvinkonan **Yoko Ono** sýnir á samsýningunni „Chanel's Mobile Art Project“, en þar er á ferð framtíðarlegur skáli eftir arkitektinn Zaha Hadid sem inniheldur verk eftir listamenn eins og Ono, Sophie Calle, Subodh Gupta og Sylvie Fleury. Öll verkin eru innblásin af handtöskum Chanel.

IGGY POP Á FASHION ROCKS

Fashion Rocks-hátíðin fór fram í Royal Albert Hall í London í fyrradag. Stella McCartney og Donatella Versace vöktu miklu athygli með sýningum sínum en sú síðarnefnda fékk rokkarann Iggy Pop til að æða um sviðið.

„TRASH“-LÚKK Í BORG ENGLANNA

Tískuvikan í Los Angeles hófst í fyrradag og hönnuðurinn Jeremy Scott sló í gegn með „rusl“-línu en fyrirsætur gengu niður pallana með ruslafötulök á höfðinu og skóför á kjólunum.

stíll

utlit@frettabladid.is



... geggjaða flúorbleika uppreiðmaða skó frá OXS. Fást hjá 38 þrepum, Laugavegi.

OKKUR
LANGAR Í
...



... Skvisulega laktösku frá einu heitasta merki Ítalíu um þessar mundir, Gambini. Fáest hjá 38 þrepum, Laugavegi.

... Immortelle Very Precious Cream. Dásamlegt næturkrem með fágætri olíu Immortelle blómsins. Frá L'Occitane, Laugavegi.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA Anna Margrét Björnsson

Rauðar skulu þær vera

Þegar gullinn húðblær sumarsins er á brott er um að gera að byrja að leika sér með meiri farða en ella. Veturinn býður upp á miklar nýjungar í förðunartísku og það sem kemur sterkast inn er eins konar „Hollywood“-lúkk gullnu árána. Filabeinshvít húð, svartur eyeliner og eldrauðar varir eru það allra heitasta um þessar mundir en einnig einskona „Kleópöttru“-málning innblásin af Elizabeth Taylor í samnefndri kvikmynd. Þær ævintýragjörnu geta því leikið sér með bláa og græna augnskugga en það sem mér persónulega finnst alflottast er lúkkið sem Miuccia Prada sýndi fyrir haust og vetur – einfaldur svartur kisu-eyliner sem nær næstum út á gagnaugað og eldrauðar varir. Ég er persónulega hálfgerður byrjandi hvað rauðan varalit varðar og líður alltaf eins og ég hafi stolist í varalitinn hennar mömmu. Fyrir mér er rauður varalitur tengdur við einhvern óaðfinnanlegan glamúr og óljósar æskuminningar af kvenkyns fjölskyldumeðlimum sveipuðum ilmvatnsskjújum af YSL Rive Gauche og púðurkennndri lyktinni af finum varalit. Tískustráumar geta boðað



ýmsa liti á vörum kvenfólks, allt frá skærbleiku, glæru, svörtu og húðlituðu en það er ekkert, ekkert eins dásamlega kvenlegt og munúðarfullar og eldrauðar varir. Þær vekja upp minningarbröt úr málverkum, kvikmyndum og kossum. En ef kona er óvön því að bregða á sig tveimur umferðum af Chanel „Fire“ eða svipuðum litatón þá bregður henni rækilega við undirtektirnar. Allt í einu er horft meira á hana, fólk tekur hana alvarlegar, hún verður valdameiri, því rauði liturinn virðist auka við sjálfsöruggi og persónuleika. Svo verður maður gjarnari til þess að brosa. Rauður litur gerir tennurnar hvítari og fallegrí og fær húðina til að ljóma. Til þess að rauður varalitur virki sem best í heildarmyndinni er ráðlegast að halda sig við einfalda liti eins og grátt, svart, jú eða rautt í klæðavali, og einfalda hárgreiðslu. Rauðar varir krefjast hugrekksis, en nú er tími til kominn til þess að sýna að þú eigir nóg af því!



KVENLEGT Falleg siffonblússa með kínakrafa og víðar buxur í stíl í rústrauðu, mynstruðu efni.



BLÓMABARN „Seventies“-áhrifin eru augljós í þessari fagurgrænu þrjónapeysu og siffonbuxum.



ÁLFADROTNING Fyrirsætan Lara Stone í þrjónuðum bol og víðu blómapiði í grænum tónum.

MIUCCIA PRADA SÝNIR RÓMANTÍSKA LÍNU FYRIR VOR/SUMAR 2008

SKÓGARDÍSIR OG SIFFONDRESS

Tískuhúsið Prada tók kúvendingu í stíl fyrir vor og sumar 2008. Undanfarnar línur hafa verið skarpar og anarkískar en nýjasta lína Miucciu Prada var innblásin af hippa-tímabilinu og Art Nouveau-stefnunni. Fyrirsætur voru í rómantískum mynstruðum siffonblússum, útvíðum buxum, víðum bóhem-legum pilsum og gylltum korsetlittum. Grænir skógarlitir voru í fyrirrími og mynstrin voru af álfadísu og blómum. Allt þetta minnti dálítið á hönnun frá Biba eða Ossie Clark í lok sjöunda og byrjun áttunda áratugarins en með nýjum og ferskum áherslum. Nýjasta „músa“ Miucciu Prada er fyrirsætan Lara Stone sem gefur til kynna að stór brjóst frá náttúrunnar hendi eru komin aftur í tísku!

amb@frettabladid.is



LOGAGYLLT Frumlegar skóhlífar við sandala í grískum stíl.



FRUMLEG SAMSETNING Gylltur toppur við hippalegt, karrigult mynstrað pils.

Hvað er að fréttu?

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar

Sexy skótíska

Frumleg skóhönnun var í fyrirrúmi á nýafstaðinni tiskuviku í París. Hönnuðir sýndu kynþokkafulla og framúrstefnulega skó sem voru skemmtilegt mótvægi við dömulega og settlega fatatísku. - amb



FRÁ VINSTRI TIL HÆGRI: Svartir lakkskór með hvítum þríhyrndum hæl frá Chloé. Drapplitaðir lakkskór með bleikum, þríhyrndum hæl frá Chloé. Hvítir skór með þríhyrndum hæl frá Chloé. Svartir og bleikir „pagoda“ skór frá Alexander McQueen. Svartir og fjólubláir pinnahælar frá Yves St. Laurent.



ART NOUVEAU Stór blómamynstur á buxnadrægt úr siffoni.



DÖMULEGT Plómulitað mynstrað siffondress.

SÍÐAN SKEIN SÓL

SÍÐASTA VETRARDAG


20 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR Í BORGARLEIKHÚSINU

GEISLAPLATA OG MYNDDISKUR ER KOMINN Í VERSLANIR

1. SYNGJUM ÓÐ
2. ÉG VILD'ÉG VÆRI
3. SÍÐAN HITTUMST VIÐ AFTUR
4. EF ÉG VÆRI GUÐ
5. GETA PABBAR EKKI GRÁTÍÐ?
6. HALLÓ ÉG ELSKA PIÐ
7. EINMANA
8. ENGILL
9. VERÐ AÐ FLJÚGA
10. ÉG STEND Á SKÝI
11. MÉR VAR SVO KALT

12. NOSTALGÍA
13. SKRÍTÍÐ
14. NÓTTIN HÚN ER YNDISLEG
15. VERTU ÞÚ SJÁLFUR
16. LOF MÉR AÐ LIFA
17. HÚSIÐ OG ÉG
18. SVO MARGA DAGA

AUKALAG Á DVD:
ÞÚ ERT EKKERT BETRI EN ÉG



sena

okkar heimur // þín skemmtun



> HOLLRÁÐ

Naomi Watts hefur ráð undir rífi hverju fyrir nýbakaðar mæður. Hún eignaðist son í lok júlí og lumar á góðum ráðum fyrir mæður sem eru enn að ná af sér aukakílónum. „Ég á helling af mjög massifum nærfötum. Svo hjálpa klassísk snið líka til við að hressa upp á óæfðan líkama,” segir Naomi.

fólk

folk@frettabladid.is



Amy handtekin í Noregi

Söngkonan Amy Winehouse var handtekin í Noregi ásamt eiginmanni sínum, Blake Fielder-Civil, á fimmtudagskvöld, fyrir að hafa eiturlyf í fórum sínum. Winehouse kom til Bergen á fimmtudag, en hún hélt tónleika þar í gærkvöldi. Hún var handtekin skömmu eftir komu sína á Radisson SAS hótelið þar í borg, eftir að lögreglu barst ábending um eiturlyfjavörslu hjónanna.

Lars Morten Lothe, talsmaður lögreglunnar í Bergen, sagði í gær að söngkonunni hefði verið sleppt aftur eftir að hafa greitt sekt upp á 500 evrur, andvirði ríflega 40 þúsund íslenskra króna. Á hjónunum fundust sjö grömm af marjúana, og sagði Lothe að málinu væri lokið hvað lögregluna varðaði.

„Þetta gerðist svo hratt að það vissi enginn hvað var að gerast – ekki einu sinni hljómveitin hennar,” sagði vitni að handtöku. „Eftir allt farið í kringum eiturlyfjaneyslu Amy er það ekki skrítið að lögreglan fari sérstaklega varlega þegar hún ferðast á milli landa – sama hvort hún hefur gert eitthvað eða ekki,” sagði vitnið.

Fyrr á árinu féll stjarnan niður eftir ofneyslu eiturlyfja, og hún og eiginmaður hennar leituðu sér meðferðar í kjölfarið. Foreldrar Amy og fleiri aðstandendur hafa lýst yfir áhyggjum af líferni hennar.

Söngkonan kemur fram á tónleikum í Ósló í kvöld.



UNDIR EFTIRLITI
Eiturlyfjaneysla Amy hefur farið hátt í fjölmiðlum síðustu mánuði. Hún var handtekin fyrir að hafa eiturlyf í fórum sínum í Bergen á fimmtudag.



FORELDRAFRI Islau Fisher og Sacha Baron Cohen fæddist dóttir síðastliðinn miðvikudag.

NORDICPHOTOS/AFP

Borat faðir í fyrsta sinn

Sacha Baron Cohen og Islu Fisher fæddist dóttir í Los Angeles á miðvikudagskvöldið. Isla og Sacha, sem er hvað þekktastur fyrir að bregða sér í líki Ali G og Borats, hafa verið trúlofuð frá árinu 2004, en eiga enn eftir að ákveða brúðkaupsdaginn. Isla hefur áður sagt að hún muni taka sér pásu frá vinnu um stund til að einbeita sér að móðurhlutverkinu.

„Það kemur ekki til greina að ég muni hafa áhyggjur af því að missa úr vinnu eða finnast að ég verði að léttast. Akúrat núna geri ég ekki einu sinni ráð fyrir vinnu. Nú sinni ég bara einkalífi mínu.“



SPENNT Pau Baldur Þórhallsson, Vigdís Gunnarsdóttir og Felix Bergsson voru meðal gesta í Háskólabíói.

FRÉTTABLAÐIÐ/ROSA



LEIKSTJÓRI Í FRÍÐU FÖRUNEYTI Ragnar Bragason ásamt leikkonunum Nönnu Kristínu Magnúsdóttur og Nínu Dögg Filippusdóttur.

Sterkar tilfinningar á Syndum feðranna

Heimildarmyndin *Syndir feðranna* eftir þá Ara Alexander og Bergstein Björgúlfsson var frumsýnd í Háskólabíói á fimmtudagskvöldið. Fjölmenni mætti á frumsýninguna og kallaði myndin fram sterkar tilfinningar hjá mörgum.



LEIKSTJÓRARNIR Ari Alexander og Bergsteinn Björgúlfsson voru að vonum sáttir eftir að myndin var frumsýnd.

Syndir feðranna lýsir hörmulegum og skelfilegum aðstæðum á betrunarheimilinu Breiðavík á árunum 1953 til 1972. Málið komst í hámmáli fyrr á þessu ári og vakti bæði gríðarlega athygli og reiði úti í þjóðfélaginu, ekki síst í ljósi þess að þarna höfðu stjórnvöld brugðist þessum drengjum er þarna voru vistaðir.

„Þetta var mjög átakanleg mynd en um leið mjög fallega gerð,” segir leikstjórinn Ragnar Bragason sem var meðal gesta. „Það er orðið langt síðan maður varð jafn hræður í kvikmyndahúsi,” bætir hann við. Felix Bergsson leikari tók undir þessi orð og sagði þetta hafa verið ákaflega sterka mynd. „Þeir voru ekkert að velta sér upp úr hlutunum heldur leyfðu strákunum að tala og segja hlutina eins og þeir voru. Þetta er saga sem varð að segja og þeir Ari og Bergsteinn gera það mjög

vel,” segir Felix sem fór sjálfur vestur á Breiðavík í sumar og dvaldist hjá staðarhöldurum, Birnu Atladóttur og Keran Stueland Ólason. „Ég held að allir hafi gott af því að fara þangað og setja sig í spor þessara stráka og reyna að sætta sig við þessa sögu,” bætir Felix við.

Fullt var út úr dyrum í Háskólabíói og var meðal annars gripið til þess ráðs að bæta við stólum. Myndin hafði augljóslega mjög sterk áhrif á viðstadda og höfðu margir orð á því að þeir ættu eflaust erfitt með svefn um nóttina.

freyrgija@frettabladid.is

Komdu og fáðu bakpoka!

Króni og Króna minna félagi á að koma í Sparisjóðinn sinn og ná sér í bakpoka með mynd af Sveppa*. Það er líka upplagt að tæma baukinn í leiðinni.

Við hlökkum til að sjá þig!



*Gildir á meðan birgðir endast.

SPARISJÓÐURINN



ÖRYGGISMÁL Í FYRIRRÚMI Dagur B. Eggertsson fékk hlýlegar móttökur hjá öryggisvörðunum á Kjarvalsstöðum, eins og allir aðrir gestir flugtaksveislunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR


Airwaves í loftið á Kjarvalsstöðum

Það var margt um manninn í svokölluðu Take-off partíi sem Icelandair bauð til á Kjarvalsstöðum á fimmtudagskvöldið í tilefni af Iceland Airwaves. Listasafnið fékk á sig svip flugvallar, og öryggisverðir vopnaðir brennivíni tóku vel á móti öllum gestum, eins og Degi B. Eggertssyni borgarstjóra. Til veislunnar var boðið erlendum blaðamönnum sem Icelandair hefur flutt hingað til lands til að fylgjast með tónlistarhátíðinni, hljómveitum og öðrum góðvinum Airwaves.



GAMAN Á AIRWAVES Söngkonan Keny var mætt með vinkonum sínum í opnunarteyti Airwaves.

Nýtt í Hagkaupum



DVD

KR. 1.999



CD
DVD

Síðan Skein Sól

KR. 2.499



CD

Megas

KR. 1.999



PC

KR. 2.999

*Gildir einungis um helgina!



CD

Sprengjuhöllin

KR. 1.999

Mest seldi platan á Íslandi í dag

*Gildir 21. okt

HAGKAUP
Sæmmtilegast að versla

Keppt um dans ársins

Yfir eitt hundrað dansar hafa verið skráðir í samkeppni um dans ársins 2007 sem útvarpsstöðin FM957 og Dansráð Íslands standa fyrir. Allir þátttakendurnir sýna sinn dans í Vetrargarðinum í Smáralind í dag fyrir framan sjö manna dómnefnd. Velur hún síðan tíu bestu dansana sem keppa til úrslita viku síðar á sama stað. Í úrslitunum verður hópur fólks á öllum aldri á dansgólfinu og hver keppandi fær átta mínútur til að kenna hópnum dansinn.



DANS Kara Arngrímsdóttir dansar við Jón Pétur Úlfjótsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sextugustu tónleikarnir

Söngvarinn Cliff Richard, sem hélt vel heppnaða tónleika í Laugardalshöll fyrr á árinu, ætlar að fagna sextugsafmæli sínu í tónleikahöllinni Wembley Arena á næsta ári þar sem hann heldur sína sextugustu tónleika.



CLIFF RICHARD

Alls verða þrennir tónleikar og eru þeir hluti af tónleikaferð hans, Time Machine, þar sem hann fagnar fimmtíu ára tónlistarferli sínum. Richard á metið yfir fjölda tónleika í Wembley Arena og er langt fyrir ofan söngvarann Luther Vandross sem hefur spilað þar 44 sinnum. Richard söng fyrst í höllinni árið 1960.

Ný hlutverk Olsen-systra

Síðustu árin hafa borist nánast vikulega fréttir af því að nýjar Hollywood-stjörnur hyggist reyna fyrir sér í hönnun og tísku í samstarfi við þekkt merki. Olsen-tvíburarnir fóru þó sína eigin leið.

Mary-Kate og Ashley Olsen hafa verið þekkt andlit frá því að þær voru eingöngu hálf árs gamlar. Fyrirtæki systranna, Dualstar Entertainment Group, hefur malað gull á frægð þeirra í gegnum ýmis konar varning merktum tvíburunum, ásamt framleiðslu á myndum þeirra.

The Row er nýtt fatamerki frá systrunum, sem sker sig svo sannarlega úr því flóði af verkefnum sem gerð eru í samstarfi Hollywood-stjarna og fatahönnuða sem hefur dunið á okkur síðustu mánuði og ár. Báðar stúlkurnar hafa vakið mikla athygli fyrir eigið fataval og smekk á síðustu árum og The Row ku byggja á þeim smekk.

„Wal-mart snerist um viðskiptavininn,“ segir Ashley í nýlegu viðtali við New York Magazine, en aðrar vörur systranna hafa verið seldar í þeim verslunum ytra. „Það kenndi okkur að höfða til fjöldans. Þetta snýst um mig og systur mína og hverju okkur líkar að klæðast,“ segir hún.

Línan samanstendur aðallega af bolum, þar á meðal „hinum fullkomna stuttermaból“ – en á honum er bara að finna einn einasta saum. Þar fyrir utan setja minimalískar klæðskerastíðir flíkur mark sitt á línuna. Klæðin eru hvergi merkt Olsen-systrunum sjálfum, og ólíkt svo til öllum öðrum fatalínum sem berast frá fræga fólkinu hafa systurnar hvorki notað eigin nöfn né andlit í auglýsingaskyni fyrir línuna.

The Row hefur hingað til bara fengist í vöruhúsi Barneys í New York, og Maxfield í Los Angeles, en fæst nú einnig í vefverslun Browns í London. Þar að auki hafa stúlkurnar kynnt nýja og aðeins ódýrari línu, sem heitir eftir systkinum þeirra, Elizabeth og James.



NÝ HLUTVERK Mary-Kate og Ashley Olsen hafa skapað sér nafn í tískuheiminum með línunni The Row, og hinni nýju Elizabeth and James.

NORDICPHOTOS/GETTY



MILLA JOVOVICH OG CARMEN HAWK



GWEN STEFANI



JENNIFER LOPEZ



NICKY HILTON

AÐRIR HANNA Í EIGIN NAFNI

Olsen-systur eru ekki þær einu sem hafa látið samstarf við keðjur lönd og leið og staðið á eigin fótum í tískustrámunum. **Jennifer Lopez** á fyrirtækið Sweetface, sem hefur sent frá sér fatnað undir nöfnunum J.Lo, Sweetface, og nú síðast JustSweet.

Gwen Stefani sendi frá sér fyrstu flikurnar í L.A.M.B.-línunni sinni árið 2004, á sama tíma og **Milla Jovovich** og Carmen Hawk ýttu merkinu Jovovich-Hawk úr vör. **Nicky Hilton** á svo merkin Chick by Nicky Hilton og Nicholai með húð og hári.

Lifandi heimur Halo

Halo 3 hefst í Afríku þar sem að Master Chief hefur hrapað til jörðu eftir að hafa stokkið út úr geimskipi í lokin á Halo 2. Jörðin er undir árás frá „The Prophet of Truth“ og hans herjum, þeir eru á eftir örkinni og hika ekki við að leggja jörðina í eyði. Þú þarft sem Master Chief að stöðva þá og finna leið að bjarga Cortana úr viðjum Gravemind. Leikurinn skartar nú köflum og eru söguvið leiksins mjög fjölbreytt, frumskógar Afríku, geimskip, geimstöðvar og nýir heimar. Halo 3 er kannski enginn Gears of War en það sem hann skortir í pólýgonum bætir hann upp svo sannarlega í gullfallegum heimi sem Bungie Studios höfundar Halo-seríunnar hafa skapað. Heimurinn er lifandi og hver hlutur sem ber fyrir augu þín hefur tilgang. Hljóðhönnun leiksins verður líka að nefna sérstaklega, bæði gullfallega tónlist ásamt góðri raddsetningu.

Þegar þú hefur klárað bardagann mikla þá bíður eftir þér enn stærri bardagi, netspilun. Í gegnum Xbox Live bíða þín milljónir manna til að spila við. Hvort að það er í gegnum fjögurra manna Co-Op-spilun í gegnum söguna aftur, eða 16 manna netspilun. Það er gríðarlegur fjöldi möguleika



sem bíða þín í netspilun. Það er hægt að spila alla helstu hlutina eða hreinlega búa til sína eigin. Það er hreinlega hægt að eyða dögnum saman að búa til nýja leiðir fyrir þig og vini þína að spila leikinn. Hvern hefur ekki langað í



TÖLVULEIKIR

Halo 3

X-Box 360

★★★★★

Skyldueign og ástæða til að kaupa X-Box 360 ef þú átt hana ekki fyrir.

smá hafnarbolta með fólk eða jeppa?

Þegar að þú ert búinn að eyða tíma í þessu öllu eru enn tveir hlutir sem gera upplifunina bara enn betri, og það er Forge og Theater. Forge er innbyggð forrit í Halo 3 sem leyfir þér að gjörbreyta öllu borðinu og staðsetningu allra hluta jafnvel á meðan vinir þínir eru að spila leikinn. Theater er filmu partur leiksins, þegar þú spilar í leiknum sjálfum eða á netinu tekur leikurinn afrit af því, eftir á er hægt að fara og skoða það frá öllum hliðum og taka vídeó og myndir af því. Síðan er hægt að senda þetta allt saman á heimasíðu Bungie fyrir vini þína að njóta.

Sveinn A. Gunnarsson



staerðir 16-32

haust útsala

rýmum fyrir nýjum vörum

verðdæmi:

blússur	2000
buxur	2000
jakkar	5000

evans.
smáralind & kringlu



Biblía

21. ALDAR

Biblían

Fyrsta heildarþýðing Biblíunnar á íslensku í heila öld

TVÆR STÆRÐIR • FIMM MISMUNANDI ÚTFÆRSLUR • 1872 BLAÐSÍÐUR

BIBLÍA 21. ALDARINNAR

Nýja biblíuþýðingin miðast við breiðan lesendahóp og notkun í helgihaldi kirkju og safnaða. Þýtt er nákvæmlega úr frummálunum og tillit tekið til stíls frumtexta og íslenskrar biblíumálshefðar.

Þetta er Biblía 21. aldarinnar.



HÖRÐ SPJÖLD
SVART UNNIÐ SKINN
ÞRÍR LESBORÐAR / 14 x 21 CM
ISBN 978-9979-798-79-8



Snið Biblíunnar er gyllt,
einn, tveir eða þrír lesborðar.



HÖRÐ SPJÖLD
RAUTT FLAUEL
TVEIR LESBORÐAR / 14 x 21 CM
ISBN 978-9979-798-78-1



MJÚK SPJÖLD
SVÖRT LEÐURÁFERÐ
EINN LESBORÐI / 12 x 18 CM
ISBN 978-9979-798-81-1



MJÚK SPJÖLD
RAUTT UNNIÐ SKINN
EINN LESBORÐI / 12 x 18 CM
ISBN 978-9979-798-80-4



MJÚK SPJÖLD
HVÍT LEÐURÁFERÐ
EINN LESBORÐI / 12 x 18 CM
ISBN 978-9979-798-82-8

*Nýja Biblían er prentuð í tveimur litum.
Hún inniheldur tímatal, litprentuð kort á átta blaðsíðum,
orðaskýringar og mikilvæga ritningarstaði. Bókin er 1872 blaðsíður.*

Stuðlið heldur áfram

Dagskrá Iceland Airwaves-hátíðarinnar hófst af fullum krafti á fimmtudagskvöld. Trausti Júlíusson og Steinhólmur Helgi Arnsteinsson tóku púlsinn á stemningunni.



FRÁBÆRIR Færeyingarnir í Boys in a Band voru hreint út sagt frábærir á tónleikum sínum á Lídó á fimmtudagskvöldið. Flippaðir, skemmtilegir og frábærir sviðsmenn.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Þar sem dagskrá Moshi Moshikvöldsins á Nasa á fimmtudaginn leit stórvél út ákvað ég að vera allt kvöldið á sama staðnum. Fyrsta sveit á sviði var Sheffield-dúó Slow Club. Þau syngja bæði en hann spilar á gítar og hún á trommur. Tónlist þeirra var glædlegt samblend af þjóðlagapoppi, kántrí og rokkabilí. Ekki slæmt. Eftir að Best Fwends voru búnir að trylla lýðinn með sprelli var komið að eina íslenska atriðinu á dagskránni. Retro Stefson er um margt glæsileg sveit. Á sviðinu voru nú snyrtileg ungmennti sem sungu og spiluðu vandað og fjölbreytt popp sem sækir meðal annars áhrif í 60's popp, djassfönk, ska og bossa nova. Övenjuleg og áhugaverð sveit sem olli mér samt smá vonbrigðum. Hljómurinn hjá þeim var ekki alveg að gera sig og lögin voru misgóð. Þau bestu þó frábær. Retro Stefson er ennþá fyrst og fremst efnileg, en þau hafa nógan tíma.

Næst var það svo fransk-breska sveitin The Teenagers. MySpace og lagið Homecoming vakti athygli á þeim. Á sviði eru gítarleikari, bassaleikari og söngvari, en hljómurinn er taktar á bandi. Hratt, en melódískt dansrokk. Á eftir þeim var komið að Friendly Fires.

Annað dansrokk band skipað söngvara, gítarleikara, bassaleikara og trommara. Mjög þétt og kraftmikil sveit sem náði upp gríðarlegri stemningu, en það truflar mann svolítið hvað þeir minna mikið á The Rapture. Loka-bandíð var svo neu-rave bandið Late Of The Pier sem er að slá í gegn þessa dagana með smáskífunni Bathroom Gurgle. Fint band með sinn eigin stíl sem einkennist m.a. af hamförum á beatboxið og tíðum kaflaskiptum. Skemmtilegt kvöld eins og við var að búast frá Moshi. Dansvænt og stuðvekjandi.

Hápunktur Trausta: Late Of The Pier.

Hóf kvöldið á vænni danssveiflu á Nasa þar sem Slow Club og Best Fwends spiluðu. Slow Club var frábær en Best Fwends helst til of flippaðir. Einum af mikið að vera kúl frekar en að halda almennilega tónleika. Færeyska hljóm-sveitin Boys in a Band náði að vera allt sem Best Fwends reyndu að vera en tókst ekki; kúl, flippaðir, skemmtilegir og frábærir á sviði. Piltarnir léku við hvurn sinn fingur og hægt var að tjúta vel og innilega á hinum ágæta stað Lídó. Því næst var haldið á Organ þar sem Kimono var að hefja upp raust sína. Ég hef alltaf haft mikið dálæti á þeirri sveit sem minnkaði ekki á þessum tónleikum. Nýr bassaleikari, Árni Hjörvar úr Future Future, er kominn í sveitina og smellur inn í hana eins og flís við rass. Toppframmistaða hjá Kimono.

Mesti spenningur kvöldsins var líklegast fyrir tónleika Grizzly



BEST FWENDS Eyddu óf miklum tíma í að reyna að vera kúl í stað þess að halda góða tónleika.

Bear á Listasafninu en því miður varð ég fyrir nokkrum vonbrigðum. Kannski hafði ég gert of miklar væntingar. Sveitin náði ekki að halda athygli minni allan tímann og það var helst trommu-leikarinn sem náði að heilla mig. Ég dreif mig því yfir á Lídó þar sem ég náði í rassgatið á Ben Frost sem hélt veislu fyrir bæði augu og eyru með sex gítarleikurum uppi á sviði. Sam Amidon fylgdi í kjölfarið en hann og Ben Frost eru báðir hjá hinu íslenskættaða plötu-fyrirtæki Bedroom Community. Sam náði algjörlega að heilla mig og aðra viðstadda upp úr skónum með lostafullum tónum sínum og angurværri rödd. Með í för var líka fjöldinn allur af hljóðfæra-leikurum; strengir, blásarar og hvaðeina, sem gáfu tónlist Sam enn meiri dýpt. Magnaður endir á fínu kvöldi.

Hápunktar Steinþórs: Boys in a Band og Sam Amidon.

Airwaves í kvöld

Tónlistarsérfræðingar Fréttablaðsins mæla með eftirfarandi tónleikum á Airwaves í kvöld:

- !!!
- Amiina
- Johnny Sexual
- Ms John Soda
- Seabear
- Bonde do Role
- Jónas Sigurðsson
- Hjaltalín
- Annuals
- FM Belfast

Nánari upplýsingar um dagskrá má finna á icelandairwaves.is.

NÝTT Í BÍÓ!

Las Vegas er horfin... Jordin er næsti. **RESIDENT EVIL EXTINCTION** 16

Mögnuð heimildarmynd, sem segir orlagasögu dregjanna, sem vístaðir voru á Breiðavík á árunum 1982-1973. Hvaða hræðilegu atburði upplifðu dregirnir og hvernig unnu þeir úr þeim? **SYNDIR FEDRANNA** 12

Þriðji hlutinn í Framtíðartrýllinum með Millu Jovovich í toppformi! For þétt á toppinn í USA! **LUXUS** 12

Bölvun eða blessun? **Good Luck Chuck** 14

Frá meistara Rob Zombie kemur ein svakalegasta mynd ársins! **HALLOWEEN** 16

Sló gegn íbandaríkjnum og fór beint á toppinn. **THE KINGDOM** 14

Besta myndin... **VEDRAMÓT** 12

ATH: EKKERT HLÉ OG MIÐASÓLU LYKUR ÞEGAR SÝNING MYNDAR HEFST **græna ljósto**

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000	REGNBÖGINN Sími 551 9000
THE HEARTBREAK KID kl. 3-5:30-8-10:30 12	RESIDENT EVIL 3 kl. 5:50-8-10:10 16
THE HEARTBREAK KID LUXUS kl. 3-5:30-8-10:30 12	4 MONTHS ENSKUR TEXTI kl. 3-5:40-8-10:15 12
RESIDENT EVIL 3 kl. 5:50-8-10:10 16	EDGE OF HEAVEN ENSKUR TEXTI kl. 3-5:40-8 12
GOOD LUCK CHUCK kl. 3:45-5:50-8-10:10 14	ALEXANDRA ENSKUR TEXTI kl. 3-6 16
SUPERBAD kl. 3-5:30-8-10:30 12	HALLOWEEN kl. 8-10:30 14
HÁKARLABEITA 600 KR. kl. 1:30-4 16	SHOOT EM UP kl. 10:20 16
BRETTIN UPP! ISL. TAL. kl. 2 12	HAIRSPRAY kl. 3 16
THE SIMPSONS MOVIE ISL. TAL. kl. 1:30 300 kr. Sö. sýningar	
450 kr. í bíó!	450 kr. í bíó!
SYNDIR FEDRANNA kl. 4-6-8-10 12	THE HEARTBREAK KID kl. 4-8-10:10 12
GOOD LUCK CHUCK kl. 3:20-8-10:20 16	GOOD LUCK CHUCK kl. 6-8 14
THE KINGDOM kl. 5:40-8 14	THE KINGDOM kl. 6-10 16
HEIMA - SIGURRÓS kl. 4-6-10:20 14	HÁKARLABEITA kl. 4 16
VEDRAMÓT kl. 3:20-5:40-8-10:20	

SAMBÍÓ www.SAMBio.is 4575 8900 **mid.is**

HEARTBREAK KID

STARDUST

THE BRAVE ONE

THE BRAVE ONE

HEARTBRAKE KID kl. 3-5:30-8-10:30 12	STARDUST kl. 2-5-8-10:20 10
HEARTBRAKE KID kl. 8-10:30 VIP	RATATOUILLE - ISL. TAL. kl. 2 L
THE BRAVE ONE kl. 8-10:30 16	BRATZ - THE MOVIE kl. 4 L
STARDUST DIGITAL kl. 12:30D-3D-5:30D-8-10:30 10	ASTRÓPIÁ kl. 6 L
STARDUST kl. 12:30-3-5:30 VIP	THE BRAVE ONE kl. 8-10:20 12
NO RESERVATIONS kl. 5:30-8 L	KEFLAVÍK
CHUCK AND LARRY kl. 8-10:30 12	THE HEARTBREAK KID kl. 5-8-10:20 12
SUPERBAD kl. 10:30 12	GOOD LUCK CHUCK kl. 8 12
BRATZ kl. 12:30-3 L	NO RESERVATION kl. 10 L
ASTRÓPIÁ kl. 1-3-5:30 L	STARDUST kl. 2 10
RATATOUILLE M/ISL. TAL. kl. 12:30-3-5:30 L	VEDRAMÓT kl. 5:40 16
SHREK 3 M/ISL. TAL. kl. 1 L	HÁKARLABEITA M/ISL. TAL. kl. 2-3:50 L
KRINGLUNNI	SELFOSSI
IN THE LAND OF WOMEN kl. 3:40-5:50-8-10:20 L	STARDUST kl. 3-5:30-8 10
THE KINGDOM kl. 8-10:20 10	SUPERBAD kl. 8-10:20 12
THE BRAVE ONE DIGITAL kl. 5:40D-8D-10:20D 16	BRATZ kl. 3:40 L
STARDUST DIGITAL kl. 2D-5D 10	HAIRSPRAY kl. 5:50 L
ASTRÓPIÁ kl. 1:30-3:40 L	3:10 TO YUMA kl. 10:30 16
RATATOUILLE M/ISL. TAL. kl. 1:30D DIGITAL L	SHARK BATE M/ISL. TAL. kl. 1:30 L
	RATATOUILLE M/ISL. TAL. kl. 1:30 L

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

FRÁBÆR GEFNAND

THE KINGDOM

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með randú!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE HEARTBREAK KID kl. 2, 5:40, 8 og 10:20 12
THE KINGDOM kl. 5:40, 8 og 10:20 16
3:10 TO YUMA kl. 5:30, 8 og 10:30 16
HÁKARLABEITA ISL. TAL. kl. 2 og 4 (600 kr.) L
BRETTIN UPP! ISL. TAL. kl. 4 L
HAIRSPRAY kl. 1.45 L

www.laugarabio.is - Miðasala á mid.is

Sími: 553 2075 **BÍÓ** - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ATH. SYND KL. 2

Hákarlabeita Shark Bait

ATH. SYND KL. 1.45

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

450 **450** **450** **450** **450**

kl. 3:20 í Háskólabíó kl. 3 í Regnbogunum kl. 1:30 í Smárbíó kl. 3 í Regnbogunum kl. 3 í Regnbogunum kl. 3 í Regnbogunum

SMÁRRÁ BÍÓ Adeins 450 kr. **REGNBÖGINN** Adeins 450 kr.

SparBíó 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

www.SAMBio.is

STARDUST ER MÖGNÐ EYNTÍFRAMND STÚTFULL AF GÖLDURM HÍMOR OG HASAR.

HEARTBREAK KID KL. 3 Í ÁLFABAKKA

STARDUST KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA OG 2 Á AKUREYRI OG Í KEFLAVÍK

BRATZ KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA OG 4 Á AKUREYRI

SHREK 3 M. ISL. TALI KL. 1 Í ÁLFABAKKA

RATATOUILLE M. ISL. TALI KL. 12:30 Í ÁLFABAKKA, 2 Á AKUREYRI OG 1:30 Á SELFOSSI

Fer ekki í neonlituð gangsteraföt

Á MySpace-síðu hljómsveitarinnar Steed Lord er að finna lagið Bucket of Blood en það er bæði samið og sungið af Krumma í Mínus. Söngkona Steed Lord, Svava Björgvinsdóttir, er sem kunnugt er systir Krumma. „Ég og Einar [Egilsson] sömdum lagið saman. Ég samdi textann og laglínuna og hann sá um restina,“ segir Krummi og bætir því við að lagið sé í raun ekki ólíkt því sem hann hefur samið áður. „Þetta er bara rokklag með „tölvubíti“. Það eru kannski viss hljóð í þessu sem menn eiga ekki að venjast hjá Mínus en krafturinn og pönkið er bara svo mikið í tölvutónlist í dag.“

Krummi segist auk þess hafa sungið lög í svipuðum dúr áður. „Ég hef sungið með Gus Gus og öðrum hljómsveitum þótt fjölmiðlar hafi ekki endilega frétt af því. Ég byrjaði meira að segja að hlusta á danstónlist áður en ég fór að hlusta á rokk. Þessi músík hefur alltaf verið nálægt mínu hjarta og það



SPILA Á AIRWAVES Krummi kemur fram með Steed Lord á Gauknum í kvöld en sveitin er þekkt fyrir áberandi klæðaburð. „Ég fer ekki eftir þeirra „dresskóði“ og verð í mínum eigin fötum,“ segir Krummi.

er gaman að fá að reyna sig með Steed Lord.“

Steed Lord verður á Iceland Airwaves-

tónlistarhátíðinni á Gauknum kvöld. Krummi kemur fram með sveitinni en segist ekki ætla í glimmergalla í tilefni af því. „Ég fer ekki eftir þeirra „dresskóði“ og verð í mínum eigin fötum. Ég klæði mig ekki í svona neonlituð gangsteraföt. Þau eru flott en ekki minn still. Ég held að enginn geti verið eins flottur og þau í þessum dressum. Maður á ekki einu sinni að vera að reyna það!“

- sók

SAMDI LAG FYRIR STEED LORD Krummi í Mínus samdi lag fyrir hljómsveitina Steed Lord en segir það ekki ólíkt því sem hann hefur gert áður. „Krafturinn og pönkið er bara svo mikið í tölvutónlist í dag.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRÉTTIR AF FÓLKI

Mischa Barton, sem öðlaðist frægð og frama sem Marissa í táníngapáttunum O.C., hefur tekið að sér hlutverk rússneskrar samkynhneigðar táningsstúlku. Barton mun leika Lönu í kvikmyndinni Finding t.A.T.u., sem fjallar um tvær stúlkur sem verða ástfangnar á tónleikum með rússnesku hljómsveitinni t.A.T.u. Sveitina skipa tvær rússneskar stúlkur sem vöktu heimsathygli með laginu All The Things She Said árið 2003. Í myndbandinu sáust þær kyssast, en síðar kom í ljós að þær höfðu einungis þótt eiga í samkynhneigðu sambandi til að yta undir blaðumfjöllun.



Eddie Murphy mun ganga í það heilaga með unnustu sinni, **Tracey Edmonds**, á þessu ári. „Það gerist fyrir lok árs á einhverjum stað sem er langt í burtu og skemmtilegur. Þetta verða bara nánir vinir og fjölskylda en mjög rómantískt,“ segir unnustan í viðtali við People. Murphy tilkynnti að hann ætti í sambandi við Edmonds í október á síðasta ári, þegar kryddstúlkun **Mel B** var komin fimm mánuði á leið með barn hans. Hann bað Edmonds í júlí á þessu ári.

Fleiri stjörnur eru í fjölskylduhugleiðingum, því samkvæmt heimildarmanni National Enquirer vill **Matthew McConaughey** óður og uppvægur eignast barn með unnustu sinni, **Camilla Alves**. Leikarinn er víst yfir sig ánægður með Alves, sem er 24 ára gömul fyrirseta frá Brasilíu. „Matthew er svo ástfanginn og hefur talað um líkamsklukkuna og hversu mikið hann langar að stofna fjölskyldu undir eins,“ segir heimildarmaðurinn.



Fjölskylda **Tom Cruise** og **Katie Holmes** er aðeins frábrugðin flestum öðrum. Scientology, eða vísindakirkjan, ku hafa þá stefnu að foreldrar eigi að vera vinir barnanna sinna. Samkvæmt vini hjónanna eiga þau því erfitt með að segja nei við dóttur sína, **Suri**. „Tom og Katie eru ekki setja henni of margar reglur. Suri gerir eiginlega það sem hún vill, þegar hún vill það. Ef hún vill ekki fara að sofa, leyfa þau henni að vaka. Ef þau vilja að hún fari í sund og hún grætur hætta þau við. Ef hún kvartar yfir mat spyrja þau hvað hún vilji annað borða,“ segir vinurinn.



Örlagasaga Breiðavíkurdrengja

Mögnuð heimildarmynd, sem segir örlagasögu drengjanna, sem vistaðir voru á Breiðavík á árunum 1952-1973.

Hvada hræðilegu atburði upplifðu drengirnir og hvernig unnu þeir úr þeim?

Mynd sem kemur á óvart og snertir okkur öll Missið ekki af sögunni allri!

SYNDIR FÉÐRANNA

„Með margföldum og stundum misvisandi hætti brjótast fram í „Syndum feðranna“ einstæðar afhjúpanir og atburðarásir sem varða alla þjóðina, dulda sögu hennar, naprar hefðir og falska sjálfsmynd“

Ólafur H. Torfason, Rás 2

„Erfitt efni sem farið er með af virðingu“

Sigríður Pétursdóttir, Morgunvaktin á Rás 1

12

HÁSKÓLABÍÓ

> Verður Brann meistari?

Brann getur orðið meistari í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta í dag, en með liðinu leika íslensku landsliðsmennirnir Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason. Brann er í góðri stöðu í deildinni þegar þrjár umferðir eru eftir og situr á toppi deildarinnar með 9 stigum forskot á Stabæk, lið Veigars Páls Gunnarssonar. Nægir Brann því jafntefli í leik sínum gegn Álasundi í dag. Staða Brann þykir til stórtíðinda í Noregi og þá sérstaklega í heimabæ liðsins, Bergen, en liðið varð síðast meistari árið 1963.



sport
sport@frettabla-

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA: BJÖRGVIN HÓLMGEIRSSON OG MAGNÚS STEFÁNSSON NÝLIÐARNIR Í HÓPNUM

Valið kom þeim báðum skemmtilega á óvart

Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari í handbolta, tilkynnti í gær leikmannahópinn sem mætir Ungverjum í tveimur leikjum hér á landi eftir vikutíma. Alfreð heldur áfram að gefa ungunum og efnilegum leikmönnum tækifæri og að þessu sinni koma inn í hópinn tveir nýliðar - Björgvin Hólmgeirsson, frá Stjórnumni, og Magnús Stefánsson, frá Akureyri.

„Þetta er alveg frábært en maður verður að halda sér á jörðinni. Ég fékk áfall þegar ég frétti af þessu en það hefði verið skemmtilegra að hafa Einar bróðir í hópnum,“ sagði Björgvin en bróðir hans Einar er frá vegna meiðsla. Björgvin, sem er tvítugur að aldri, var valinn efnilegasti leikmaður íslensku deildarinnar í fyrra er hann lék með ÍR. Hann söðlaði um síðastliðið sumar og fór í Stjórnumna þar sem hann hefur verið að standa sig mjög vel.

„Ég hef alltaf stefnt hátt og þetta val er skref í rétta átt. Það eru forföll í hópnum og því fær maður tækifæri. Það er samt gaman

að það sé líka tekið eftir okkur sem spilum hérna heima. Ég ætla að njóta þess að æfa með þessum köllum. Ég er ekkert hræddur við þá heldur frekar spenntur,“ sagði Björgvin.

Magnús Stefánsson hefur farið ágætlega af stað í liði Akureyrar í vetur en þar fer einn af stóru mönnum sem landsliðsþjálfarinn hefur verið að lýsa eftir.

„Ég var frekar hissa þegar ég frétti af valinu, ég verð að viðurkenna það en ég lít á þetta sem góða gulrót. Nú verður maður að halda áfram að standa sig vel,“ sagði Akureyringurinn Magnús sem bíður spenntur eftir því að komast á æfingar.

„Það verður fjör að æfa með þeim, þetta eru léttir og skemmtilegir strákar. Svo er vonandi að maður fái að spila eitthvað. Það væri ekki verra. Ég hef nú náð einu af mínum markmiðum og nú þarf ég að setja mér ný markmið,“ sagði Magnús.



ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta:

HK-Fram 26-24 (14-12)

Mörk HK (skot): Augustas Strazdas 7 (10), Ragnar Hjatested 4 (6), Tomas Etutis 4 (8), Gunnar Steinn Jónsson 3/1 (6/1), Ólafur Bjarki Ragnarsson 3 (8), Sergei Petraytis 2 (2), Arnar Þór Sæþórsson 2 (3/1), Brynjar Hreggviðsson 1 (2).

Varin skot: Egidijus Petkevicius 21 (45/2 47%).

Hraðauppflaup: 1 (Arnar Þór).

Fiskuð viti: 3 (Arnar Þór 2, Strazdas).

Utan vallar: 2 mínútur.

Mörk Fram (skot): Jóhann Gunnar Jóhannsson 6/2 (13/2), Filip Kliszczyc 5 (8), Daniel Berg Grétarsson 5 (11), Stefán Baldvín Stefánsson 3 (5), Einar Ingi Hrafnsson 2 (3), Haraldur Þorvarðsson 1 (1), Hjörtur Hinriksson 1 (3), Guðjón Finnur Drengsson 1 (3).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 16/2 (42/3 38%).

Hraðauppflaup: 3 (Stefán Baldvín 2, Daniel Berg).

Fiskuð viti: 2 (Daniel Berg 2).

Utan vallar: 4 mínútur.

Afturelding-Haukar 24-30 (12-15)

Mörk Aftureldingar (skot): Davíð Ágústsson 4 (6/1), Davíð Jónsson 4 (7), Hilmar Stefánsson 3 (4/1), Magnús Einarsson 3 (7), Jóhann Jóhannsson 2 (2), Hrafn Ingvásson 2 (4), Einar Örn Guðmundsson 2 (8), Reynir Árnason 1 (1), Jón Andri Helgason 1 (2), Alexander Popov 1 (3), Haukur Sigurvinsson 1 (5).

Varin skot: Davíð Svansson 18/1 (48/3) 37,5%.

Hraðauppflaup: 6 (Hilmar, Reynir, Haukur, Jóhann, Jón, Magnús).

Fiskuð viti: 2 (Davíð, Magnús).

Utan vallar: 2 mínútur.

Mörk Hauka: Arnar Jón Agnarsson 7 (11), Andri Stefan 5 (8), Frey Brynjarsson 4 (7), Jón Karl Björnsson 3 (7/2), Þróstur Þráinsson 2 (2), Sigurbergur Sveinsson 2 (3), Halldór Ingólfsson 2/1 (4/2), Gísli Jón Þórisson 2 (4), Arnar Pétursson 1 (2), Pétur Pálsson 1 (3), Gunnar Berg Víktorsson 2 (2).

Varin skot: Magnús Sigmundsson 12 (33) 36,4%.

Gísli Guðmundsson 4/1 (7/1) 57,1%.

Hraðauppflaup: 9 (Freyr 3, Þróstur 2, Andri, Arnar, Jón Karl, Gísli).

Fiskuð viti: 4 (Þróstur, Andri, Pétur, Gísli).

Utan vallar: 4 mínútur.

Iceland Express-deild karla:

Snæfell-Keflavík 109-113 (99-99)

Fjölínir-Stjarnan 85-75

Stig Fjölnis: Nemanja Sovic 20 (10 fráköst, 5 varin), Karlton Mims 18 (13 stoðs., 5 stolnir), Kristinn Jónasson 17 (13 fráköst, 4 stoðs.), Darko Pavlovic 14, Niels Páll Dunga 9, Tryggvi Pálsson 5, Brynjar Þór Kristófersson 2.

Stig Stjórnumnar: Kjartan Atli Kjartansson 15, Dimitar Karadzovski 14, Eiríkur Þór Sigurðsson 11, Mohammed Taci 11, Sævar Ingi Haraldsson 10, Steven Thomas 9, Guðjón Lársson 3, Fannar Freyr Helgason 2 (11 fráköst).

Handboltalandslið kvenna:

Ísland-Japan 24-31

Mörk Íslands: Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 5, Anna Sif Pálsdóttir 4, Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Dagný Skúladóttir 3, Rut Jónsdóttir 3, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 3, Eva Margrét Kristinsdóttir 2, Ragnhildur Guðmundsdóttir 1.

Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 10, Íris Björk Simonardóttir 10.

HK var hunggraðra í sigur

HK vann 26-24 sigur á Fram í toppslag N1-deildar karla í handbolta í gær og Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, sagði að HK hefði verið hunggraðra.

HANDBOLTI HK vann Fram 26-24 í fyrsta leik 6. umferðar N1-deildar karla í gærkvöld og er því komið upp að hlið Fram og Hauka á toppi deildarinnar með 9 stigum. Þetta var fyrsta tap Fram á tímabilinu.

Heimamenn í HK byrjuðu af krafti og skoruðu fyrstu fjögur mörk leiksins, en Framarar virkuðu þungir og ekki til margs líklegir. Þegar stundarfjórðungur var liðinn af leiknum var enn fjögurra marka munur á liðunum, 8-4, en þá tóku Framarar loks við sér og náðu að minnka muninn niður í eitt mark 11-10. Staðan var orðin 14-12 þegar flautað var til hálfleiks og var forysta HK ekki síst Egidijus Petkevicius, markverði liðsins, að þakka sem varði alls 14 skot í fyrri hálfleik.

Í síðari hálfleik byrjaði Fram betur og komst snemma yfir í fyrsta skipti í leiknum, 14-15, en eftir það skiptust liðin á að hafa forystu. Staðan var jöfn 19-19 þegar um stundarfjórðungur lifði leiks og þá tók við tíu mínútna kafli þar sem varnarleikurinn og markvarslan voru í fyrirrúmi og hvort lið skoraði einungis tvö mörk.

Lokamínútur leiksins voru gríðarlega spennandi en þar voru það HK-menn sem sýndu mikinn styrk og höfðu betur og lokatölur urðu 26-24 í hörkuleik.

Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK, var að vonum sáttur í leikslök. „Þetta var kannski ekki fallegur sóknarleikur hjá báðum liðum en á móti kemur að varnarleikurinn var góður og markvarslan að sama skapi góð. Það var mikið undir í þessum leik og þetta var í raun algjör lykilleikur fyrir toppbaráttuna í deildinni,“ sagði Gunnar og hrósaði hungriinu sem



FRÁBÆR Augustas Strazdas var í lykhillutverki að venju hjá HK og skoraði 7 mörk úr 10 skotum í gær.

hans menn sýndu í leiknum. „Við komum virkilega vel undirbúnir fyrir leikinn og byrjuðum strax í upphafi af miklum krafti. Við sýndum það í verki að við vorum klárir í verkefnið og vorum verðlaunaðir með sigri gegn feikisterku Framliði,“ sagði Gunnar og spáir mikilli spennu í deildinni á ári. „Þetta eru það jöfn lið í deildinni að það er í raun dagsformið sem gildir og ég held að við viljum sigurinn meira en þeir,“ sagði Gunnar sigurreifur í leikslök.

Hjá HK var Augustas Strazdas atkvæðamestur með 7 mörk, Tomas Etutis og Ragnar Hjatested skoruðu 4 mörk hvor og í markinu varði Egidijus Petkevicius 21 skot.

Hjá Fram var Jóhann Gunnar Jóhannsson markahæstur með 6 mörk en Daniel Berg Grétarsson og Filip Kliszczyc skoruðu 5 mörk hvor. Björgvin Páll Gústavsson markvörður varði 16 skot.

omar@frettabladid.is

Frábær varnarleikur tryggði Haukum 30-24 sigur á Aftureldingu í gærkvöld:

Þrjú lið efst og jöfn á toppnum

HANDBOLTI Haukar gerðu góða ferð í Mosfellsbæinn í N1-deild karla í gærkvöld. Frábær varnarleikur skóp öruggan sigur Hauka á Aftureldingu, 30-24, í miklum baráttuleik. Eftir leikinn eru því þrjú lið efst og jöfn á toppi deildarinnar því Haukar hafa nú stig alveg eins og lið Fram og HK.

Leikurinn var í jánnum fyrstu 15 mínútur leiksins en þegar staðan var 9-8 heimamönnum í vil settu Haukar í lás. Afturelding skoraði aðeins átta mörk næstu 30 mínúturnar á meðan Haukar skoruðu 14 mörk, mörg þeirra úr hraðauppflaupum. Afturelding náði aldrei að ógna forystu Hauka eftir það þrátt fyrir mikla baráttu og öfluga 3-3 vörn síðustu 15 mínútur leiksins.

Með mikilli þolinmæði fundu Haukar alltaf glufur á vörn Aftureldingar auk þess sem Arnar Jón Agnarsson skoraði hvert glæsimarkmið af fætur öðru á lokasprenntinum með þrumuskotum.



LOK, LOK OG LÆS Alexander Popov komst lítt áleiðis gegn sterkri Haukavörn í gærkvöld.

„Við vorum ákveðnir í að spila hörkuvörn eftir að hafa tapað leiknum á móti Stjórnumni á vörninni,“ sagði Arnar Jón að leik loknum. „Aftureldingarliðið er

mjög sterkt og við vorum ákveðnir í að vanmeta það ekki. Þeir eru vel spilandir og með mjög efnilegan markvörð sem er einn sá besti í deildinni. Það er erfitt að koma hingað en að sama skapi má ekki tapa stigum hér ætli liðið að vera í titilbaráttunni.“

Haukar skoruðu mörg mörk úr hraðauppflaupum í leiknum sem var það sem skildi á milli í leikslök. Arnar tók undir það. „Vörnin var sterk og þá fylgdi markvarslan og hraðauppflaupin. Við náum líka að spila á miklum hraða allan leikinn því við erum með mikla breidd og getum skipt ört. Á meðan hæðist á leik þeirra er leið á leikinn og þá náðum við tökum á þessu.“

Aðspurður út í formið á sjálfum sér sagði Arnar Jón að hann væri allur að koma til. „Ég hef verið mjög lélegur þannig að þetta hlaut að koma. Ég stefni að því að bæta mig með hverjum leik.“

- gmi

Handboltalandsliðið:

Garcia snýr aftur í hópinn

HANDBOLTI Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari valdi í gær leikmannahópinn sem mætir Ungverjum í tveimur vináttuleikjum næstkomandi föstudag og laugardag.

Tveir nýliðar eru í hópnum en víðtal má sjá við þá hér að ofan. Þess utan verður helst athygli að Jalesky Garcia Padron er kominn aftur í hópinn eftir tveggja ára fjarveru.

- hbq

HÓPURINN

Markverðir:

Birkir Ívar Guðmundsson Lubecke

Björgvin Páll Gústavsson Fram

Hreiðar Guðmundsson Savehof

Aðrir leikmenn:

Andri Stefan Haukar

Alexander Petersson Flensburg

Arnór Atlason FCK

Ásgeir Örn Hallgrímsson GOG

Baldvín Þorsteinsson Valur

Bjarni Fritzon St. Raphael

Björgvin Hólmgeirsson Stjarnan

Hannes Jón Jónsson Fredericia

Heimir Örn Árnason Stjarnan

Jalesky Garcia Padron Göppingen

Jóhann Gunnar Einarsson Fram

Magnús Stefánsson Akureyri

Ólafur Stefánsson Ciudad Real

Róbert Gunnarsson Gummersbach

Sigfríður Sigurðsson Ademar Leon

Snorri Steinn Guðjónsson GOG

Sverre Jakobsson Gummersbach

Vignir Svavarsson Skjern



INN AF BEKKNUM Nemanja Sovic kom sterkur inn af bekknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express-deild:

Frábær þriðji leikhloti

KÖRFUBOLTI Fjölnismenn unnu 85-75 sigur á Stjórnumni í gær í annari umferð Iceland Express-deildar karla. Á sama tíma unnu Keflvíkingar 109-113 sigur á Snæfelli í framlengdum leik í Stykkishólmi.

Keflvíkingar hafa unnið báða leiki sína eins og nágrannar þeirra í Njarðvík en Snæfell er enn án stiga. Fjölnismenn unnu þarna sinn fyrsta sigur og komu í feg fyrir að Stjarnan væri með fullt hús eins og Reykjanesbæjarliðin.

Fjölnisliðið gerði út um leikinn með frábærum þriðja leikhlotu sem liðið vann 30-9. Kristinn Jónasson skoraði 12 af 17 stigum sínum í leikhlotunum og var besti leikmaður Fjölnis ásamt þeim Nemanja Sovic sem kom með 20 stig og 10 fráköst af bekknum og Karlton Mims sem var með 13 stoðsendingar auk 18 stiga. Hjá Stjórnumni stóð Kjartan Atli Kjartansson upp úr með fimm þrista og 15 stig.

- 66j

N1 N1 DEILD KARLA

Laugardagur 20. okt.

KA heimilið kl. 13.30
Akureyri - Stjarnan

Vodafone höllin kl. 16.00
Valur - IBV




Á ÞRIÐJUDAG KL. 18:30

DYNAMO KYIV MAN. UTD.

MEISTARADEILDIN

STÓÐR LEIKIR



Á ÞRIÐJUDAG KL. 16:20
CSKA Moskva – Inter Sýn

Á ÞRIÐJUDAG KL. 18:30
Dynamo Kyiv – Man. Utd. Sýn
Arsenal – Slavia Prag Sýn Extra
Rangers – Barcelona Sýn Extra 2

Á MIÐVIKUDAG KL. 18:30
Besiktas – Liverpool Sýn
Chelsea – Schalke Sýn Extra
AC Milan – Shakhtar Sýn Extra 2

Upphitun hefst kl. 18:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins
kl. 20:40

ÓDÝRARA Á NETINU
Gakktu frá áskrift á Netinu
og fáðu 30% afslátt af
fyrsta mánuðinum.

SYN
besta sætið



MARKVÖRÐUR ÁRSINS Gunnleifur Gunnleifsson lék mjög vel í marki nýliða HK í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Helgi og René jafnir í efsta sætinu

Helgi Sigurðsson og René Carlsen, leikmenn Íslandsmeistara Vals, voru efstir og jafnir samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins í Landsbankadeild karla. Fréttablaðið gerir í dag upp frammistöðu leikmanna í ár.

FÓTBOLTI Þetta var ár Valsmanna í íslensku knattspyrnunni og það kemur vel fram í niðurstöðunum úr einkunnagjöf blaðamanna Fréttablaðsins sem gáfu mönnum einkunn fyrir alla níutíu leiki deildarinnar. Valsmenn eiga tvo bestu leikmenn sumarsins og alls níu leikmenn með þeirra 40 hæstu. Til þess að komast á listann þarf leikmaður að fá einkunn fyrir tvo þriðju mótsins eða í 12 leikjum eða fleiri.

Helgi Sigurðsson og René Carlsen spiluðu báðir mikilvægt hlutverk hjá Val í sókn þeirra að langþráðum Íslandsmeistarattitli og samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins voru þeir jafnir með hæstu meðaleinkunn allra leikmanna í Landsbankadeildinni í sumar.

Helgi Sigurðsson skoraði 12 mörk fyrir Val í sumar, átti þátt í undirbúningi sex til viðbótar og var drifjörðin í sóknarleik liðsins. Helgi fékk sjö eða herra í tíu af þeim 17 leikjum sem hann fékk einkunn fyrir og hæst fékk hann 9 fyrir 2-0 sigurleik Valsmanna gegn FH. Helgi var valinn maður leiksins í fimm leikjum.

Helgi var gríðarlega ánægður með sumarið og sér eðlilega ekki eftir ákvörðun sinni að fara yfir í Val frá Fram fyrir tímabilið. „Ég vissi það þegar ég ákvað að leika fyrir Val að ég var kominn í hóp góðra leikmanna og með mjög færan þjálfara þannig að það var allur grundvöllur til staðar fyrir mig til þess að ég gæti staðið mig vel. Ég komst með slálaus í gegnum undirbúningstímabilið og náði að æfa vel og við ákváðum snemma að við ætluðum að gera atlögu að titlinum og það tókst og við erum virkilega sáttir með það,“ sagði Helgi og hrósaði liðsfélögum sínum í Val í hástert.

Spurður út í René Carlsen sérstaklega, sem deilir efsta sætinu



FRÁBÆRT SUMAR Helgi Sigurðsson skoraði 12 mörk fyrir Val í sumar og varð meistari. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



TRAUTUR René Carlsen smellpassaði inn í Valsliðið og var lykilmáður í vörn sem sókn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

með Helga í einkunnagjöf Fréttablaðsins, var ekkert lát á svörum hjá honum. „Það var klárlega mikill fengur fyrir Valsmenn að fá hann til liðsins og hann stóð sig frábærlega vel, sérstaklega í stóru leikjunum. Hann er fljótur og sterkur líkamlega, er auk þess með fínar sendingar fram á völlinn og styrkir okkur mikið í sókninni. Það er bara vonandi að hann haldi áfram á sömu braut og spili áfram jafn vel á næsta ári,“ sagði Helgi.

René Carlsen lék mjög vel í vinstri bakvarðarstöðunni hjá

Valsmönnum og var auk þess að vera mjög traustur í vörninni lykilmáður í sóknaruppbyggingu liðsins sem og í mörgum föstum leikatriðum. René fékk sjö eða herra í 10 af þeim 14 leikjum sem hann einkunn fyrir og hæst fékk hann 9 fyrir 2-0 sigurleik Valsmanna gegn FH. René náði því aldrei að vera valinn maður leiksins.

René Carlsen sjálfur var heldur högværari á eigin frammistöðu sína í sumar og hrósaði Valsliðinu í heild sinni fyrir vel unnin störf.

„Ég spilaði ágætlega og ég held að deildin henti mínum leikstíl ágætlega. Ég fann það strax þegar ég kom til Vals að þetta væri sterkt lið og ég held að við verðum enn sterkari á næsta ári. Það komu margir nýir leikmenn fyrir tímabilið og ég held að ef við höldum sama mannskap þá eignum við eftir að geta gert sömu hluti og FH hefur gert síðustu árin,“ sagði René.

Spurður út í liðsfélaga sinn, Helga Sigurðsson, sagði René hann afar mikilvægur fyrir Valsliðið. „Hann er frábær markaskorari og notar reynslu sína af atvinnumennsku erlendis sér í vil inni á vellinum og það smitar út frá sér. Mér finnst það mjög mikilvægt fyrir íslenska knattspyrnu að leikmenn eins og hann, sem hafa verið í atvinnumennsku erlendis, snúi heim á leið og spili síðustu ár sín í boltanum á Íslandi,“ sagði René.

Hér á síðunni má sjá lista yfir frammistöðu leikmanna í sumar, samkvæmt einkunnagjöfunni, bæði heildarlistann og einnig er sundurliðað eftir leikstöðum og liðum.

ooj@frettabladid.is, omar@frettabladid.is

EINKUNNAGJÖF FRÉTTABLAÐSINS Í SUMAR

Hæsta meðaleinkunn leikmanna:

1. René Carlsen, Val	6,71
1. Helgi Sigurðsson, Val	6,71
3. Gunnleifur Gunnleifsson, HK	6,67
4. Dario Cingel, ÍA	6,60
5. Arnór Aðalsteinsson, Breiðabl.	6,59
5. Arnar Grétarsson, Breiðabliki	6,59
7. Freyr Bjarnason, FH	6,50
8. Atli Sveinn Þórarinnsson, Val	6,44
9. Bjarni Guðjónsson, ÍA	6,41
9. Tommy Nielsen, FH	6,41
9. Reynir Leósson, Fram	6,41
12. Kjartan Sturluson, Val	6,39
12. Gunnlaugur Jónsson, KR	6,39
15. Birkir Már Sævarsson, Val	6,35
16. Fjalar Þorgeirsson, Fylki	6,33
17. Prince Rajcomar, Breiðabliki	6,31
18. Alexander Steen, Fram	6,29
19. Daði Lárusson, FH	6,28
19. Kristján Valdimarsson, Fylki	6,28
21. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, FH	6,27
22. Tryggvi Guðmundsson, FH	6,24
22. Barry Smith, Val	6,24
24. Casper Jacobsen, Breiðabliki	6,23
25. Srdjan Gasic, Breiðabliki	6,22
26. Baldur Sigurðsson, Keflavík	6,20
27. Jónas G. Sævarsson, Keflavík	6,19
28. Páll Gísli Jónsson, ÍA	6,17
29. David Hannah, Fylki	6,11
29. Davíð Þór Viðarsson, FH	6,11
29. Guðmundur Sævarsson, FH	6,11
32. Guðmundur Benediktss., Val	6,06
33. Sverrir Garðarsson, FH	6,06
34. Guðjón Árni Antoníus., Kef.	6,06
34. Heimir Einarsson, ÍA	6,06
36. Grétar Sigurðarson, Víkingi	6,00
36. Pálmi Rafn Pálmason, Val	6,00
36. Árni Kr. Gunnarsson, Breiðab.	6,00
36. Baldur Aðalsteinsson, Val	6,00
36. Baldur Bett, Val	6,00

Fimm leikmenn sem stóðu sig vel en náðu ekki lágmarknum:

(leikir með einkunn innan sviga)	
Stefán Logi Magnússon, KR	7,00 (10)
Ingvar Þór Kale, Víkingi	6,57 (7)
Bjarni Halldórsson, Víkingi	6,56 (9)
Ómar Jóhannsson, Keflavík	6,36 (11)
Björn Bergmann Sigurð., ÍA	6,27 (11)
Kristinn Steindórss., Breiðab.	6,00 (8)

Bestu markmenn deildarinnar

3. Gunnleifur Gunnleifsson, HK	6,67
12. Kjartan Sturluson, Val	6,39
16. Fjalar Þorgeirsson, Fylki	6,33
19. Daði Lárusson, FH	6,28
24. Casper Jacobsen, Breiðabliki	6,23

Bestu varnarmenn deildarinnar

1. René Carlsen, Val	6,71
4. Dario Cingel, ÍA	6,60
5. Arnór Aðalsteinss. Breiðabliki	6,59
7. Freyr Bjarnason, FH	6,50
8. Atli Sveinn Þórarinnsson, Val	6,44

Bestu miðjumenn deildarinnar

5. Arnar Grétarsson, Breiðabliki	6,59
9. Bjarni Guðjónsson, ÍA	6,41
18. Alexander Steen, Fram	6,29
21. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, FH	6,27
26. Baldur Sigurðsson, Keflavík	6,20

Bestu framherjar deildarinnar

1. Helgi Sigurðsson, Valur	6,71
17. Prince Rajcomar, Breiðabliki	6,31
22. Tryggvi Guðmundsson, FH	6,24
32. Guðmundur Benediktss., Val	6,06
41. Jónas Grani Garðarss., Fram	5,94

Besti erlendi leikmaðurinn

1. René Carlsen, Val	6,71
4. Dario Cingel, ÍA	6,60
9. Tommy Nielsen, FH	6,41
17. Prince Rajcomar, Breiðabliki	6,31
18. Alexander Steen, Fram	6,29

Lægsta meðaleinkunn í sumar:

1. Skúli Jón Friðgeirsson, KR	4,25
2. Egill Atlason, Víkingi	4,57
2. Jón Björgvín Hermanns. Vík.	4,57
4. Þórður Birgisson, HK	4,58
5. Arnar Jón Sigurgeirss., Víkingi	4,67
6. Daði Guðmundsson, Fram	4,73
7. Pétur Hafliði Marteinsson, KR	4,87
7. Þorvaldur Sveinsson, Víkingi	4,87
9. Kristinn Magnússon, KR	4,92
9. Rúnar Páll Sigmundsson, HK	4,92



BESTIR Á MIÐJUNNI Blikinn Arnar Grétarsson og Skagamáðurinn Bjarni Guðjónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI BALDUR



STERKUR Það fór ekki margt fram hjá Dario Cingel í vörn Skagamanna. Hér er hann í leik gegn Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FLOTT SUMAR Stefán Logi Magnússon var með hæstu einkunn allra en lék bara 10 leiki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

EINKUNNAGJÖF FRÉTTABLAÐSINS Í SUMAR:

Hæsta meðaleinkunn liða:

1. Valur	6,10
2. Breiðablik	6,06
3. FH	6,04
4. ÍA	5,85
5. Keflavík	5,61
6. Fram	5,57
7. Fylkir	5,54
8. KR	5,27
9. Víkingur	5,25
10. HK	5,22

Besta frammistaða liða heima:

1. FH (3. sæti í heildina)	6,32
2. ÍA (4.)	5,93
3. Breiðablik (2.)	5,93
4. Valur (1.)	5,86
5. Fram (6.)	5,72
6. Keflavík (5.)	5,71
7. HK (10.)	5,59
8. Fylkir (7.)	5,52
9. Víkingur (9.)	5,36
10. KR (8.)	5,34

Besta frammistaða liða úti:

1. Valur (1. sæti í heildina)	6,34
2. Breiðablik (2.)	6,20
3. ÍA (4.)	5,78
4. FH (3.)	5,75
5. Fylkir (7.)	5,55
5. Keflavík (5.)	5,51
7. Fram (6.)	5,42
8. KR (8.)	5,21
9. Víkingur (9.)	5,13
10. HK (10.)	4,85

Besta frammistaða í fyrri umferð

1. FH (3. sæti í heildina)	6,11
2. Keflavík (5.)	6,07
3. Valur (1.)	6,00
4. Breiðablik (2.)	5,87
5. ÍA (4.)	5,70
6. Fram (6.)	5,48
7. Fylkir (7.)	5,31
8. HK (10.)	5,27
9. KR (8.)	5,18
10. Víkingur (9.)	5,09

Besta frammistaða í seinni umferð:

1. Breiðablik (2. sæti í heildina)	6,26
2. Valur (1.)	6,20
3. ÍA (4.)	6,01
4. FH (3.)	5,97
5. Fylkir (7.)	5,76
6. Fram (6.)	5,67
7. Víkingur (9.)	5,39
8. KR (8.)	5,37
9. HK (10.)	5,17
10. Keflavík (5.)	5,15



BESTU MENN LIÐANNA Í LANDBANKAÐEILDINN 2007:

Valur

1. René Carlsen	6,71
2. Helgi Sigurðsson	6,71
8. Atli Sveinn Þórarinnsson	6,44
12. Kjartan Sturluson	6,39
15. Birkir Már Sævarsson	6,35

FH

7. Freyr Bjarnason	6,50
9. Tommy Nielsen	6,41
19. Daði Lárusson	6,28
21. Ásgeir Gunnar Ásgeirsson	6,27
22. Tryggvi Guðmundsson	6,24

ÍA

4. Dario Cingel	6,60
9. Bjarni Guðjónsson	6,41
28. Páll Gísli Jónsson	6,17
34. Heimir Einarsson	6,06
43. Árni Thor Guðmundsson	5,94

Fylkir

16. Fjalar Þorgeirsson	6,33
19. Kristján Valdimarsson	6,28
29. David Hannah	6,11
70. Peter Gravesen	5,56
74. Andrés Már Jóhannesson	5,50

Breiðablik

5. Arnór Sveinn Aðalsteinsson	6,59
5. Arnar Grétarsson	6,59
17. Prince Rajcomar	6,31
24. Casper Jacobsen	6,23
25. Srdjan Gasic	6,22

Keflavík

26. Baldur Sigurðsson	6,20
27. Jónas Guðni Sævarsson	6,19
34. Guðjón Árni Antoníusson	6,06
55. Hallgrímur Jónsson	5,76
60. Símun Eiler Samuelsen	5,71

Fram

9. Reynir Leósson	6,41
18. Alexander Steen	6,29
41. Jónas Grani Garðarsson	5,94
46. Kristján Hauksón	5,92
49. Óðinn Árnason	5,88

KR

12. Gunnlaugur Jónsson	6,39
74. Guðmundur R. Gunnarsson	5,50
84. Grétar Ólafur Hjartarson	5,35
97. Björgólfur Takefusa	5,08
98. Rúnar Kristinsson	5,00

HK

3. Gunnleifur Gunnleifsson	6,67
55. Finnbogi Llorens Izaguirre	5,77
71. Ásgrímur Albertsson	5,56
86. Stefán Kári Eyjólfsson	5,42
85. Jón Þorgrímur Stefánsson	5,33

Víkingur

36. Grétar Sigurðarson	6,00
43. Sínisa Kekic	5,94
54. Hörður Bjarnason	5,77
86. Stefán Kári Sveinbjörnsson	5,31
94. Jökull í Elisabetarson	5,17

Á undan er sæti þeirra á heildarlista.

STARFSMENN Á PLANI ÁRITA PLAKÖT

Á SHELLSTÖÐINNI Á LAUGAVEGI MILLI 13 OG 14 Í DAG

- JÓN GNARR, PÉTUR OG JÖRUNDUR ÁRITA PLAKÖT
- NÆTURVAKTARTILBOÐ Á BENSÍNI
- STÖÐVAR 2 BLÖÐRUR

„Eigum við að ræða það eitthvað?“
- Ólafur Ragnar



**HEFST
KL. 13:00**



skemmtilegri

> Rachel Weisz

